# FRÉTTABLAÐIÐ

167. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 16. JÚLÍ 2016




# Tilraun til valdaráns í Tyrklandi

**Hluti tyrkneska hersins gerði tilraun til valdaráns í landinu í gærkvöldi. Fólk streymdi út á göturnar til þess að mótmæla valdaráninu eftir að forsetinn ávarpaði þjóðina í gegnum snjallsíma. Átök hófust í kjölfarið á milli fylkinga.** →6

NORDICPHOTOS/AFP

## Liberté Égalité Fraternité

→8



## Tvíburalukka á fæðingardeildinni

→2



## Uppgjör Lars Lagerbäck

→18

PLÚS 3 SÉRBLÖÐ ● ATVINNA ● FÓLK ● NAMMIDAGUR

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




Hæg austlæg eða breytileg átt í dag og skúrir á víð og dreif, en þokuloft eða súld fyrir austan. Fremur hlýtt veður, einkum vestan til. SJÁ SÍÐU 34



Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra leggur frumvarpið fram. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Kjararáð ákvarði laun fyrir mun færri

**KJARAMÁL** Í drögum að frumvarpi til nýrra laga um kjararáð er lagt til að fækkað verði verulega þeim sem kjararáð ákvarðar laun og önnur starfskjör fyrir enda hafi þróun síðustu ára verið í átt til óhóflegs fjölda þeirra sem falla undir ákvörðun ráðsins. Þetta kemur fram í tilkynningu frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

Lagt er til að kjör skrifstofustjóra í Stjórnarráði Íslands og sendiherra taki mið af kjarasamningum, að kjör aðstoðarmanna ráðherra taki mið af kjörum skrifstofustjóra og að kjör starfsmanna þjóðkirkjunnar ráðist af samningum innan þjóðkirkjunnar. Kjararáð ákvarði aftur á móti laun og starfskjör þjóðkjörinna manna, dómara, saksóknara, allra ráðherra, ráðuneytisstjóra og nokkurra skrifstofustjóra, seðlabankastjóra og aðstoðarseðlabankastjóra og ríkissáttasemjara.

Í drögunum er lagt til að þeir sem ekki geta samið um laun á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna hafi meiri aðkomu að málum þegar ákvarðanir eru teknar um laun og starfskjör þeirra en nú. **– sg**

» Ákvörðun kjara biskups, vígslubiskupa, prófasta og presta þjóðkirkjunnar mun ráðast af samningum innan þjóðkirkjunnar.

## Bjarga votlendi Bessastaða



Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, Sigrún Magnúsdóttir, umhverfis- og auðlindaráðherra, og Árni Bragason landgræðslustjóri mokuðu fyrstu skóflufyllirnar ofan í skurð við Bessastaði. Athöfnin fór fram við undirritun samstarfssamnings um endurheimt votlendis á Bessastaðanesi. Verkefnið er fyrsta skrefið í endurheimt votlendis hér á landi í samræmi við sóknaráætlun stjórnvalda í loftslagsmálum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Telja Pírata ekki munu kollvarpa stjórnkerfinu

**STJÓRNMÁL** Matsfyrirtækið Standard & Poor's býst ekki við meiriháttar stefnubreytingu hér á landi komist Píratar til valda eftir alþingiskosningar í haust. Þetta kemur fram í rökstuðningi fyrirtækisins fyrir óbreyttu lánshæfismati ríkissjóðs, BBB+/A-2 með stöðugum horfum. Raunar gerir fyrirtækið ráð fyrir því að stefnan verði í meginatriðum áþekk óháð því hvaða flokkar sitji í ríkisstjórn.

Þó segir fyrirtækið að það gæti reynst erfitt fyrir Pírata að mynda ríkisstjórn og stjórna landinu þar sem flokkurinn sé fámennur og eigi enn eftir að fullmóta stefnu í mörgum málum.

Fyrirtækið segir efnahagsaðstæður á Íslandi almennt góðar, búist sé við kröftugum hagvexti og betri hag ríkissjóðs. Engu að síður séu blikur á lofti vegna afnáms gjaldeyrishafta og hætta sé á að hagkerfið ofhitni. **–ih**

# Fernir tvíburar komu í heiminn á fimmtudag

**Nítján börn fæddust 14. júlí síðastliðinn á Landspítalanum. Það er næstum met. Fernir tvíburar fæddust. Ljósmóðir segir aukinn mannskap hafa verið kallaðan út enda þriðjungur starfsfólks í sumarfríi þessa dagana en allt hafi gengið vel.**

**SAMFÉLAG** „Þetta bjargaðist nú einhvern veginn eins og það gerir alltaf," segir Birna Gerður Jónsdóttir, yfirljósmóðir á Landspítala, en þann 14. júlí fæddust nítján börn og þar af fernir tvíburar á spítalanum.

„Við erum orðnar svo gamlar að við munum bara ekki alveg hvað metið var en þetta er allavega mjög nálægt því," segir Birna og hlær.

Á fimmtudaginn var sem sagt mikið annríki á fæðingardeildinni. Af tvíburapörunum fjórum fæddist þó einn tvíburi rétt eftir miðnætti á fimmtudeginum og er því fæddur þann 15. júlí.

„Það gerist ekki á hverjum degi að það fæðist fernir tvíburar," segir Birna Gerður og bætir við að meiri áhætta fylgi tvíburafæðingum. „Það auðveldaði okkur ekki fyrir að það var svona mikið af tvíburum enda koma fleiri fagaðilar að þannig fæðingum. Það er í raun meiri vinna að sinna svoleiðis fæðingum."

Birna Gerður segir að allt hafi gengið vel en að það hafi þurft að kalla út mannskap.

„Þetta er kannski ekki beint besti tíminn til að ná í fólk en einn þriðji af starfsfólkinu okkar er í sumarfríi," segir hún og útskýrir að það sé auðveldara að fá fólk til vinnu á öðrum tímum en í miðjum júlí.

Meirihluti barnanna sem fæddust er stúlkur eða tólf talsins. Þá fæddust sjö drengir. „Það má segja að þetta hafi verið stelpudagur en stelpurnar voru í miklum meirihluta," segir hún.

Birna Gerður vill meina að ástæða þess að allt hafi gengið vel sé hversu gott starfsfólk deildarinnar er. „Það er svo frábært starfsfólk hérna og frábærar ljósmæður í þessu húsi. Það hjálpast allir að þegar það er mikið að gera og fólk er tilbúið að koma og hjálpa," segir Birna Gerður Jónsdóttir.

nadine@frettabladid.is



Það má segja að þetta hafi verið stelpudagur en tólf stúlkur fæddust. Hér má aftur á móti sjá nýfædda tvíburabræður. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

„Það auðveldaði okkur ekki fyrir að það var svona mikið af tvíburum enda koma fleiri fagaðilar að þannig fæðingum. Það er í raun meiri vinna að sinna svoleiðis fæðingum.



Birna Gerður Jónsdóttir, yfirljósmóðir á Landspítala

**12** stúlkur **7** drengir fæddust á einum sólarhring á Landspítalanum.



blómaval
HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

-30% - 20% - 30% - 40% - 50% - 20% -

# SUMAR ÚTSALA

% - 40% - 30% - 20% - 30% - 40% - 50% - 20% - 30% - 40% - 50% - 40% - 50%

## Útsalan heldur áfram á þessum vöruflokkum:

- Trjáplöntur og runnar 50% afsláttur
- Sumarblóm 20-40% afsláttur
- Bensín sláttuvélar 20% afsláttur
- Rafmagnssláttuvélar 25% afsláttur
- Garðverkfæri 25% afsláttur
- Hekkklippur 30% afsláttur
- Keðjusagir 30% afsláttur
- Panill og vatnsklæðning 30% afsláttur
- Garðleikföng 30% afsláttur
- Úðarar og slönguhjól 30% afsláttur
- Útipottar 30% afsláttur
- Garðstyttur 30% afsláttur
- Garðálfar 30% afsláttur
- Reiðhjól 30% afsláttur
- Garðhúsgögn 25% afsláttur
- Ferðahúsgögn 25% afsláttur
- Skjólgirðingar 30% afsláttur

## Útsölunni lýkur á þessum vöruflokkum um helgina

- Álstigar og tröppur 25% afsláttur
- Black & Decker rafmangsverkfæri 30% afsláttur
- Hitachi rafmagnsverkfæri 20% afsláttur
- DeWalt rafmagnsverkfæri 20% afsláttur
- Handlaugar og blöndunartæki, valdar vörur allt að 40% afsláttur
- Inni- og útimálning 25% afsláttur
- Viðarvörn og pallaolía 20% afsláttur
- Innihurðir 20-30% afsláttur
- Útiljós 25% afsláttur
- Búsáhöld Aida og Beka 20-25% afsláttur




Broil King
ÞÚ SPARAR: 14.000 kr
**55.900 kr**
~~69.900 kr~~
Monarch 320
8.8 Kw- 3 Ryðfrír brennarar, grill svæði: 37,5 cm x 57,25 cm. hitamælir í loki.
3000603

Jotun pallaolía 3 ltr. 20% afsláttur




**1.908 kr**
~~2.385 kr~~



21X95 mm.
Verð frá
**166 kr/lm***
~~185 kr/lm~~
621600
Öll tilboð miðast við 4,5 m og styttra.

# ÚTSALA Á PALLAEFNI

**TÖLUR VIKUNNAR** 10.07.2016-16.07.2016



**42.000**

tonn var fiskafli íslenskra skipa í júní. Er það 43% minni afli en í júní í fyrra. Á 12 mánaða tímabili hefur heildarafli dregist saman um 262 þúsund tonn á milli ára.

**1,3 milljónir**

króna fær Kristín Völundardóttir, forstjóri Útlendingastofnunar, í mánaðarlaun eftir að kjararáð hækkaði laun hennar um 29 prósent.



**560.000**

nýja flugmenn þarf í heiminum á næstu 16 árum, þar af

**95.000**

í Evrópu.




**22. sæti**

skipar íslenska karlalandsliðið á nýjasta styrkleikalista Alþjóðaknattspyrnusambandsins.



**74%**

hækkun hefur orðið á meðalkaupverði sumarhúsa á Vesturlandi frá 2008 til 2015.

**8.340**

íslensk vegabréf voru gefin út í maí. Útgefnum vegabréfum fjölgaði um 10,4 prósent milli ára.



## Þrjú í fréttum

### Rasismi, mjólk og launahækkanir

**Sema Erla Serdar**
*formaður Samfylkingarinnar í Kópavogi*



kveðst ekki vita hvernig stúlka fædd og uppalin á Íslandi varð holdgervingur íslamstrúar á landinu. Sema hefur í langan tíma setið undir grófu persónuníði vegna uppruna síns en hún er hálfur Tyrki. Hún segist vera fædd inn í þjóðkirkjuna, skírð og fermd. Hún fylgi hins vegar engri trú, ekki frekar en nokkur í hennar fjölskyldu hér heima eða úti. Nú hefur Sema látið lögregluna vita af níðinu.

**Gunnar Bragi Sveinsson**
*landbúnaðarráðherra*



efast um að Mjólkursamsalan hafi brotið gegn samkeppnislögum, eins og úrskurður Samkeppniseftirlitsins kveður á um. Mikilvægt sé að halda í það kerfi sem er við lýði fyrir umsýslu mjólkur vegna smæðar landsins og þess hve bændur eru dreifðir. MS ber að greiða 480 milljóna króna stjórnvaldssekt vegna alvarlegra brota á samkeppnislögum.

**Elín Björg Jónsdóttir**
*formaður BSRB*



segir tuga prósenta launahækkanir kjararáðs til forstöðumanna ríkisstofnana í ósamræmi við SALEK-samkomulagið sem tryggja eigi að einstaka hópar hækki ekki umfram aðra en það kalli alltaf á kröfu um leiðréttingar. Elín Björg segir hækkunina auka á ójöfnuð í samfélaginu og ekki hægt að sætta sig við hana.

# Grunnur að bústað í þjóðgarði Þingvalla er falur á 85 milljónir

**Óskað er tilboða í grunn að 159 fm sumarhúsi við Þingvallavatn skammt frá Valhallarreitnum. Seljendur hófu byggingu hússins á leigulóð ríkisins en lítið hefur verið um framkvæmdir síðan fyrir bankahrunið.**

**FASTEIGNIR** Grunnur að 159 fermetra sumarhúsi á besta stað við vatnið í Þingvallaþjóðgarði er nú til sölu hjá Fasteignamarkaðnum.

Það eru hjónin Sólveig Lára Magnúsdóttir og Bogi Pálsson, oft kenndur við Toyota, sem eru að selja. Eignin er við Valhallarstíg nyrðri á bakka Þingvallavatns og stendur á þrjú þúsund fermetra leigulóð í eigu ríkisins.

„Gert er ráð fyrir um 80 fermetra verönd vatnsmegin við húsið og frá henni og stofum má njóta einstaks útsýnis yfir Þingvallavatn og fjallahringinn,“ er myndin sem dregin er upp af aðstæðum í sölulýsingu Fasteignamarkaðarins.

Óskað er tilboða en Guðmundur Th. Jónsson fasteignasali segir verðhugmynd fyrir grunninn vera í kringum 85 milljónir.

Fram kemur í auglýsingunni að efri hæð hússins verði 134 fermetrar og byggð úr timbri.

„Er gert ráð fyrir forstofu, holi, svefngangi, barnaherbergi, hjónaherbergi og öðru baðherbergi auk stórra stofa og eldhúss. Fyrirliggjandi teikningar gera ráð fyrir að húsið verði klætt að utan með varanlegri og vandaðri klæðningu, svo sem með kopar. Gert er ráð fyrir allt að 5,0 metra lofthæð í hluta efri hæðar hússins,“ er fyrirhugðu húsi nánar lýst.

Sérinngangur er í kjallara þar sem vera á tæknirými og geymsla auk þess sem Fasteignamarkaðurinn segir að mögulegt væri að innrétta hluta kjallarans.

Grunnur sumarhússins stendur á lóðinni þar sem áður stóð sumarhús í eigu athafnakonunnar Sonju Zorilla sem síðar seldi eignina Vigdísi Finnbogadóttur, fyrrverandi forseta Íslands. Ástríður, dóttir Vigdísar, eignaðist húsið í nóvember 2006 og seldi það eftir þrjá daga til hjónanna Aðalsteins Egils Jónassonar og Ásdísar Höllu Bragadóttur, fyrrverandi bæjarstjóra í Garðabæ. Bogi og Sólveig keyptu síðan eignina í mars 2006.

Strangar reglur gilda um stærð húsa innan þjóðgarðsins. Þó er heimilt að reisa hús á eldri lóðum jafnstór þeim sem fyrir voru. Bogi og Sólveig létu rífa húsakostinn og fengu samþykktar teikningar að nýrri 159 fermetra byggingu. Á meðan á uppsteypu grunnsins og kjallarans stóð í aðdraganda bankahrunsins 2008 vakti athygli að notast var við þyrlur til að koma steypunni á staðinn líkt og átti við um framkvæmdir við nýtt hús Bakkavararbróðurins Ágústs Guðmundssonar þar rétt hjá. Enginn akvegur er að þessum lóðum.

Ólíkt því sem á við um hús Ágústs Guðmundssonar, sem lokið var við nokkrum árum eftir hrunið, hefur lítið verið aðhafst í húsi Boga og Sólveigar.

Meðal annarra eigenda nærliggjandi húsa á Valhallarstíg nyrðri má nefnda hjónin Birgi Þór Bieltvedt og Eygló Björk Kjartansdóttur, hjónin Eyþór Arnalds og Dagmar Unu Ólafsdóttur, hjónin Þorbjörgu Helgu Vigfúsdóttur og Friðrik Hallbjörn Karlsson og hjónin Vilhjálm Egilsson og Ragnhildi Pálu Ófeigsdóttur.

fanney@frettabladid.is




**Bústaðurinn verður engin smásmíði eins og dæma má af grunninum og kjallaranum sem bíður steyptur nýs eiganda.** MYND/FASTEIGNAMARKAÐURINN

## Fyrrverandi og núverandi eigendur á Valhallarstíg nyrðri 7



**Sonja Zorilla**



**Vigdís Finnbogadóttir**



**Ásdís Halla Bragadóttir**



**Bogi Pálsson**



**Þessi hlið mun snúa að Þingvallavatni.** MYND/TEKTON






VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR Á NÝJUM BMW X5

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

## Fátt sem benti til valdaráns

„Það eru mjög mótsaganakenndar fréttir af þessu,“ sagði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, svæðisstjóri UN Women í Evrópu og Mið-Asíu, sem búsett er í Istanbúl, í gærkvöldi.

Hún sagði fátt hafa bent til þess að herinn hygðist reyna að ræna völdum í landinu. „En auðvitað hefur ástandið verið að versna jafnt og þétt og auðvitað er öryggisástandið talsvert verra en það var. En það var ekki neitt sem benti til þess að herinn væri að undirbúa sérstakar aðgerðir. Satt að segja var tilfinngin sú að forsetanum hefði tekist að beygja herinn undir sig á undanförnum árum,“ sagði Ingibjörg.

**Satt að segja var tilfinngin sú að forsetanum hefði tekist að beygja herinn undir sig á undanförnum árum.**


Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, svæðisstjóri UN Women

Hún var stödd á heimili sínu í Istanbúl ásamt eiginmanni sínum Hjörleifi Sveinbjörnssyni og sagði að fá merki þess sæust í hennar nærumhverfi að valdarán stæði yfir. „Við sjáum engin ummerki hér, það eru engin hernaðarfartæki hér á götunum, þetta er bara kyrrlátt föstudagskvöld.“

Þá sagði hún það hafa verið einkennilegt að sjá Erdogan, forseta landsins, í útsendingu í gegnum snjallsíma. „Það var mjög sérkennilegt að sjá hann í mynd á iPhone. Þar virðist hann vera að hvetja fólk til að fara út á göturnar. Ég geri ráð fyrir því að hann væri ekki að gera það ef þeir hefðu stjórn á atburðarásinni.“ **– ih**

### Íslendingar haldi sig innandyra

Borgaraþjónusta utanríkisráðuneytisins stendur vaktina vegna fregna af valdaráninu í Tyrklandi og beinir þeim tilmælum til íslenskra ferðamanna í Tyrklandi og Íslendinga búsettra í landinu að láta aðstandendur á Íslandi vita af sér. Einnig að halda sig innandyra og fylgjast með þróun mála. Þetta kemur fram í tilkynningu frá utanríkisráðuneytinu sem send var í gærkvöldi.

Einnig að utanríkisráðuneytið afli frekari upplýsinga og verði frekari tilmæli send út eftir því sem ástand mála skýrist. Hægt sé að ná í borgaraþjónustu utanríkisráðuneytisins í síma 5459900 allan sólarhringinn.


Tyrkir streymdu út á göturnar í gærkvöldi eftir að Recep Tayyip Erdoğan, forseti landsins, hvatti þá til þess. Þeir mótmæltu með því valdaráni hluta hersins. Í kjölfarið kom til átaka milli uppreisnarmanna og mótmælenda þar sem skothvellir heyrðust. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Upplausnarástand í Tyrklandi

**Hluti tyrkneska hersins reyndi að ræna völdum í landinu í gærkvöldi. Brúm yfir Bosporussund og flugvöllum í Istanbúl og Ankara var lokað. Forseti landsins sagði fólki að fara út á göturnar til að mótmæla hernum.**

**TYRKLAND** Hluti tyrkneska hersins gerði tilraun til að ræna völdum í landinu í gærkvöldi. Binali Yildirim, forsætisráðherra Tyrklands, kom fram í tyrknesku sjónvarpi um áttaleytið í gærkvöldi og sagði að hluti hersins hefði gert tilraun til valdaráns í landinu en þjóðkjörin stjórn hans væri enn við völd og yrði það þar til tyrkneskur almenningur segði annað. Í kjölfarið upphófst mjög mótsagnakennd atburðarás.

Hálftíma síðar gaf hópur innan hersins frá sér yfirlýsingu á ríkissjónvarpsstöðinni TRT þar sem hann sagði herinn hefði tekið völdin til að vernda lýðræði í landinu. Skömmu síðar var lýst yfir útgöngubanni í flestum borgum á sömu sjónvarpsstöð og að herlög hefðu tekið gildi í landinu.

Þá höfðu tyrkneskir hermenn lokað brúm yfir Bosporussund og flugvöllum í Istanbúl og Ankara, höfuðborg landsins. Fregnir bárust einnig af skothvellum í Ankara og Istanbúl. Í kjölfarið var hætt við allt flug til og frá landinu. Sjónvarvottar sáu herþotur fljúga yfir borgirnar.

CNN Turk hafði eftir einum af leiðtogum AK flokksins, flokks Recep Tayyip Erdoğan forseta landsins, að herinn hefði ráðist inn í höfuðstöðvar flokksins í Istanbúl og beðið flokksmenn að yfirgefa bygginguna.

Um nítíu mínútum síðar ávarpaði Erdoğan þjóðina í myndsímtali á snjallsíma, frá Marmaris þar sem hann var sagður vera í sumarfríi. Þar sagði hann að valdaráninu yrði svarað af hörku og að þeir sem bæru ábyrgð á því myndu greiða það dýru verði. Hann hvatti borgarbúa til að fara út á götur landsins. Stuttu síðar birtist hann í viðtali við blaðamenn þar sem hann ítrekaði fyrri orð sín.

**Svarið þeim með því að fara út á göturnar.**


Recep Tayyip Erdoğan, forseti Tyrklands

Í kjölfarið flykktist hópur fólks út á götur Istanbúl og Ankara til stuðnings forsetanum. Til átaka kom milli mótmælanda og uppreisnarmanna þar sem skothvellir heyrðust.

Tyrkneskur ríkisfjölmiðlar greindu frá gíslatöku í höfuðstöðvum hersins í Ankara. Á meðal gísla væri einn æðsti hershöfðingi hersins. Þá var greint frá því að ráðist hefði verið inn á skrifstofur tyrkneskra ríkisfjölmiðla og símar verið aftengdir. Reuters greindi frá því að lokað hefði verið á aðgang að Facebook, Youtube og Twitter í landinu. Þegar blaðið fór í prentun í gærkvöldi hafði komið til skotbardaga á milli lögreglu og hermanna. Skotið var úr skriðdrekum við tyrkneska þinghúsið og fjöldi lögreglumanna lá í valnum.

**ingvar@frettabladid.is**


# Sólarfilmur!

Xprent er með lausnina fyrir bæði heimili og fyrirtæki. Sólarfilmurnar eru frá SunTek og eru til í mismunandi tegundum og styrkleikum.




XPRENT
- hönnun og merkingar

PRENTUN | HÖNNUN | MERKINGAR | xprent.is

Xprent ehf - Sundaborg 1 - 104 Reykjavík - Sími 777-2700 - email: konni@xprent.is


# Átök á milli austurs og vesturs

Eiríkur Bergmann Einarsson stjórnmálafræðingur sagði í samtali við Fréttablaðið í gærkvöldi erfitt að fullyrða hvað væri að gerast í Tyrklandi enda atburðarásin enn að skýrast og í fullum gangi. Aftur á móti eigi Tyrkland arfleifð sem líta þurfi til.

„Það þarf að fara aftur á nítjándu öld til að skilja það sem er að gerast, þegar Ataturk breytti Tyrklandi úr íslömsku ríki í veraldlegt, vestrænt ríki. Allar götur síðan hefur verið togstreita milli íslamskra og vestrænna afla í Tyrklandi enda er landið mæraland á milli austurs og vesturs.“

Eiríkur útskýrir að herinn hafi alla tíð litið á það sem sitt hlutverk að vernda arfleifð Ataturks og flytja landið frá íslam. Herinn hafi líka í gegnum tíðina tekið völdin í landinu þegar honum hafi fundist stjórnvöld fara út fyrir mörkin.

„Erdogan forseti hefur hallað sér meira að íslömskum öflum en við höfum séð síðustu áratugi á undan í Tyrklandi. Þess vegna er engin leið að líta á þessa atburði burtséð frá þessari arfleifð,“ segir Eiríkur.

„Erdogan fór í aðgerðir gegn hernum fyrir sex árum og hafði náð ítökum innan hans. Fólk hélt að hann hefði fulla stjórn, þess vegna kemur þetta jafnvel á óvart þótt þetta sé í takt við það hlutverk sem herinn hefur haft í gegnum tíðina. Herinn er eitt sterkasta aflið í Tyrklandi.“ **– ebg**


Til átaka kom á milli lögreglu og hermanna í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**Það þarf að fara aftur á nítjándu öld til að skilja það sem er að gerast.**


Eiríkur Bergmann Einarsson, stjórnmálafræðingur




Hyundai Santa Fe er glæsilegasti bíllinn í Hyundai fjölskyldunni. Nýr Santa Fe er nú með 200 hestafla, 2,2 lítra dísilvél og fjölda tæknilegra öryggisatriða sem auka öryggi og auðvelda ökumanni að bregðast rétt við mismunandi aðstæðum. Komdu og upplifðu gæði Hyundai í reynsluakstri á nýjum Hyundai Santa Fe með fimm ára ábyrgð.

Hyundai Santa Fe - Verð frá 6.990.000 kr.

HYUNDAI | NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

UEFA EURO2016 FRANCE

5 YEAR Unlimited Mileage Warranty

Dísilvél 2,2 lítrar, 200 hestöfl, eldsneytisnotkun 8,9 l/100 km*. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð.
*Viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

Hyundai / Kauptúni 1 / Sími 575 1200 / www.hyundai.is

OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16

# Frakkar í uppnámi eftir voðaverk í Nice

**Rúmlega þrítugur sendibílstjóri myrti að minnsta kosti 84 í Nice að kvöldi 14. júlí, þegar hátíðarhöldum var að ljúka. Franskir ráðamenn segja árásina greinilega hafa verið hryðjuverk. Íslensk kona í Nice segir að andrúmsloftið í borginni einkennist af sorg og reiði.**

Guðsteinn Bjarnason
gudsteinn@frettabladid.is



**FRAKKLAND** „Tímarnir hafa breyst og nú þarf Frakkland að læra að lifa með hryðjuverkum,“ sagði Manuel Valls forsætisráðherra í gær. Bæði hann og François Hollande forseti fullyrtu að árásin í Nice væri hryðjuverk.

Engar upplýsingar höfðu þó verið birtar um tengsl árásarmannsins við hryðjuverkahópa né skoðanir hans í þjóðfélagsmálum. Engin hryðjuverkasamtök höfðu heldur lýst yfir ábyrgð á árásinni, en margir stuðningsmenn þeirra hafa samt fagnað henni á samfélagsmiðlum.

Árásarmanninum, hinum 31 árs gamla Mohammed Lahouaiej Bouhlel, tókst að drepa 84 vegfarendur með því að aka flutningabifreið á fjölda fólks á strandgötu í Nice, þar sem mannfjöldinn hafði verið að fylgjast með flugeldasýningu í tilefni þjóðhátíðardags Frakklands.

### Sorg og reiði

„Hér er bara mikil sorg og fólk er í sjokki. Fólk er að vinna úr þessu og athuga með vini sína, finna út hvort allir séu heilir,“ segir Berta Guðjóns, íslensk kona sem búið hefur í Nice í 13 ár.

Sjálf var hún heima hjá sér þegar árásin var gerð og enginn úr hennar vinahópi skaddaðist. „Við erum þó búin að heyra að einn vinur okkar missti systur sína og maðurinn hennar er á sjúkrahúsi.

Fólk er líka reitt,“ segir hún og nefnir vinkonu sína, skoska, sem varð vitni að atburðunum. Hún hafi sagt öryggisráðstafanir hafa verið afskaplega litlar. Fólk skilji ekkert í því af hverju viðbúnaðurinn hafi ekki verið meiri.

„Hún bað mig um að koma með sér að horfa á flugeldasýninguna, en ég mátti ekki vera að því að fara.“

### Þekktur fyrir heimilisofbeldi

Bouhlel var franskur ríkisborgari ættaður frá Túnis, þriggja barna faðir og bjó í Abattoir-hverfi. Hann hafði komist í kynni við lögregluna vegna heimilisofbeldis og annarra afbrota en enginn grunur hafði vaknað um að hann væri líklegur til að fremja hryðjuverk.

Hann er sagður hafa leigt flutningabílinn tveimur dögum fyrir voðaverkið. Hann var með skammbyssu og í bílnum fundust eftirlíkingar af skotvopnum og sprengjum.

Nágrannar segja hann hafa verið frekar óhugnanlegan í framkomu. Hann hafi hangið mikið á knæpu þar í götunni, þar sem hann bæði drakk og stundaði fjárhættuspil.

„Hann svaraði aldrei þegar við yrtum á hann eða köstuðum á hann kveðju, hann bara starði á okkur illúðlega,“ hefur breska dagblaðið The Guardian eftir einum þeirra.

„Það eina sem ég vissi er að hann átti í vandræðum með konuna sína, en við sáum hana aldrei og krakkana þeirra ekki heldur.“

### Fimmtíu í lífshættu

Síðdegis í gær voru fimmtíu manns enn í lífshættu, til viðbótar þeim 84 sem létu strax lífið.

Meðal þeirra sem létust var kona að nafni Fatima Charrihi. Fjölmiðlar hafa eftir syni hennar að hún hafi verið ein þeirra fyrstu sem urðu fyrir flutningabílnum: „Það eina sem ég get sagt er að hún var með slæðu, lagði stund á íslam og gerði það með réttum hætti. Það var raunveruleg íslamstrú, ekki sú útgáfa sem hryðjuverkamenn stunda.“

Lögreglunni tókst ekki að stöðva bifreiðina fyrr en maður nokkur tók upp á því að stökkva framan á bílinn. Ökumaðurinn stöðvaði þá bílinn og reyndi að skjóta manninn. Hann skaut einnig á lögreglumenn sem höfðu umkringt bifreiðina, en hitti engan. Svo féll hann fyrir byssuskotum frá lögreglunni, sem skaut tugum skota á bifreiðina.

„Hryllingur, hryllingur hefur enn á ný lostið Frakkland,“ sagði Hollande forseti í ávarpi sínu til þjóðarinnar í fyrrinótt, fáeinum klukkustundum eftir árásina. Hann sagði engan vafa leika á því að þetta væri hryðjuverk, runnið undan rifjum íslamista, og rifjaði upp árásirnar tvær í París á síðasta ári, fyrst í janúar og svo aftur í nóvember.

Hann sagði Frakkland greinilega helsta skotmark íslamista í Evrópu. Frakkar muni bregðast við með því að auka enn frekar hernaðarumsvif sín í Sýrlandi og Írak.

Neyðarástandið í Frakklandi, sem stjórnvöld lýstu yfir eftir árásina í París í nóvember og átti að falla úr gildi innan skamms hefur nú verið framlengt um að minnsta kosti þrjá mánuði.



Fjöldi fólks hefur lagt leið sína að vettvangi voðaverksins til að minnast þeirra sem létust. NORDICPHOTOS/AFP

## Fjöldamorð á Bastilludeginum

Flutningabílstjóri varð að minnsta kosti 84 manns að bana í Nice þegar hann ók á fjölda fólks í fyrrakvöld þegar hátíðarhöldum var að ljúka í tilefni af Bastilludeginum, þjóðhátíðardegi Frakka.




Fréttablaðið/Graphic News

### Nokkur mannskæðustu hryðjuverkin síðan í byrjun árs 2015

**7. - 9. janúar, 2015**
**16 manns myrtir** í árásum í París, flestir á ritstjórnarskrifstofum skoptímaritsins Charlie Hebdo.

**10. október, 2015**
**103 myrtir** í sjálfsvígsárás á friðarsamkomu í Ankara, Tyrklandi.

**13. nóvember, 2015**
**130 manns** myrtir í sjálfsvígsárásum og skotárásum á sex stöðum í París.

**22. mars, 2016**
**32 myrtir** í sjálfsvígsárásum þriggja manna á flugvelli og lestarstöð í Brussel.

**12. júní, 2016**
**49 myrtir** í skotárás á skemmtistað hinsegin fólks í Orlando í Flórída, Bandaríkjunum.

**29. júní, 2016**
**41 myrtur** í sjálfsvígs- og skotárás á Ataturk-flugvellinum í Istanbúl, Tyrklandi.

**2. júlí, 2016**
**250 manns** myrtir í sprengjuárásum í Bagdad.

> **Hryllingur, hryllingur hefur enn á ný lostið Frakkland.**
>
> François Hollande, forseti Frakklands



> **Hér er bara mikil sorg og fólk er í sjokki. Fólk er að vinna úr þessu og athuga með vini sína, finna út hvort allir séu heilir.**
>
> Berta Guðjóns, búsett í Nice

> **Hann svaraði alrei þegar við yrtum á hann eða köstuðum á hann kveðju, hann bara starði á okkur illúðlega.**
>
> Ónafngreindur nágranni fjöldamorðingjans

# Útsalan í fullum gangi!






Blómavasi LSA 25 cm
kr. 7.400,-, **nú kr. 5.180,-**



Kanna LSA 1,5L
kr. 5.300.-, **nú kr. 3.710,-**

-30%



## KAK 5167 leðursófar og sófasett

Stærð: 3ja 186 x 104 cm, stóll 92 x 104 cm, 5 sæta 336 x 104 cm,
Verð: 3+1+1 625.000,- **nú 437.500,-**,
3ja sæta sófi 286.000,- **nú 200.200,-**, 5 sæta 518.000,-, **nú 362.600,-**

-30%



## KAK 5237 tungusófi í leðri

**Eitt hvíldarsæti m/rafmagni**
Litir; svart og grátt. Stærð 258 x 173 cm.
Verð kr. 398.000,-, **nú kr. 278.600,-**



**pb home** púði
kr. 7.400,-, **nú kr. 5.180,-**



**Luktir Day Home,**
frá kr. 9.800,-, **nú frá kr. 6.860,-**

-40%



**PB home stóll m/skemli**
verð kr. 88.000,- , **nú kr. 52.800,-**

-30%



## KAK 1281 sófasett í leðri 3+1+1

Litir: svart og kastaníubrúnt
Verð kr. 798.800,-, **nú kr. 558.600,-.**
Stakur 3ja sæta sófi kr. 384.000,-, nú kr. 268.000,-.

# HEIMAHÚSIÐ

**Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18 og laugardaga 11 -16.**

# Sturlun í Nice



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Það eru engar varnir til sem geta komið í veg fyrir að sturlaður maður á 25 tonna trukki vinni grimmdarverk eins og það sem átti sér stað í Nice á Bastilludaginn. Það gefur bara falskar vonir að reyna að draga upp þá mynd að nokkur mannlegur máttur geti hindrað verknað af þessu tagi.

Þetta var hörmulegur atburður og íbúar Nice, sem blásaklausir fögnuðu þjóðhátíð sinni á götum úti undir kjörorðunum frelsi, jafnrétti og bræðralag þegar brjálæðinginn bar að, eiga skilið allan þann stuðning sem umheimurinn getur veitt. En fátt virðist til ráða annað en samúðin. Það er þyngra en tárum taki að tugir saklausra borgara og meira að segja börn liggi í valnum eftir svona trylling.

Þrátt fyrir góðan vilja og hástemmdar yfirlýsingar leiðtoga heimsins um að grípa til þeirra varna sem duga eru svona voðaverk unnin. Viðbrögð ráðamanna í okkar heimshluta, sem helsjúkir ofbeldisseggir með ranghugmyndir telja táknmynd hins illa, gætu kynt undir brjálæðinu.

Hollande, forseti Frakklands, hefur bætt þremur mánuðum við yfirlýst neyðarástand, sem kynnt var í framhaldi af Charlie Hebdo morðunum í janúar í fyrra og voðaverkunum í París í nóvember. Hann hefur enn og aftur lýst yfir einhvers konar stríði við ógn frá íslam. Brjálæðingunum, sem málið snýst um, er gert alltof hátt undir höfði. Það er tvíeggjað sverð.

Ráðgert er að bæta tíu þúsund hermönnum í herinn. Boðaðar eru hertar aðgerðir í Írak og Sýrlandi. Í London og Washington hafa stofnanir sem vinna gegn hryðjuverkum hækkað viðbúnaðarstig og Obama, forseti Bandaríkjanna, ráðfærir sig við þjóðaröryggissveitir. Það er erfitt að sjá hverju svona viðbrögð þjóna.

Ofbeldismenn hafa alltaf misnotað tól og tæki. Bílasprengjur sprungu í Wall Street fyrir hundrað árum og mótorhjól voru notuð til að ráðast á fólk á götum úti seint á nítjándu öld. Ekki er hægt að banna stóra trukka af því að vitstola fólk getur breytt þeim í manndrápstæki. Við verðum að lifa með hættunum sem eru í umhverfinu. Við þurfum að horfast í augu við það.

Kannski ætti Hollande frekar að verja þeim fjármunum sem fara í að bæta 10.000 varaliðsmönnum í herinn í að leita leiða til að uppræta hatrið sem fest hefur rætur í ógæfufólki í hans samfélagi. Hugsanlega væri heillavænlegra fyrir hann að draga úr afskiptum af hildarleiknum sem á sér stað í Sýrlandi og Írak. Þau afskipti eru átyllur brjálæðinganna sem drepa saklaust fólk í Frakklandi.

Að trúa því að stjórnmálamenn á æðstu stöðum geti komið í veg fyrir svona ódæði með auknum vígbúnaði er óraunsæi, sem kemur í veg fyrir að málin séu reifuð af nauðsynlegri yfirvegun. Nær væri að fjárfesta í nýjum aðferðum í löggæslu – eða leita leiða til að hjálpa afvegaleiddum ungmennum, sem bera hatursfhug til samborgara sinna, leiða þeim fyrir sjónir að hatrið muni ekki sigra.

**Brjálæðingunum, sem málið snýst um, er gert alltof hátt undir höfði. Það er tvíeggjað sverð.**


## Meðferð við háræðasliti - Tilboð




**10% afsláttur** af 2 × 30 mín.meðferð
**15% afsláttur** af 3 x 30 mín.meðferð
**20% afsláttur** af 4 x 30 mín.meðferð
Miðast við samfelldan meðferðartíma.

**Hljóðbylgjumeðferð**
Fjarlægir háræðaslit í andliti, háræðastjörnur, blóðblöðrur og skemmdir í húð eftir rósroða.

**Hverus margar meðferðir þarf?**
Algengt er 2-4 skipti, en misjafnt er hversu margar meðferðir þarf til að fjarlægja háræðaslit endanlega.



**Snyrtistofan Hafblik**
Ármúla 21, 2. hæð • S. 893 0098 • snyrtistofanhafblik@gmail.com


## Gunnar




## Mín skoðun Þorbjörg Gunnlaugs



# Stríðið gegn geitaostinum

Það ríkir samstaða í mjólkur- og ostakælinum þessa dagana. Við göngum þögul fram hjá vörum Mjólkursamsölunnar eftir ákvörðun Samkeppniseftirlitsins um að sekta fyrirtækið um 480 milljón krónur fyrir alvarleg samkeppnislagabrot. Menn nikka hver til annars um leið og þeir raða vörum samkeppnisaðilanna í körfuna. Afhjúpandi viðbrögð forstjóra MS í kjölfarið hjálpuðu ekki heldur. Það var auðvitað alveg rétt hjá honum að fyrirtækið ætlaði sér nefnilega að velta öllum kostnaðinum af sektinni beint yfir á neytendur. Það voru sennilega alls engin mismæli. Það er þess vegna sem samstaðan er svo sterk í mjólkurkælinum núna.

### Samstaðan í mjólkurkælinum

Í þessu máli er Samkeppniseftirlitið vinur almennings, enda eru samkeppnislagabrot brot gegn almenningi. Almenningur er hins vegar í óþarflega erfiðri stöðu þegar kemur að því að sýna hug sinn til MS í verki. Það eru of fáir aðilar á markaði til að beina viðskiptunum til. Í nokkur ár hafa mjólkurvörurnar frá Örnu verið á borðum á mínu heimili, bæði vegna þess að þær eru mjög góðar en ekki síður vegna þess að fyrirtæki eins og Arna er nauðsynlegt mótvægi við risa á markaði.

Þegar samkeppnisreglur komu fyrst fram á sjónarsviðið í Bandaríkjunum árið 1890 var tilgangurinn með setningu laganna sagður sá að vernda neytendur gegn háu verði og takmörkuðu framboði. Hæstiréttur Bandaríkjanna hefur sagt samkeppnislög jafnmikilvæg fyrir efnahagslegt frelsi og stjórnarskráin er um vernd mannréttinda. Í ljósi þess hvað virk samkeppni á markaði er mikilvæg almenningi er ótrúlegt hvað stjórnvöld hafa lítið gert til að liðsinna almenningi um fleiri valkosti og meiri samkeppni á þessum markaði. Úrval af erlendum landbúnaðarvörum gæti auðveldlega verið meira sem hefði jákvæð áhrif á samkeppni og verðlag og síðast en ekki síst: myndi gleðja þau okkar óskaplega sem höfum gaman af því að borða góðan mat. Matarkarfan er nefnilega stór hluti af lífi okkar allra, bæði hvað varðar útgjöld og hversdagshamingju.

### Frjálst flæði fíkniefna?

Innflutningur á landbúnaðarvörum hefur verið háður kvótum sem seldir hafa verið á háu verði á uppboði. Þessar leikreglur hafa tryggt að samkeppni frá erlendum vörum er ekki raunveruleg. Stefnan í landbúnaðarmálum er að sumu leyti refsistefna gegn almenningi, sem býr við hærra matarverð og skert vöruúrval vegna þessarar stefnu. Það er erfitt að átta sig á því hvort ræður meiru um þessa hugmyndafræði, hræðslan við eðlilega samkeppni eða hræðslan við erlendar landbúnaðarvörur. Landbúnaðurinn virðist í öllu falli vera erfiðasta vígi frjálslyndis. Á vettvangi stjórnmálanna virðist meira að segja auðveldara að ná í gegn með hugmyndina um frjálst flæði fíkniefna en að ætla að leyfa innflutning á erlendum landbúnaðarvörum. Á sama tíma og stjórnvöld eru einörð í afstöðu sinni í stríðinu gegn erlendu ostunum vex stuðningur við að endurskoða refsistefnuna í fíkniefnamálum og stuðningur við að afglæpavæða neyslu og vörslu á vægari ákveðnum fíkniefnum.

### Afglæpavæðing ostanna

Auðvitað er það að bera saman epli og appelsínur, að ræða um vörslu fíkniefna og vörslu á erlendum ostum. Staðreyndin er hins vegar sú að við leyfum ekki frjálsa neyslu erlendra osta. Hinn útlenski geitaostur er enn glæpavæddur. Það segir ákveðna sögu af pólitískum veruleika landbúnaðarins að það er líklegra að Alþingi geti samþykkt að afglæpavæða fíkniefni en að samþykkja óheftan innflutning á osti. Hún er augljóslega ekki lítil hættan sem menn telja að fylgi innflutningi á geitaosti.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is*
**LÍFIÐ:** Gyða Lóa Ólafsdóttir *gydaloa@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*




Þýski grillframleiðandinn Landmann er **50 ára** Við höldum upp á það

**LANDMANN** gasgrill
TRITON 2ja brennara




AFMÆLISVERÐ **59.900**

**LANDMANN** gasgrill
TRITON 3ja brennara




AFMÆLISVERÐ **79.900**

4 litir

**LANDMANN** gasgrill
TRITON 4ra brennara




AFMÆLISVERÐ **99.900**

2 litir

**LANDMANN** gasgrill
AVALON 4ra brennara




AFMÆLISVERÐ **169.900**

**LANDMANN** gasgrill
AVALON 5 brennara




AFMÆLISVERÐ **239.900**

**LANDMANN** gasgrill
PANTERA 2ja brennara



AFMÆLISVERÐ **39.900**

*Hjólavagn Kr. 14.900*

## Komdu, skoðaðu og fáðu faglegar ráðleggingar

# Grillbúðin
**SÉRVERSLUN MEÐ GRILL OG GARÐHÚSGÖGN**

**Smiðjuvegi 2, Kópavogi** (við hliðina á Bónus) | **Sími 554 0400** | grillbudin.is



## KIRUNA
U-sófi. Hægri eða vinstri tunga. Dökkgrátt áklæði.
Stærð: 301 × 200 × 78 cm

**179.990 kr.** ~~239.990 kr.~~

**25%** AFSLÁTTUR



## CLEVELAND
Hornsófi með tungu. Hægri eða vinsti. Grátt áklæði.
Stærð: 308 x 140/203 x 81 cm

**149.990 kr.** ~~189.990 kr.~~

**20%** AFSLÁTTUR



**30%** AFSLÁTTUR

## Kiruna
Þriggja sæta sófi.
Dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 227 × 90 × 78 cm.

**69.990 kr.** ~~99.990 kr.~~

## Kiruna
Tveggja sæta sófi.
Dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 162 × 90 × 78 cm.

**59.990 kr.** ~~89.990 kr.~~



## CLEVELAND
Tungusófi. Hægri eða vinstri tunga. Ljós- og dökkgrátt slitsterkt áklæði. Aukahlutur á mynd höfuðpúði. Stærð: 231 × 140 × 81 cm.

**89.990 kr.** ~~119.990 kr.~~

**25%** AFSLÁTTUR



**40%** AFSLÁTTUR

## DELTA
Eldhúsborð. Eik/hvítt.
Stærð: 100 x 100 H: 74 cm

**29.990 kr.** ~~49.990 kr.~~



**50%** AFSLÁTTUR

## BELINA
Borðstofustóll.
Hvítur eða svartur.

**9.995 kr.** ~~19.990 kr.~~



**25%** AFSLÁTTUR

## NEPTUN
Borðstofustóll.
Hvítur eða svartur.

**8.990 kr.** ~~11.990 kr.~~



**26%** AFSLÁTTUR

## NEPTUN
Borðstofustóll.
Eik.

**10.990 kr.** ~~14.990 kr.~~



broste COPENHAGEN

**BASTLUKTIR FRÁ BROSTE**

**30%** AFSLÁTTUR

**MOSAICO, LUCE OG PRISMA GLÖS FRÁ VIDIVI**

**40%** AFSLÁTTUR




RALPH LAUREN HOME



**ÖLL MATARSTELL FRÁ RALPH LAUREN**

**50%** AFSLÁTTUR

**ÖLL SMÁVARA FRÁ IVV**

**30%** AFSLÁTTUR

IVV Handmade in Italy home&table



# Sumar ÚTSALAN í fullu fjöri

## Allt að 60% afsláttur



33% AFSLÁTTUR

### LEEDS
Hægindastóll.
Anna/Patch slitsterkt áklæði.

**79.990 kr.** ~~119.990 kr.~~

### HARROW
Hægindastóll. Ljós- og dökkgrátt slitsterkt áklæði.



26% AFSLÁTTUR

Stóll **109.990 kr.** ~~149.990 kr.~~

Skammel **49.990 kr.** ~~69.990 kr.~~



25% AFSLÁTTUR

### SALLY
Hægindastóll PU-leður
Litir: Brandy, brúnn og svartur.

**29.990 kr.** ~~39.980 kr.~~

LA-Z-BOY® *Live life comfortably.*

### KENNEDY
Klassískt sófasett frá La-Z-Boy.
Grátt og ljósgrátt slitsterkt áklæði.

Þriggja sæta: 196 x 100 x 97 cm.
**119.994 kr.** ~~199.990 kr.~~

Tveggja sæta: 177 x 100 x 97 cm.
**113.994 kr.** ~~189.990 kr.~~



40% AFSLÁTTUR



28% AFSLÁTTUR

### ADAM
Ljósbrúnt, grátt og rautt slitsterkt áklæði.
Stærð: 82 × 98 × 104 cm

**99.990 kr.** ~~139.990 kr.~~

LA-Z-BOY® *Live life comfortably.*

20% AFSLÁTTUR

### PINNACLE
Brúnt, dökkbrúnt eða vínrautt leður á slitflötum.
Stærð:
84 × 90 × 100 cm



**143.990 kr.** ~~179.990 kr.~~



28% AFSLÁTTUR

### CLEVELAND
Hægindastóll.
Ljós- og dökkgrátt áklæði.

**24.990 kr.** ~~34.990 kr.~~

HÚSGAGNA HÖLLIN

## Flestir sigrar þjálfara í efstu deild á Íslandi



**Heimir Guðjónsson** — **122 sigurleikir í efstu deild á Íslandi – nýtt met**



**Ásgeir Elíasson** — **120**



**Logi Ólafsson** — **116**



**Bjarni Jóhannsson** — **110**



**Guðjón Þórðarson** — **101**



**Ólafur Jóhannesson** — **97**

# Sagan var líka skrifuð hér heima á Íslandi í júnímánuði

**Heimir Guðjónsson er nú orðinn sá þjálfari sem hefur unnið flesta leiki í efstu deild karla í fótbolta á Íslandi en hann sló met Ásgeirs Elíassonar á dögunum. Ásgeir átti metið í aldarfjórðung.**

**FÓTBOLTI** Íslenska knattspyrnusagan var ekki bara endurskrifuð á Evrópumótinu í fótbolta í Frakklandi í júnímánuði því þá féll einnig glæsilegt met hér í deildinni heima. Heimir Guðjónsson, þjálfari FH, stýrði þá FH-liðinu til sigurs í 121. sinn í efstu deild og bætti met Ásgeirs Elíassonar.

Ásgeir var sumarið 1997 fyrsti þjálfarinn til að vinna hundrað leiki í efstu deild og hafði sex árum fyrr bætt met Óla B. Jónssonar yfir flesta unna leiki sem þjálfari í efstu deild.

**16. júní 2016**

Ásgeir var því búinn að eiga metið í 25 ár þegar Heimir tók það af honum 16. júní síðastliðinn. Það fór ekki mikið fyrir Pepsi-deildinni í júní enda átti Evrópumótið í Frakklandi hug þjóðarinnar en þegar betur var að gáð kom í ljós að Heimir hefði komist á toppinn.

Svo skemmtilega vill til að Heimir Guðjónsson bætti metið með því að vinna sinn gamla lærifőður Ólaf Jóhannsson. Ólafur og Heimir unnu þrjá Íslandsmeistaratitla, tvo þegar Heimir var fyrirliði Ólafs og einn þegar Heimir var aðstoðarþjálfari Ólafs. Heimir tók síðan við FH-liðinu fyrir 2008-tímabilið og hefur stýrt því síðan.

Ólafur gæti aftur á móti náð tímamótum í sumar og orðið sjötti þjálfarinn til að vinna hundrað leiki í efstu deild. Ólafi vantar nú bara þrjá sigra upp á að ná því og enn eru tólf leikir eftir af Íslandsmótinu.

Emil Pálsson tryggði Heimi metsigurinn með því að skora sigurmarkið á móti Val en Emil skoraði einnig sigurmarkið í leiknum á undan þegar Heimir jafnaði met Ásgeirs þegar FH vann 1-0 sigur á Breiðabliki í Kópavoginum.

**Emil skorar söguleg sigurmörk**

Emil Pálsson hefur verið duglegur við að skora dýrmæt sigurmörk fyrir Heimi upp á síðkastið en það var einmitt Emil sem tryggði FH-liðinu Íslandsmeistaratitilinn síðasta haust.

Það var fjórði Íslandsmeistaratitill Heimis sem þjálfari FH og sjöundi Íslandsmeistaratitill hans með félaginu en hann vann einnig tvo sem leikmaður og einn sem aðstoðarþjálfari.

Heimir hefur því unnið alla leiki sína sem þjálfari FH og var fyrir nokkru búinn að slá metið yfir flesta sigurleiki með einu liði í efstu deild. Hann er líka sá eini sem hefur unnið hundrað leiki með sama félagi.

Ásgeir Elíasson þjálfaði á sínum tíma þrjú félög, eða FH, Þrótt og Fram. Hann vann flesta sigrana sem þjálfari Fram eða 96 þeirra. Ásgeir vann síðan 19 sigra sem þjálfari Þróttar og 5 sigra sem þjálfari FH sumarið 1980 en það var hans fyrsta þjálfarastaða í efstu deild.

Enginn leikmaður FH-liðsins hefur verið með í öllum sigurleikjunum en Atli Guðnason er ekki langt frá því. Atli Guðnason hefur spilað 116 af þessum 122 sigurleikjum Heimis sem þjálfara FH.

Atli Guðnason (178 leikir) er einn af fjórum leikmönnum sem hafa náð að spila yfir hundrað deildarleiki fyrir Heimi en Davíð Þór Viðarsson (99 leikir) bætist í þann hóp í næsta leik sínum fyrir FH. Hinir þrír eru Atli Viðar Björnsson (151), Pétur Viðarsson (127) og Björn Daníel Sverrisson (108).

Heimir Guðjónsson er bara rétt að byrja í boltum. Metið er komið í hús en með sama áframhaldi eru mun meiri líkur á því að hann vinni tvö hundruð leiki í efstu deild heldur en að einhverjum öðrum þjálfara takist að ná þessu meti af honum.

ooj@frettabladid.is

### Svona unnust þessir 122 leikir

**51** eins marks sigur
**32** tveggja marka sigrar
**23** þriggja marka sigrar
**11** fjögurra marka sigrar
**4** fimm marka sigrar
**1** átta marka sigur

**+206** Markatala Heimis Guðjónssonar í þessum 186 leikjum með FH-liðið er **408-202** eða **206 mörk í plús.**

**64** Leikir sem Heimir Guðjónsson hefur unnið á **Kaplakrikavelli** sem þjálfari.

**12** Leikirnir sem Heimir Guðjónsson hefur stýrt FH-liðinu til **sigurs á móti Fram** eða fleiri en á móti nokkru öðru liði.

**100%** Hlutfall stiga FH í húsi í **2. umferð** (9 leikir) og í **13. umferð** (8 leikir) undir stjórn Heimis.

**116** Sigurleikirnirnir sem **Atli Guðnason** hefur spilað undir stjórn Heimis Guðjónssonar með FH.

**10** Skiptin sem Heimir Guðjónsson hefur unnið lið undir stjórn **Ásmundar Arnarssonar.**

**20** Félögin sem FH hefur mætt **í efstu deild** síðan Heimir Guðjónsson tók við en hann hefur fagnað sigri á móti öllum.

**1. eða 2.** Sæti FH-liðsins á öllum átta tímabilum liðsins undir stjórn Heimis Guðjónssonar en uppskeran er **fjögur gull og fjögur silfur.**

---

**MICKELSON ÁFRAM Í FORYSTU** Bandaríski kylfingurinn Phil Mickelson er áfram með forystu eftir annan keppnisdaginn á Opna breska meistaramótinu í golfi. Mickelson, sem lék frábærlega í fyrradag, fór annan hringinn á 69 höggum, eða tveimur höggum undir pari. Mickelsen er samtals á 10 höggum undir pari. Næstur kemur Svíinn Henrik Stenson sem lék á sex höggum undir pari í gær og er samtals á níu höggum undir pari. Daninn Sören Kjeldsen og Bandaríkjamaðurinn Keegan Bradley eru jafnir í 3. sæti á sjö höggum undir pari. Öflugir kylfingar á borð við Jordan Spieth og Bubba Watson lentu í vandræðum í gær og rétt komust í gegnum niðurskurðinn.

**Ég er 100% liðsmaður. Að efast um fagmennsku mína er eitthvað sem ég læt ekki viðgangast. Samband mitt við liðsfélaga mína er frábært.**

Ingólfur Sigurðsson
**@11ingosig**

**GÍSLI OG GUÐRÚN BRÁ EFST** Gísli Sveinbergsson og Guðrún Brá Björgvinsdóttir leiða eftir fyrsta hringinn á Borgunarmótinu á Eimskipsmótaröðinni. Leikið er á Hvaleyrarvelli og er keppt um Hvaleyrarbikarinn í fyrsta sinn. Gísli lék fyrsta hringinn á tveimur höggum undir pari og er með eins höggs forystu á Kristján Þór Einarsson og Axel Bóasson. Guðrún Brá lék á fjórum höggum yfir pari og er einu höggi á undan Berglindi Björnsdóttur.

**ÓLAFUR NÆLDI Í HANNES** Landsliðsmarkvörðurinn Hannes Þór Halldórsson er genginn í raðir Randers. Hannes skrifaði undir þriggja ára samning við danska liðið sem Ólafur Kristjánsson þjálfar. Hinn 32 ára gamli Hannes hefur leikið með Bodö/Glimt í Noregi undanfarna mánuði á láni frá hollenska liðinu NEC Nijmegen. Hannes stóð sig frábærlega með íslenska landsliðinu á EM í Frakklandi en enginn markvörður varði fleiri skot á mótinu en hann. Hannes verður í hóp hjá Randers þegar liðið mætir Midtjylland í 1. umferð dönsku deildarinnar á mánudaginn.



### Í dag

| | | |
|---|---|---|
| **09.00** | **The Open Champ.** | Golfstöðin |
| **16.00** | **ÍBV - FH** | Sport |
| **16.00** | **Keflavík - Leiknir R.** | Sport 2 |
| **20.00** | **Marathon Classic** | Golfst. |
| **14.00** | **Haukar - Fjarðabyggð** | Ásvellir |
| **14.00** | **Leiknir F. - HK** | Fjarðab.höllin |
| **14.00** | **Fram - Grindavík** | Laugardalsv |
| **14.00** | **Huginn - Selfoss** | Seyðisfj. |
| **16.00** | **KA - Þór** | Akureyrarvöllur |

### Á morgun

| | | |
|---|---|---|
| **10.00** | **The Open Champ.** | Golfstöðin |
| **20.00** | **Fjölnir - Breiðablik** | Sport |
| **20.00** | **Marathon Classic** | Golfst. |
| **19.15** | **Víkingur Ó. - Stjarnan** | Ólafsv. |
| **19.15** | **Fylkir - KR** | Flóridanavöllur |
| **19.15** | **ÍA - Valur** | Norðurálsvöllur |




PIPAR\TBWA • SÍA • 163504

FRÉTTABLAÐIÐ
HELGIN



Það ríkir mikill nágrannakærleikur í Norðurmýrinni og búast má við miklu fjöri á hátíð hverfisins í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Nágrannarnir gleðjast saman

Norðurmýrarhátíð verður haldin í annað sinn í dag. Sérstaklega góður andi ríkir í hverfinu og nágrannarnir taka sig saman og bjóða upp á fjölbreytta dagskrá. Listamennirnir sem koma fram á hátíðinni búa allir í hverfinu.

Viktoría Hermannsdóttir
viktoria@frettabladid.is

Við erum svo miklir vinir hérna í hverfinu. Kveikjan að þessu var að gera eitthvað fallegt og vekja upp samfélagslega vitund,“ segir Tinna Gunnur Bjarnadóttir sem stendur að Norðurmýrarhátíðinni sem fram fer í dag. Íbúar hverfisins skreyta garða sína og taka þátt í hátíðinni á mismunandi hátt.

Tinna hefur búið í Norðurmýrinni í tíu ár og segir einstakan anda ríkja þar. Nágrannarnir séu miklir vinir og þar að auki búi listamenn þar nánast í hverju húsi. Henni fannst því tilvalið að safna saman öllum þessum hæfileikum og gera eitthvað skemmtilegt. „Það er mjög góður andi í hverfinu. Hverfið er uppbyggt þannig að allir garðar snúa í suður. Það eru lágir steinveggir milli garða sem gera það að verkum að maður er mikið að spjalla við fólk í næstu görðum. Ég fékk styrk frá Reykjavíkurborg í fyrra sem gerði mér kleift að redda hljóðkerfi og skreytingum. Þetta heppnaðist svo rosalega vel í fyrra og það hlakka allir til að koma í ár,“ segir hún.

Tinna segir hátíðina vera vettvang til þess að kynnast nágrönnunum betur og líka fyrir þau til að láta ljós sitt skína. Allir listamennirnir sem koma fram búa í hverfinu. „Þetta er svona götuhátíð almúgans þar sem allir geta komið fram og sýnt sitt,“ segir hún.

Fjölbreytt dagskrá er á hátíðinni fyrir alla aldurshópa. Bílskúrssölur, skottmarkaðir, listaverkasýningar, plöntuskipti, ljóðaupplestur, matarsmökkun, jóga og tónleikar svo eitthvað sé nefnt.

Andlitsmálning verður í boði fyrir börnin og ís. Hátíðin byrjar klukkan 12 á Bollagöturóló og stendur langt fram eftir kvöldi með tónleikum. Allir eru velkomnir á hátíðina.

## Um helgina

### FARÐU

á Kexport sem haldið er í dag frá 12 og stendur til miðnættis. Tólf hljómsveitir koma fram á hátíðinni sem haldin er í fimmta sinn.



### HUGLEIÐINGAR UM LÍFIÐ

„Föstudagskvöld fer bara í hugleiðingar um hvað ég sé að gera við líf mitt og hvernig ég fái fleiri „followers“ á Twitter. Á laugardag fer ég í brúðkaup hjá æskuvinkonu minni. Finnst líklegt að ég eyði sunnudeginum í að liggja uppi í rúmi að horfa á OITNB meðan ég óska þess að ég væri aktívari í lífinu.“ **Þórdís Nadia Semichat uppistandari**



### LESTU

Ástarsögur íslenskra kvenna sem kom út á dögunum. Þær Rósa Björk Bergþórsdóttir og María Lilja Þrastardóttir söfnuðu saman ástarsögum íslenskra kvenna.



### FATAMARKAÐUR Á PALLINUM

„Ég ætla að halda fatasölu á pallinum hjá mér á Suðurgötu. Þar verður hægt að gera góð kaup. Kvöldinu ætla ég svo að verja með syni mínum sem er nýkominn heim til Íslands í sumarfrí.“ **Katrín Hall, dansari**

### HLUSTAÐU

á sumarsmellinn Læda Slæda með hljómsveitinni Prins Póló.






### FACEBOOK OG SKYNDIBITI

„Ég ætla að vera mikið á Facebook og borða skyndibita. Allt innan borgarmarka. Eina áhugaverða sem ég ætla að gera um helgina er að kynna mig fyrir nýjum jarðarbúa sem bestu vinir mínir voru að eignast. **Bryndís Eva Ásmundsdóttir, pistlahöfundur**

### HORFÐU

á þáttinn The Night Of sem sýndur er á sunnudaginn klukkan 1 eftir miðnætti á Stöð 2.



# Keflavík ⇄ Reykjavík ⇄ Akureyri




## Bókaðu núna
## airportexpress.is

Gray Line
Your Iceland Tour Expert

## AIRPORT*EXPRESS*
***Reykjavík - Akureyri*** aðeins **9.000 kr**

### Daglegar brottfarir til 30. september 2016

**Tímatafla**

| AH300 Keflavík – Akureyri | | AH301 Akureyri – Keflavík | |
|---|---|---|---|
| Keflavík | 17:00 | Akureyri | 23:15 |
| Reykjavík | 17:45 | Varmahlíð | 00:25 |
| Borgarnes | 18:45 | Blönduós | 01:05 |
| Staðarskáli | 19:50 | Staðarskáli | 02:00 |
| Blönduós | 21:00 | Borgarnes | 03:10 |
| Varmahlíð | 21:40 | Reykjavík | 04:10 |
| Akureyri | 23:00 | Keflavík | 05:00 |

**Verð**

| Fullorðnir (18+) | Frá/Til Reykjavík | Frá/Til Keflavík |
|---|---|---|
| Reykjavík | – | 2.100 kr |
| Borgarnes | 2.500 kr. | 4.500 kr |
| Staðarskáli | 5.000 kr. | 7.000 kr |
| Blönduós | 7.000 kr. | 9.000 kr |
| Varmahlíð | 8.000 kr. | 10.000 kr |
| Akureyri | 9.000 kr. | 11.000 kr |

Öll verð með 11% virðisaukaskatti

- WIFI um borð
- Hallanleg sæti
- Lengra bil á milli sæta
- Færanleg sæti
- Salerni um borð
- Frítt fyrir 11 ára og yngri
- 50% afsláttur fyrir 12–17 ára

## AIRPORT*EXPRESS*
***Reykjavík - Keflavík*** aðeins **2.100 kr**

Ferðir í tengslum við öll áætlunarflug.

**Nánari upplýsingar**
Tel. +354 540 1313 | iceland@grayline.is | **grayline.is** | **airportexpress.is**

24/7 Free Wi-Fi



Lars Lagerbäck skilur við íslenska karlalandsliðið í 22. sæti heimslista FIFA. Það hefur aldrei verið ofar frá upphafi og er langhæst meðal Norðurlandaþjóðanna. MYND/VILHELM STOKSTAD

# Risastórt tækifæri sem verður að nýta

**Lars Lagerbäck** skilur nú við íslenska karlalandsliðið eftir mesta velmegunarskeið í sögu þess. Hann gerir upp árin sín hjá KSÍ og segir við þessi tímamót að nú þurfi að nýta þann mikla meðbyr sem nú nýtur við til þess að efla íslenska knattspyrnu enn frekar. Það sé auðvelt að gleyma sér þegar vel gengur og stærsta verkefnið nú sé hvernig eigi að halda áfram og gera enn betur en áður.

Eiríkur Stefán Ásgeirsson
eirikur@365.is



Hann heitir fullu nafni Lars Edvin Lagerbäck. Oftast kallaður Lasse af fjölmiðlum í Svíþjóð en við Íslendingar höfum stundum gripið til þess að kalla hann Lalla. Við látum Lars duga í þessu viðtali. Ég hitti Lars á hóteli rétt utan við Arlanda-flugvöllinn norðan við Stokkhólm og nágrannasveitarfélagið Solna, þar sem hann býr. Viðtalið var tekið á laugardagseftirmiðdegi um síðustu helgi, reyndar nokkrum mínútum of seint þar sem mér tókst að boða hann á rangt Radisson hótel. Þau eru nefnilega tvö við flugvöllinn, eins og ég komst að þegar ég hafði reynt að tékka mig inn á það ranga með takmörkuðum árangri.

Lars lét það ekki á sig fá að flakka á milli Radisson-hótela og tók brosandi á móti mér og Bjarna Einarssyni myndatökumanni í anddyrinu á því rétta. Auk þessa viðtals tökum við sjónvarpsviðtal við Lars um gengi Íslands á EM, frá undirbúningnum þar til strákarnir féllu úr leik, sem sýnt verður bæði á Stöð 2 og Stöð 2 Sport á sunnudagskvöld.

„Ég fæddist of snemma,“ sagði Lars þann 9. maí þegar landsliðshópur Íslands fyrir EM var tilkynntur. Um leið tilkynnti Lars endanlega þá ákvörðun sína að hann myndi ekki endurnýja samning sinn við KSÍ og hætta sem þjálfari íslenska landsliðsins, sem og hann gerði þegar Ísland lauk þátttöku í Frakklandi.

Hann fæddist þennan dag, 16. júlí, árið 1948 og fagnar því 68 ára afmæli sínu í dag. Lars er vinalegur maður og kurteis, það hafa að minnsta kosti verið kynni mín af honum frá því að hann tók við starfi landsliðsþjálfara í október 2011. Hann gaf sér alltaf nægan tíma fyrir fjölmiðla í starfi sínu, hvort sem er íslenska eða erlenda, og skipti engu hvort um fámennan blaðamannafund í Laugardalnum væri að ræða eða þaulsetinn fjölmiðlahitting á æfingasvæði strákanna okkar í Annecy í Frakklandi eftir frækinn sigur Íslands á Englandi í 16-liða úrslitum EM.

Það var engin undantekning á því þennan laugardaginn, jafnvel þó svo hann væri nýkominn aftur til síns heima eftir að hafa verið frá í um sjö vikur með landsliðinu þar sem hann ræddi við fjölmiðla nánast daglega, allt frá því að liðið kom fyrst saman um miðjan maí á Íslandi þar til það féll úr leik eftir tap gegn Frakklandi, sem heimsfrægt er orðið. Hann gaf sér nægan tíma fyrir viðtalið og kom víða við, þó svo að helsta hugðarefni hans væri framtíð íslenskrar knattspyrnu, staða þjálfunar á Íslandi og hvernig staðið er að málefnum knattspyrnunnar hér á landi.

### Ísland aldrei ofar

Eftir 5-2 tapið gegn Frökkum steig Lars formlega til hliðar sem þjálfari íslenska landsliðsins og eftir stendur Heimir Hallgrímsson einn sem aðalþjálfari. Þeir voru samþjálfarar liðsins undanfarin tvö ár en þar á undan var Lars einn aðalþjálfari íslenska landsliðsins með Heimi sér til aðstoðar. Hann skilur nú við landsliðið í 22. sæti heimslista Alþjóðaknattspyrnusambandsins, FIFA, sem kom út í fyrradag eftir að það sat neðst í 131. sæti á fyrstu mánuðum hans í starfi. Ísland hefur aldrei verið ofar á listanum.

Þetta eru mikil tímamót, ekki aðeins fyrir íslenska karlalandsliðið og íslenska knattspyrnu í heild sinni, heldur einnig hann sjálfan því Lars hefur lýst því yfir að hann ætli sér ekki að taka að sér annað aðalþjálfarastarf. Hann útilokar ekki aðkomu að knattspyrnunni í framtíðinni og segist reiðubúinn að ræða við hvern sem er um möguleg störf sem hann gæti tekið að sér. Hann vilji þó gefa sér meiri tíma fyrir fjölskyldu sína og vini, enda hafi hann verið frá í að minnsta kosti 150 daga á ári sem landsliðsþjálfari. Því ætlar hann að breyta.

Tímamótin eru einnig mikil fyrir Knattspyrnusamband Íslands. Ekki aðeins vegna þjálfaraskipta karlalandsliðsins heldur vegna sögulegrar velgengni liðsins á EM í Frakklandi. Og þeirra gríðarmiklu tekna sem velgengninni fylgja. ➡

## Horfir á fótbolta þegar aðrir hitta vini og vandamenn

„Ég hef engar sérstakar óskir um að vera opinber persóna. Þegar ég er ekki að sinna mínu starfi vil ég helst fá að vera út af fyrir mig,“ segir Lars Lagerbäck um þá staðreynd að hann hefur aldrei viljað ræða um einkalíf sitt í fjölmiðlum.

„Ég upplifði svo margar lygar í kringum mig þegar ég starfaði í Svíþjóð, bæði varðandi starfið mitt en líka einkalíf mitt. Nú síðast varð ég var við lygar þegar greint var frá því hvað ég átti að vera með í laun hjá KSÍ. Þær tölur voru afar fjarri sannleikanum,“ segir hann.

„Maður tapar alltaf slagnum sem opinber persóna. Ég tek slaginn í starfi mínu enda veit ég að fjölmiðlar eru stór hluti af starfi þjálfarans og það angrar mig ekki. En ég myndi aldrei opna tjöldin á mitt einkalíf.

Ég hef engan áhuga á því að setja börnin mín eða aðra sem eru mér nátengdir í sviðsljósið. Ég hefði ekkert á móti því ef þau vilja gera það sjálf en það mun ég ekki gera fyrir þau.“

Lars segir að starfsferillinn hafi bitnað á einkalífi hans, bæði fjölskyldu og vinum. „Án nokkurs vafa. Ég skildi, og fyrrverandi kona mín sem og núverandi geta vottað að maður á sér ekkert félagslíf sem þjálfari. Þegar annað fólk er að hitta vini og vandamenn um helgar þá er ég yfirleitt að horfa á fótbolta. Þar að auki hef ég verið frá í að minnsta kosti 150 daga á ári síðan ég byrjaði í þessu starfi árið 1990.“

Hans nánasta fólk hefur þó stutt hann dyggilega og gerði líka í Frakklandi. „Börnin mín tvö komu á leiki og það gerði líka bróðir minn og konan hans. Þau eru ánægð fyrir mína hönd.“

Hann sér ekki eftir neinu og kvartar ekki. „Ég hef notið svo mikilla forréttinda og upplifað svo margt í gegnum starfið mitt. Ég sé ekki eftir einni mínútu. Mér líkaði reyndar ekkert við fyrstu 45 mínúturnar gegn Frakklandi og það eru nokkrir leikir inn á milli sem ég vil helst gleyma,“ segir hann og brosir.


☆ Tenerife ☆ Kanarí ☆ Mallorca ☆ Almeria ☆ Benidorm, Albír og Alicante
Komdu með okkur í sólina á frábæru verði!
MALLORCA
FRÁ: 134.900 KR.*
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn á Sol Alcudia Center íbúð með einu svefnherbergi með öllu inniföldu. Verð 198.300 kr. á mann m.v. tvo fullorðna.
Brottför: 2. - 9. ágúst – 1 vika.
KANARÍ
FRÁ: 99.900 KR.*
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn á Eugenia Victoria Tvíbýli með hálfu fæði. Verð 114.400 kr. á mann m.v. tvo fullorðna.
Brottför: 3. - 10. ágúst – 1 vika.
*Innifalið: Flug, flugvallaskattar, 20 kg taska, handfarangur, gisting og íslensk fararstjórn.
ALBÍR
FRÁ: 115.900 KR.*
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn á Albir Playa tvíbýli með morgunverði. Verð 147.900 kr. á mann m.v. tvo fullorðna.
Brottför: 2. – 9. ágúst - 1 vika.
ALMERÍA
FRÁ: 79.900 KR.*
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn á Arena Center íbúð með einu svefnherbergi. Verð 99.900 kr. á mann m.v. tvo fullorðna.
Brottför: 11. - 18. ágúst – 1 vika.
KÍKTU Á SUMARFERDIR.IS OG BÓKAÐU ÞÍNA FERÐ Á FRÁBÆRU VERÐI. FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR!
Kanarí brottfarir í ágúst 3., 10. 17. 24. & 31.
Mallorca brottfarir í ágúst 2., 9., 16., 23. & 30
Almería brottfarir í ágúst 4., 11., 18., & 25.
Benidorm, Albír & Alicante brottfarir í ágúst 2., 5., 9., 12., 16., 19., 23., 26., & 30.
Tenerife brottfarir í ágúst 6., 13., 20. & 27.
Gildir aðeins með nýjum bókunum
SUMAR FERÐIR
...eru betri en aðrar



Lars ræðir við blaðamann á hóteli rétt utan við Stokkhólm á dögunum. MYND/VILHELM STOKSTAD

ÞAÐ ER ÓRAUNHÆFT AÐ ÆTLA AÐ FARA SÖMU LEIÐ OG STÓRU LÖNDIN OG STÓRU FÉLÖGIN. VIÐ VERÐUM AÐ FINNA OKKAR EIGIN LEIÐ OG FINNA HVAÐ VIÐ GETUM GERT TIL AÐ NÁ ÁRANGRI Á OKKAR HÁTT.

### Meiri umfjöllun um Lars Lagerbäck og íslenska landsliðið

**Næstu daga verður enn frekað fjallað um Lars Lagerbäck í miðlum 365.**

- Annað kvöld verður sérstakur viðtalsþáttur við hann um gengi Íslands á EM í Frakklandi sýndur á Stöð 2 og Stöð 2 Sport.
- Styttri útgáfan er á dagskrá Stöðvar 2 klukkan 19.10.
- Viðtalið verður svo í fullri lengd á Stöð 2 Sport klukkan 22.00.
- Þá munu næstu daga birtast greinar á Vísi þar sem Lars Lagerbäck ræðir meðal annars um starfsemi KSÍ og formanninn Geir Þorsteinsson, reglur og viðmið sem hann hefur sett leikmönnum og starfsmönnum landsliðsins, áhyggjur hans af viðræðum leikmanna við KSÍ um bónusgreiðslur og Heimi Hallgrímsson, meðþjálfara hans hjá landsliðinu, sem hann telur í hópi sinna bestu vina.

### ➡ Peningarnir hverfa eftir 1-2 ár

KSÍ fékk um 1,9 milljarða króna frá Knattspyrnusambandi Evrópu, UEFA, fyrir þátttöku sína og góðan árangur á EM í Frakklandi. Þetta eru stjarnfræðilegar upphæðir fyrir íslenskar íþróttir en til samanburðar má nefna að íslenska ríkið lagði 100 milljónir króna í Afrekssjóð ÍSÍ fyrir árið 2016 og hafði sú upphæð þá hækkað um 30 milljónir frá árinu á undan. Afrekssjóður ÍSÍ á að nýtast öllum sérsamböndum þess, KSÍ meðtalið.

Stór hluti af upphæðinni sem KSÍ fékk frá UEFA var notaður til að standa straum af kostnaðinum sem hlaust af því að taka þátt í mótinu í Frakklandi. Uppihald var dýrt sem og ferðalög á milli borga og leikja.

Engu að síður tilkynnti Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, á ársþingi sambandsins í vetur að 300 milljónir af upphæðinni sem KSÍ fékk frá UEFA eftir að Ísland tryggði sér þátttökuréttinn á EM, 1,1 milljarði króna, myndu renna til aðildarfélaga sambandsins. Lars staldrar við það.

„Ég skil það vel og aðildarfélögin eiga að fá að njóta velgengninnar líka. Hvort sem það eru stóru félögin eða grasrótarstarfsemin,“ segir hann. „En ég hef líka tekið þátt í að ræða hugmyndir við þá sem starfa í fræðslumálum innan KSÍ um að nota eigi upphæðina til að þróa unga leikmenn. Mér myndi hugnast mun betur ef slík leið yrði farin til að styrkja starf félaganna.“

Hingað til hefur því verið haldið fram að einn af lykilþáttum velgengni íslenska landsliðsins sé hversu vel er hlúð að ungum knattspyrnuiðkendum hér á landi og að hver og einn njóti leiðsagnar menntaðs þjálfara. Lars segir þó að það þurfi að gera meira fyrir ungt knattspyrnufólk hér á landi og þá sérstaklega hvað þjálfun varðar.

„Ég hef séð að félög á Íslandi vinna gott starf með yngri flokka sína. En það fer svo að skipta verulegu máli upp á framtíð ungra knattspyrnumanna og -kvenna hvernig staðið er að þjálfun þeirra þegar þau komast á táningsaldur. Þá þarf að vinna eins faglega með þau og mögulegt er og miðað við núverandi ástand væri hægt að nýta fjármagn eins og þetta til að auka gæði þjálfunar fyrir þennan hóp,“ segir Lagerbäck.

Hann segist hafa samanburð eftir að svipuð staða kom upp hjá sænska knattspyrnusambandinu þegar hann hóf þar störf árið 1990. Þá fengu öll félög í efstu tveimur deildunum í Svíþjóð fjármagn sem þau urðu að nota til að ráða þjálfara fyrir 16-19 ára leikmenn.

„Vonandi yrði verkefni sem þetta til þess að fleiri leikmenn verði lengur á Íslandi. Ég hef séð sömu þróun í Svíþjóð, þegar ungir leikmenn halda af landi brott til að sækja sér betri þjálfun,“ segir Lagerbäck.

„Lykillinn að framtíð íslenskrar knattspyrnu er að örva þjálfara ungra leikmanna og leikmennina sjálfa. Það er ekki hægt að nota peninginn í neitt betra en það. Aðstaðan á Íslandi er fyrir hendi og hægt að bæta heilmikið með því að fjárfesta í betri þjálfun. Áhættan við að afhenda félögunum peninga skilyrðislaust er sú að þeir munu einfaldlega hverfa eftir 1 til 2 ár,“ segir hann og bætir við aðspurður að honum myndi til dæmis hugnast illa að nýtt fjármagn yrði notað í leikmannakaup eða launahækkanir.

### Samstarf þjálfara nauðsynlegt

Ráðningu hans til KSÍ á sínum tíma var tekið fagnandi enda hafði verið uppi krafa um að ráða þjálfara til starfa sem hefði alþjóðlega reynslu, til samanburðar við þá staðreynd að langflestir leikmenn íslenska landsliðsins spiluðu utan landsteinanna og hefðu gert frá táningsaldri. Það þurfti alþjóðlegan þjálfara til að fara með íslenska knattspyrnulandsliðið upp á annað og betra stig.

Lars er ekki með neinar hugmyndir um að íslensk félög ráði erlenda þjálfara til að geta boðið sínu efnilegasta knattspyrnufólki upp á þjálfun sem væri sambærileg við þá sem jafnaldrar þess hjá stórum knattspyrnufélögum í Evrópu fá. Það séu til aðrar leiðir til að ná árangri í þjálfun.

„Það er óraunhæft að ætla að fara sömu leið og stóru löndin og stóru félögin. Við verðum að finna okkar eigin leið og finna hvað við getum gert til að ná árangri á okkar hátt,“ segir hann og nefnir að einna mikilvægast í því tilliti sé aukið samstarf á milli þjálfara, félaga og knattspyrnusambandsins.

„Það er gott að íslenskir þjálfarar eru vel menntaðir en menntunin ein og sér er ekki nóg. Það þarf reynslu líka og hana er hægt að sækja víðs vegar að og miðla með samstarfi. Bestu reynsluna hafa yfirleitt þjálfarar landsliðanna, eldri og yngri, og þeir þurfa að vera í nánu samstarfi við þjálfara hjá félögunum og ræða sín á milli hvernig hægt er að ná sem bestum árangri.“

Lars vill taka skýrt fram að hann beri mikla virðingu fyrir þeirri vinnu sem unnin hafi verið fyrir íþróttina hér á landi.

„Þetta er allt saman undir KSÍ komið og félögunum sjálfum. En þau ættu að nýta þetta tækifæri til að setjast niður og ræða þessi mál almennilega. Nú er komið fram risastórt tækifæri með tilkomu þessa aukafjármagns auk þess sem við höfum lært mikið af síðustu undankeppni sem og af dvölinni nú í Frakklandi. Það verður að huga að langtímalausnum og hvernig KSÍ vill skipuleggja sig til framtíðar svo að íslensk knattspyrna verði enn betri með árunum.“

### Nefnd með óskýrt hlutverk

Lars segir að tími hans hjá KSÍ hafi verið góður og að hann hafi átt í góðu samstarfi við starfsfólkið þar. Það sé þó ýmislegt sem megi bæta til að gera umhverfið enn fagmannlegra. Lars notar orðið „professional“ mikið í viðtalinu og segir að lykillinn að allri velgengni sé að allir sem koma að starfi KSÍ og landsliðsins séu eins fagmannlegir og hægt er. Það sé grunnkrafa sem hann gerir til leikmanna sinna og starfsmanna landsliðsins.

„Ef ég er gagnrýninn á störf KSÍ þá er það vegna þess að þar má ýmsu breyta. Ég tek þó fram að ég ber virðingu fyrir því hvernig KSÍ starfar en að baki því er ákveðin menning sem á sér langa sögu,“ segir hann.

Síðan hann hóf störf hjá KSÍ leitaði hann annaðhvort til formanns sambandsins, Geirs Þorsteinssonar, eða framkvæmdastjóra (áður Þóris Hákonarsonar og nú Klöru Bjartmarz) þegar taka þurfti ákvörðun um aukin fjárútlát.

Staðreyndin er hins vegar sú að starfandi er sérstök landsliðsnefnd sem hefur það hlutverk að taka allar ákvarðanir sem lúta að landsliðinu. Lars segir að tilvist hennar hafi í fyrstu verið sér algjörlega óljós.

„Mín skoðun er sú að landsliðsþjálfarinn eigi að heyra beint undir framkvæmdastjórann og stjórn [KSÍ]. Og þannig hefur það raunar verið á mínum árum hjá sambandinu. Ég vissi bara ekki um nefndina þegar ég hóf störf og Geir sagði mér að ef það væri eitthvað sem ég þyrfti þá gæti ég leitað til hans,“ lýsir Lagerbäck. „Landsliðsnefndin hafði því í raun enga þýðingu fyrir mér en með tímanum komst ég að því að hún hafði það yfirlýsta hlutverk að hafa umsjón með landsliðinu.“

### Þjálfarinn verður að eiga lokaorðið

Fjórir nefndarmenn eru í landsliðsnefnd karla, þeir Rúnar V. Arnarson, Róbert Agnarsson, Jóhannes Ólafsson og Magnús Gylfason. Allir hafa þeir gegnt trúnaðarstörfum í knattspyrnunni um árabil, sérstaklega þrír fyrstnefndu en Magnús á langan þjálfaraferil að baki og kom í nefndina á síðasta ársþingi KSÍ.

Nefndarmeðlimir voru allir með í för í Frakklandi, líkt og öðrum ferðum sem landsliðið fer í. Lars hefur þá sýn að hafa eins fáa starfandi í kringum landsliðið og mögulegt er og að allir hafi skýrt hlutverk og ábyrgð.

„Ég skil vel að stjórnin þurfi að hafa augu og eyru í landsliðsumhverfinu til að fylgjast með því starfi sem þar er unnið. En því meira sem er af fólki, því meira er talað og truflað. Það er sérstaklega mikilvægt þegar farið er í lokamót eins og EM þar sem hópurinn þarf að vera lengi saman og minnstu atriði geta haft mjög truflandi áhrif.“

Hann segir að það hafi komið upp dæmi, þó fyrir Frakklandsförina, þar sem inngrip landsliðsnefndar hafi valdið ruglingi. „Það kom fyrir að þeir stigu inn og sögðu starfsliði fyrir verkum. Það er mín skoðun að það eigi enginn að segja starfsliðinu fyrir verkum nema landsliðsþjálfarinn. Allt verður að fara í gegnum mig eða Heimi. Ef þjálfarinn stendur sig svo ekki í starfi þá er stjórn sambandsins heimilt að fjarlægja hann. Það gengur ekki að mínu mati að hafa marga yfirmenn. Þjálfarinn verður að eiga lokaorðið.“

Lars segir að allt hafi verið rætt í þaula áður en haldið var til Frakklands, ekki síst vegna uppákomu sem átti sér stað í landsliðsferð fyrr í vetur. Hann vildi þó ekkert segja um hvað hafi þá gerst.

„Það sem ég get sagt er að það hafa komið upp atvik sem urðu meðal annars til þess að fundað var með nefndinni. En hvað þar átti sér stað mun ég ekki tjá mig um, það er mál sem verður að útkljá innan knattspyrnuhreyfingarinnar,“ segir Lagerbäck.

### Nauðsynlegt að ræða málin

Hann hefur ekki áhyggjur af því að mál landsliðsins fari í fyrra horf nú þegar hann lætur af störfum hjá KSÍ. „Að minnsta kosti ekki á meðan Heimir er landsliðsþjálfari. Hann hefur það sterkan persónuleika að það kæmi mér mjög á óvart að það yrði breyting á störfum landsliðsins til hins verra undir hans forystu sem landsliðsþjálfara.“

Hann ítrekar að hann hafi átt gott samstarf við alla hjá KSÍ, líka landsliðsnefndarmeðlimi sem hann beri virðingu fyrir. „Það er margt gott í gangi hjá KSÍ en það er mín skoðun að það þurfi nú að setjast niður og ræða málin almennilega og frá öllum hliðum. Hvað KSÍ og íslensk knattspyrna geti gert til að bæta sig og halda sér í þeim gæðaflokki sem hún er í. Það er auðvelt að halda að það sé allt frábært eins og er, ekki síst með tilliti til þess hversu mikið af peningum flæðir inn, en nú hefst alvöru prófraunin – getur íslensk knattspyrna haldið sér á þessum stalli?“



Grillað grænmeti
SPERGILKÁL
1 Skerið í bita.
2 Veltið upp úr sesamolíu og sojasósu.
3 Stráið sesamfræjum, salti og pipar yfir.
4 Vefjið í álpappír og grillið í 5 mín.
Grillaðu grænmeti eins og meistari með hjálp myndbandanna okkar á
islenskt.is
ÞÚ VEIST HVAÐAN ÞAÐ KEMUR
íslenskt grænmeti

# Enn þögn um afleiðingar kynferðis-ofbeldis


Eva Brá Önnudóttir segir þögn ríkja um afleiðingar kynferðisofbeldis. Flestir vilji harka það af sér en það sé í lagi að bugast um tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**Evu Brá Önnudóttur** var nauðgað af þremur mönnum fyrir rúmu ári. Hún segir andlegar afleiðingar ofbeldis mun erfiðari að takast á við en líkamlegu áverkana. Lítill skilningur sé hjá samfélaginu um hverjar afleiðingar kynferðisofbeldis séu og hvernig þær geti brotist út hjá þolendum. Aðstandendur verði að gefa sér tíma til að hlusta.

Snærós Sindradóttir
snaeros@frettabladid.is



Að vissu leyti er ég heppin af því að brotið mitt er brotið sem fólk trúir. Nauðgararnir mínir eru þessir skrímslavæddu menn sem þú þekkir ekki og nýta sér algjörlega aðstöðu þína," segir Eva Brá Önnudóttir sem fyrir rúmu ári var nauðgað af þremur ókunnugum mönnum. Mennina hitti hún á skemmtistað í miðbæ Reykjavíkur en man lítið eftir kynnunum og ekki hvernig hún komst í íbúð sem þeir höfðu til umráða.

„Ég man í rauninni ekkert þar til ofbeldið byrjar. Þá átta ég mig á mér. Brotin eru frekar skýr í minningunni og öll atburðarásin varðandi þau. Ég man vel hvernig mér leið á meðan og hvað ég hugsaði. Ég var mjög oft að hugsa að þetta væri nú ekki það versta sem hefði komið fyrir mig, þó það sé örugglega ekki rétt. Þarna var ég bara strax byrjuð að reyna að bjarga geðheilsunni með ákveðinni afneitun."

Eva upplifði að hún væri frelsissvipt á meðan á brotunum stóð. Hún gæti ekki farið. „Ég hefði getað verið stödd hvar sem er í veröldinni. Á einum tímapunkti reyndi ég að komast í tölvu, af því ég var símalaus, það var einhvers konar bjargráð til að annaðhvort finna út hvar ég væri eða senda einhverjum skilaboð. En þegar ég kem út úr íbúðinni átta ég mig á því hvar ég er og að ég sé í umhverfi sem ég þekki mjög vel. Það var líka mjög skrýtin upplifun. Að finnast maður vera lengst í burtu og komast hvergi en svo ertu þannig séð bara mjög nálægt heimili þínu."

### Líkamlegir áverkar ekki verstir

Þrátt fyrir að hafa upplifað frelsissviptingu á meðan á brotunum stóð var ljóst að Eva mátti fara þegar mennirnir höfðu komið vilja sínum fram við hana. „Ég hef lesið um það hvernig nauðgarar enda brot sín með mismunandi hætti. Mér var til dæmis ekki hótað, heldur miklu frekar eins og það hefði ekkert gerst þarna. Eins og þeim væri alveg sama."

Eva Brá fór heim og sagði vini sínum og sambýlingi fljótt frá brotinu. Sá fór beint með hana á neyðarmóttöku fyrir þolendur kynferðisofbeldis. Hún var enn í sömu fötunum og kvöldið áður og ekki búin að fara í sturtu.

„Ef vinur minn hefði ekki talað mig til hefði ég líklega aldrei farið á neyðarmóttökuna. Að sama skapi ætlaði ég alls ekki í læknisskoðun þegar þangað var komið og allra síst að tala við lögregluna. En ég var töluð inn á að taka eitt skref í einu."

Læknisskoðun sýndi með óyggjandi hætti að ofbeldi hefði átt sér stað. „Líkamlegu þættirnir, hvað þeir gerðu nákvæmlega, hefur alltaf verið eitthvað sem ég hef ekki talað um. Mér finnst það ekki það mikilvægt. Það voru ekki líkamlegu áverkarnir, þó þeir hafi verið talsverðir, sem voru að trufla mig. Ég var mjög bólgin niður eftir öllu bakinu og með mikla áverka á kynfærum," segir Eva Brá. Andlegu afleiðingar brotsins séu alvarlegri og grói seinna en líkamlegu áverkarnir.

### Lögreglan rannsakaði ekki brotið

Eva Brá ræddi við rannsóknarlögreglumann á neyðarmóttöku og sagði honum eins mikið og hún gat um brotið. Hart var lagt að henni að kæra brotið en hún segir að á þessum tímapunkti hafi hún ekki getað tekið þá ákvörðun. „Ef maður setur sig í mín spor þá var ég nýbúin að lenda í mjög erfiðri lífsreynslu um nóttina og mætti á neyðarmóttökuna ósofin og ekki búin að borða neitt. Í minningunni fannst mér eins og ég hefði verið í heila eilífð þar. Ef lögreglan hefði strax farið og rannsakað málið hefðu þeir líklega náð mínum gerendum ósturtuðum. Það hefði líklega enn verið hægt að finna ummerki í íbúðinni sem hefðu verið farin viku seinna. Þau gögn væru þá að minnsta kosti til þegar ég, kannski viku seinna, væri búin að fá að anda, borða og sofa.

Vegna þess að ég vissi ekki hverjir þetta voru þá gat ég ekki viku síðar bent á einhverja menn og beðið lögregluna um að ná í þá. Af því þeir voru þrír þá var ekkert víst hver þeirra bjó í íbúðinni, eða hvort einhver þeirra bjó þar. Það að lögreglan hafi ekki rannsakað málið hefði jafnvel þýtt að viku seinna, þegar ég hefði verið tilbúin að kæra, væri tækifærið farið, íbúðin tóm og enginn veit hverjir voru þar," segir Eva. Hún ítrekar að hún hafi beðið lögreglumanninn um að rannsaka málið, þó hún hafi ekki getað ráðist í það formsatriði sem kæra er.

„Það er ákveðinn tvískinnungur í því að hamra á því að möguleikarnir mínir minnki með hverri klukkustund. Þarna var gott tækifæri til að finna þessa menn og afla sönnunargagna. Þetta er bara spurning um að slaka aðeins á því að þolendur þurfi strax að taka ákvörðun um að fara í gegnum réttarkerfið næstu tvö árin með tilheyrandi skýrslutökum þar sem ég hefði þurft að segja frá brotunum í minnstu smáatriðum."

### Druslugangan hjálpaði til

Eva Brá var, á þeim tíma sem henni var nauðgað, sjálf að skipuleggja Druslugönguna. Druslugangan verður næst gengin 23. júlí. Eva segir að tilvist göngunnar og það hversu vel hún þekkti boðskapinn hafi hjálpað sér.

„Ég tók aldrei ábyrgð á brotinu innra með mér. Ég fór strax með rulluna sem Druslugangan er að senda stöðugt. Allt ferlið var ég að segja sjálfri mér að ég bæri ekki ábyrgð og hefði ekki boðið upp á þetta. Þannig náði ég að koma í veg fyrir hugsanir um að ég hefði verið of full eða að ég hefði bara átt að vera farin heim. Út af Druslugöngunni slepp ég við ótrúlega margar tilfinningar sem margir eru að díla við. Það er auðvitað tilgangur göngunnar, að sem fæstum líði eins og þeir beri ábyrgð."

Það þýðir þó ekki að Eva Brá hafi komist hjá öllum afleiðingum kynferðisofbeldisins og geti haldið lífi sínu áfram eins og ekkert hafi í skorist. „Það erfiðasta er að þessi brot rista alveg ofan í dýpstu þætti sjálfsmyndar þinnar. Þau rífa upp allt sem hefur verið vont í lífinu. Allar afleiðingarnar brjótast einhvern veginn út. Ég varð ótrúlega viðkvæm fyrir öllu í umhverfinu og á enn erfitt með það."

Eva segir að fæstir aðstandendur þolenda kynferðisofbeldis séu meðvitaðir um afleiðingarnar og sýni því lítinn skilning hvernig þær geta brotist út. Flestir sjái fyrir sér þessar stöðluðu hugmyndir um áfallastreituröskun, svo sem þegar þolendur endurupplifa brotin. Afleiðingarnar geti þó verið mun flóknari en svo.

### Þögn um afleiðingarnar

„Við tölum aldrei um afleiðingarnar. Við erum komin á þann stað að fólk segir frá, sem er ótrúlega mikil opnun, en svo er ekkert meir. Leyndarmálið sem áður var að þú hefðir orðið fyrir kynferðisofbeldi verður erfiðu tilfinningarnar sem þú ert að burðast með. Það væri svo miklu auðveldara ef þolendur gætu viðurkennt að þeir séu brotnir og bugaðir. Og viðurkennt að það er í lagi að vera alveg í fokki í einhvern tíma."

Eftir kynferðisofbeldi þurfi þolendur að fara í mikla vinnu til að byggja sig upp aftur. „Sama hversu mikill feluleikur fer í gang þá brjótast afleiðingarnar út einhvern veginn. Maður fer eiginlega að skammast sín fyrir tilvist sína og finnast hvergi pláss fyrir mann. Ég held að þolendur séu almennt hræddir við höfnun. Allt í einu finnst þér ekki pláss fyrir þig í fjölskyldunni þinni eða vinahópnum. Það vill enginn vera sá sem talar bara um það sem er erfitt og leiðinlegt."

„Þegar þú ert að glíma við mjög alvarlegar afleiðingar ofbeldis þá er erfitt að funkera í daglegu lífi. Það er erfitt að halda uppi daglegri rútínu, vera í skóla og vinnu, það verður alveg erfitt. Það er ótrúlega erfitt að viðurkenna vanmátt sinn og viðurkenna að eitthvað sé of mikið fyrir sig. Eitthvað sem að þú áður áttir ekki í neinum vandræðum með. Svo er maður fastur í því að maður verði að vera sterkur og þetta megi ekki brjóta þig, en það er allt í lagi að þetta bugi þig. Það er fullkomlega eðlilegt að kynferðisofbeldi bugi þig um ákveðinn tíma. Mér finnst þau skilaboð ekki vera nógu mikið í umræðunni. Það er í lagi að bugast," segir Eva.

„Það mikilvægasta sem þú getur gert fyrir þolanda er kannski bara að leggja á sig að hlusta. Þó það taki líka á. Vera til staðar og jafnvel hvetja þolendur til að tala um það hvernig þeim líður."

# Nammidagur

16. júlí 2016

**KYNNINGARBLAÐ**

# Piparpopp með karamellu og fleira gott

**Oddrún Helga Símonardóttir** býr sjálf til megnið af því nammi sem borðað er á heimilinu. Hún reynir ávallt að hafa það í heilsusamlegri kantinum og gefur hér nokkrar uppskriftir að slíku sælgæti.



Oddrún Helga í eldhúsinu heima. Hún gefur uppskriftir af hollu og góðu nammi.

Oddrún tók mataræði fjölskyldunnar í gegn fyrir nokkrum árum vegna mataróþols barna hennar sem kom fram í hegðunarerfiðleikum. „Við tókum út mjólkurvörur, litarefni og önnur aukaefni, hvítt hveiti, sykur og unnar matvörur. Það gerbreytti lífi okkar,“ lýsir Oddrún.

Fyrstu árin tók hún mjög stíft á mataræðinu en hún viðurkennir að hún sé ekki eins ströng í dag. „Ég segi oft á námskeiðunum sem ég held að gott viðmið sé 80/20. Ef maður býður uppá hollustu í 80 prósent tilvika er alveg svigrúm fyrir eitt og annað.“

En hvernig gengur að halda sykri frá börnunum? „Þau eru nú ekki alveg sykurlaus, og ég ekki heldur. Eftir því sem börnin eldast eru þau ákveðnari í því að það sé nammidagur á laugardögum, þrátt fyrir það að við höfum aldrei kynnt það þannig þá er þetta bara svo sterkt í umhverfinu að það jaðrar við landslög. Þar af leiðandi er yfirleitt eitthvert gotterí í boði á laugardögum. Oftast reyni ég að búa til heimatilbúið sælgæti en stundum er ekki tími eða aðstæður til þess svo öðru hverju kaupum við tilbúið sælgæti. Það sem verður oftast fyrir valinu er hreint súkkulaði, appelsínusúkkulaði, dökkar súkkulaðirúsínur, sleikjó eða Haribo-hlaup. Ég les yfirleitt utan á og forðast að kaupa sælgæti með kemískum litarefnum. Við leggjum áherslu á það að magnið sé lítið í einu og því er það ekki þannig að þó að það sé nammidagur að þá séu risaskammtar í boði. Ef það er eitthvað spennandi að gerast hina dagana t.d. bíóferð eða gestir í mat gildir það sama eins og á laugardögum, það er eitthvað gott í boði en bara lítið magn,“ svarar Oddrún.

En hvað er vinsælasta nammið á heimilinu? „Það er mjög vinsælt að búa til súkkulaði- eða karamellupopp. Um daginn setti ég lakkríspúður yfir karamellupoppið enda er piparinn voða vinsæll þessa dagana,“ segir Oddrún og gefur hér þrjár skemmtilegar nammiuppskriftir. **solveig@365.is**



Karamellukubbarnir eru mjög vinsælir á námskeiðum Heilsumömmunnar.

## KARAMELLUKUBBAR

**1 dl smjör eða kókosolía**
**1/2 dl hlynsýróp**
**1/2 dl kókospálmasykur**
**1 dl rjómi eða kókosmjólk (þykk)**
**örlítið salt**
**1/3 teskeið af hreinu vanilludufti**
**1,5 dl hrísflögur, lífrænt kornflex eða poppuð hrísgrjón**
**1,5 dl pekan-hnetur eða möndlur, grófsaxaðar**
**1,5 dl kókosflögur, grófsaxaðar**
**50 g dökkt súkkulaði (sett ofan á)**

Setjið smjör, hlynsýróp, kókospálmasykur, rjóma, salt og vanilluduft í pott og leyfið því að malla þangað til karamellan er orðin seig og hægt að sjá sleifarfarið í botninum. Leyfið henni að malla ennþá lengur og passið að hræra vel svo hún brenni ekki. Ef karamellan er ekki orðin nógu seig verður hún ekki stökk þegar hún kólnar svo það er mjög mikilvægt að vera nógu þolinmóð og leyfa henni að malla nógu lengi. Þegar þið haldið að hún sé klár er gott að hafa hana lengur á hellunni. Þegar hún er tilbúin breytir hún um áferð og byrjar að freyða. Þá fyrst takið þið pottinn af hellunni.
Blandið saman hrísflögum, kókosflögum og hnetum í skál og blandið saman við karamelluna í pottinum.
Setjið í mót klæddu bökunarpappír eða í sílíkonmót.
Kælið.
Bræðið súkkulaðið og skreytið með (best að setja það yfir þegar búið er að kæla aðeins).



Sjúklega gott súkkulaði.

## SJÚKLEGA GÓÐ SÚKKULAÐIPLATA

**1,5 dl bráðið kakósmjör (bræðið við mjög lágan hita eða í vatnsbaði)**
**1,5 dl kakó**
**0,5-0,75 dl hlynsýróp**
**örlítið gott salt**
**örlítið vanilluduft**
**1,5 dl gotterí ofan á plötuna eftir smekk, á myndunum er ég með goji ber, trönuber, mórber pekan-hnetur og brasilí-hnetur (aðrar góðar hugmyndir eru saxaðar möndlur, graskersfræ og kókosflögur)**

Blandið súkkulaði-hráefninu saman og leyfið blöndunni að kólna aðeins svo hún þykkni.
Setjið blönduna í sílíkonmót eða hellið yfir bökunarpappír.
Stráið yfir blönduna gotteríinu sem þið viljið nota.
Stingið í ísskáp í ca. 30 mín eða í frysti í ca. 10 mín.
Brjótið í litla (eða stóra) bita og setjið í skál og njótið í botn.



Karamellupipar-poppið er vinsælt meðal fullorðinna. Krakkarnir kjósa frekar karamellupoppið eitt og sér.

## KARAMELLUPIPAR-POPP

Nýjasta æðið á heimilinu er karamellupipar-popp. Ég ákvað að vera með í pipar-æðinu sem er að gera allt vitlaust þessa dagana. Ég nota piparduft sem fæst í Epal sem er bara hrein, möluð lakkrísrót og er ótrúlega gott.

**10 dl (um það bil) af tilbúnu poppi**
**5 msk. kókosolía eða smjör**
**5 msk. kókosmjólk eða rjómi**
**5 msk. kókospálmasykur eða Hlynsýróp**
**Örlítið vanilluduft og salt**
**1 tsk. piparduft**

Poppið popp eins og þið eruð vön. Sjálfri finnst mér best að poppa upp úr kókosolíu.
Búið til karamelluna (sama aðferð og karamellukubbarnir).
Setjið poppið í ofnskúffu, hellið karamellunni yfir og blandið vel.
Sáldrið piparduftinu yfir.
Stingið ofnskúffunni í frysti í 10 mín. eða 30 mín. í ísskáp.
Hellið í skál og njótið.

Það er aðeins foreldrunum á heimilinu sem finnst pipar-útgáfan góð svo börnin fá sér bara venjulegt karamellupopp og sleppa pipartvistinu.

**...verðlaunin fyrir besta bíónammið fær**




**Litríkt bíónammi**




# Hvaða sælgætis saknar þú mest?

Margs er að sakna þegar flutt er frá heimahögunum á Íslandi og út í hinn stóra heim. Nokkrir brottfluttir Íslendingar voru inntir eftir því hvaða íslensks sælgætis þeir sakna mest og svörin voru allt frá fjólubláum tópas til ástarpunga.

## HEIT LIFRARPYLSA

**Magnea Marinósdóttir** alþjóðastjórnmálafræðingur hefur undanfarin ár starfað í Afganistan, Bosníu, Kósovó og starfar nú í Palestínu.



„Ég sakna í raun og veru einskis þegar ég er í burtu en hlakka þeim mun meira til að koma heim og fá mér mitt þjóðlega sælgæti. Eitt það fyrsta sem ég geri eftir að ég lendi er að fara í Melabúðina og kaupa mér heita lifrarpylsu. Svo er það harðfiskur með smjöri og kleinur, kringlur og súkkulaðisnúður. Þegar ég fer til Akureyrar þar sem ég er fædd og uppalin líður mér eins og Gollum í Hringadróttinssögu en í stað hringsins eru það ástarpungar og soðið brauð sem heltaka hugann. Ég tek stefnuna einbeitt að minni uppáhaldsbrauðbúð, framkvæmi kaupin hratt og örugglega og held svo inn í eldhúsið hjá föður mínum þar sem ég gæði mér á krásingunum! Þar er hápunktinum náð! Einu sinni sem oftar fór ég í Melabúðina til að kaupa mér heita lifrarpylsu og fór með hana heim til systur minnar sem á fjögur börn. Næstyngsti sonurinn, Einar Valur, sem þá var fjögurra ára, er mikill matgæðingur og hann þáði lifrarpylsu. Svo sátum við tvö, ég og hann, og borðuðum lifrarpylsuna saman í þögn fyrir utan regluleg velþóknunar- og vellíðunarhljóð sem við gáfum frá okkur. Ég hef sjaldan upplifað jafn mikla samkennd og einlægan skilningi á þeirri ánægju sem fylgir því að borða mat sem maður hefur saknað lengi."



Magnea Marínósdóttir saknar þess mest að geta ekki keypt sér ástarpunga og heita lifrarpylsu þegar löngunin grípur hana.

## SYKURÁVÖXTUR OG MANDARÍNA

**Eggert Gunnarsson** framleiðslu- og fréttastjóri hjá stærstu sjónvarpsstöð Papúa Nýju-Gíneu



„Ég, nammigrísinn ógurlegi, hef að mestu leyti hætt að borða sælgæti hér enda langar mann einhvern veginn minna í súkkulaði í 32 stiga hita. Ég sakna íslensks sælgætis þess vegna furðu lítið. Hef til dæmis ekkert hugsað um Hrís eða Nóakropp síðan ég kom hingað í janúar sem er það nammi sem ég féll oftast fyrir. Fjölskyldan kom í heimsókn hingað um daginn en þau komu ekki með neitt íslenskt nammi með sér enda hefði það verið orðið ansi maukað eftir 34 tíma ferðalag. Mesta sælgætið hér eru ávextirnir. Mangó, ananas og bananar eru miklu betri á bragðið hér en annars staðar sem ég hef prófað. Svo uppgötvuðum við sykurávöxt eða „sugarfrutt" á meðan fjölskyldan var hér. Sá ávöxtur er algert nammi."



Sykurávöxtur og mandarína frá Papúa Nýju-Gíneu eru það sælgæti sem helst freistar Eggerts Gunnarssonar í 32 stiga hita.

## LAKKRÍS OG SUÐUSÚKKULAÐI

**GUÐRÚN JÓHANNA ÓLAFSDÓTTIR**
söngkona hefur búið erlendis í næstum tvo áratugi – lengst af í Madrid.



„Uppáhaldsnammið mitt er lakkrís en ef sælgætisþráin grípur mig þá er ég líka alltaf veik fyrir Suðusúkkulaði frá Nóa Siríus. Svo hafa Nóa-páskaegg líka alltaf verið í uppáhaldi en ég er reyndar svo lítill nammigrís að ég afþakkaði páskaeggið sem mamma ætlaði að senda mér í vor. Hún hefur alltaf sent mér páskaegg en í þetta skipti fannst mér ómögulegt að vera að senda súkkulaði milli landa."



Lakkrís í ýmsum útgáfum er vinsæll hjá Íslendingum sem búa erlendis.

## BLAND Í POKA

**Svanhildur Heiða Snorradóttir** er flugfreyja hjá Emirates-flugfélaginu í Dúbaí.



„Ég er ekki búin að búa lengi í útlöndum en ég er strax farin að sakna alls konar sælgætis frá Íslandi. Það sem ég sakna helst er sterkur brjóstsykur, bland í poka og svo auðvitað íslenskur lakkrís! Ég er búin að borða endalaust mikið af súkkulaði síðan ég flutti til Dúbaí og þá verður Kinder-súkkulaði oftast fyrir valinu. Ég hef aldrei verið mikið fyrir súkkulaði og borðaði lítið sem ekkert súkkulaði þegar ég bjó á Íslandi en núna borða ég súkkulaði eins og ég veit ekki hvað. Ég held að það sé vegna þess að ég þarf að vakna á mismunandi tímum sólarhringsins og sef ekki nóg svo súkkulaðið gefur mér orku og huggun þegar mikið er um að vera. Planið er að alltaf þegar ég kem í heimsókn eða ef vinir mínir sem búa í Dúbaí fara til Íslands að þeir komi með stafla af íslensku nammi fyrir mig til baka. Það væri svo geggjað gott að fá bland í poka með sterkum brjóstsykri, íslenskum lakkrís frá Kolaportinu, saltlakkrís og fjólubláan Tópas. Íslenskt nammi er besta nammi í heimi."




Svanhildur Heiða væri til í að geta keypt bland í poka í Dúbaí en verður að láta sér nægja sendingar að heiman.

**ALLTAF VIÐ HÖNDINA**

Þú getur lesið Fréttablaðið í heild sinni á Vísi og í Fréttablaðs-appinu




Þú færð appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum
App Store | Google Play | Microsoft

FRÉTTABLAÐIÐ
... allt sem þú þarft

ÚTGEFANDI
365 miðlar ehf. | Skaftahlíð 24 | s. 512 5000 | fax 512 5301

VEFFANG
visir.is

UMSJÓNARMAÐUR AUGLÝSINGA
Jón Ívar Vilhelmsson| jonivar@365.is | s. 512-5429

ÁBYRGÐARMAÐUR
Svanur Valgeirsson

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ
16. JÚLÍ 2016 LAUGARDAGUR

# SVEFNTRUFLANIR ÚR SÖGUNNI

**Icecare kynnir** Svefntruflanir geta stuðlað að vanlíðan. Melissa Dream eru vísindalega samsettar vörur sem aðstoða fólk við að sofa betur og vakna endurnærðara. Elsa Ásgeirsdóttir sefur betur eftir að hún fór að taka Melissa Dream.

Við búum í hröðu og erilsömu samfélagi sem veldur því að svefntruflanir eru gríðarlega algengar. Sigríður Geirsdóttir er fimmtug kona í krefjandi stjórnunarstarfi og hefur átt við svefnvandamál að stríða af og til undanfarin tíu ár. „Svefnvandamálið lýsir sér þannig að ég næ ekki að „slökkva á mér“ á kvöldin, heilinn fer á fullt að hugsa um næstu vinnudaga og ég næ ekki að slaka nægilega á til að sofna. Fyrir nokkrum árum fékk ég vægt svefnlyf hjá lækni sem hjálpaði mér en ég var aldrei hrifin af því að taka svefnlyf að staðaldri. Lyfin fóru einnig illa í mig, til dæmis vaknaði ég á morgnana með hálfgerða timburmenn, en þá líðan tengdi ég beint við notkun svefnlyfja. Fyrir nokkru var mér ráðlagt að prófa Melissa Dream og hentar það mér mun betur en svefnlyfin,“ segir Sigríður. „Eftir að ég fór að nota Melissa Dream þá næ ég að slaka á og festa svefn. Ég sef eins og ungbarn og er hress morguninn eftir. Einnig hefur Melissa Dream hjálpað mér mikið vegna pirrings í fótum sem angraði mig oft á kvöldin. Það er líka góð tilfinning að notast við náttúruleg lyf ef þess gerist kostur.“

### SOFÐU BETUR MEÐ MELISSA DREAM

- Vísindalega samsettar náttúruvörur.
- Aðstoða þig við að sofa betur og vakna endurnærð/ur.
- Innihalda ekki sljóvgandi efni.
- Innihalda náttúrulegu amínósýruna L-theanine, sem hjálpar til við slökun.
- Innihalda B-vítamín sem stuðla að eðlilegri taugastarfsemi.
- Innihalda mikið magnesíum, sem stuðlar að eðlilegri vöðvastarfsemi og dregur þar með úr óþægindum í fótum og handleggjum.




### FINNUR EKKI FYRIR FÓTAÓEIRÐ

Sigríður Helgadóttir fór að nota Melissa Dream þegar hún var búin að eiga nokkrar andvökunætur vegna fótaóeirðar sem truflaði svefn hennar. „Fótaóeirðin var mjög óþægileg og hélt fyrir mér vöku en ég er ekki vön að vera andvaka. Þá sá ég reynslusögur í blöðunum um Melissa Dream og ákvað að prófa.“ Sigríður tekur tvær töflur klukkutíma fyrir svefn þegar henni finnst hún þurfa á því að halda. „Þá næ ég að sofna fljótlega og finn ekki fyrir þessum fótapirringi. Það sem mér finnst líka æðislegt við töflurnar er að þær eru náttúrulegar og hafa engin eftirköst þegar maður vaknar. Ég er mjög ánægð með Melissa Dream og mæli með því fyrir alla sem eiga erfitt með svefn.“


Elsa hefur prófað margt til að ná að hvílast og sofna en Melissa Dream-töflurnar eru það eina sem hefur virkað hingað til. MYND/GVA

### EKKERT HEFUR REYNST EINS VEL

„Ég hafði verið í vandræðum með svefn og slökun í töluverðan tíma,“ segir Elsa Ásgeirsdóttir, klæðskeri og hönnuður. „Ég náði alltaf að sofna en náði ekki að sofa alla nóttina.“

Elsa las sér til um Melissa Dream-töflurnar eftir að hún sá þær auglýstar og ákvað að prófa. „Mér leist vel á þær þar sem þetta er náttúruleg lausn, mér líkar það vel. Það sem er líka gott við Melissa Dream er að nú heyrir fótapirringur sögunni til en ég átti það til að vera slæm af fótapirringi þegar ég var komin í háttinn. Ég hef prófað mjög margt til að ná að hvílast og sofna en ekkert annað hefur reynst mér svona vel. Þetta er það eina sem hefur hjálpað mér hingað til!“

### SÖLUSTAÐIR OG UPPLÝSINGAR

**Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, www.icecare.is**

IceCare
Þín heilsa

**Með fenix 3 sameinast glæsileg hönnun og fjölnota GPS snjallúr.**

Íþrótta- og útivistarfólk þarf ekki lengur að velja á milli – fenix 3 er bæði fullkomið íþróttaúr, útivistarúr, snjallúr og úr sem þú notar daglega í vinnu og leik. Þú getur einnig sérsniðið úrið að þínum þörfum með mismunandi upplýsingagluggum, forritum eða úraskífu með Connect IQ appinu frá Garmin.



GARMINBÚÐIN

ÖGURHVARFI 2, 203 KÓPAVOGI 577-6000 WWW.GARMIN.IS

GARMIN.
fēnix 3



Guðrún Þórsdóttir að störfum við undirbúning setningarhátíðar Listasumars. Hér er verið að hengja upp verk Thomas Abercromby í Listagilinu.

# STUTT OG KRÖFTUGT LISTASUMAR

Karnivalstemming verður allsráðandi í Listagilinu á Akureyri en Listasumar verður sett í dag og stendur fram á Akureyrarvöku.

Listasumar verður sett í Listagilinu á Akureyri kl. 14 í dag, laugardag. Alls munu 25 listamenn frá fimm þjóðlöndum leggja hönd á plóginn með alls kyns uppákomum. Gjörningar ramma inn setningarhátíðina og veislunni lýkur með háklassískum flutningi á þremur sónötum eftir J.S. Bach sem verður einnig eins konar gjörningur í samhengi við aðrar uppákomur í Gilinu.

Listasumarið verður að þessu sinni styttra og kraftmeira en oft áður. Að sögn Guðrúnar Þórsdóttur, verkefnastjóra Listasumars og Akureyrarvöku, er hugmyndin að með því að láta hátíðina ná yfir styttra tímabil verði hún snarpari og kraftmeiri með skýrari áherslum. „Hugmyndin er að skerpa fókusinn á þá viðburði sem hæst ber á þessum sex vikum en Listasumri lýkur með Akureyrarvöku síðustu helgina í ágúst. Akureyrarvaka verður þar með hápunktur og eins konar uppskeruhátíð Listasumars.“

Setningarhátíð hefst klukkan tvö og lofar Guðrún því að Listagilið fái þá sannkallað karnivalyfirbragð. „Kvennasveitin Herðubreið hefur leikinn og á sama tíma verður opnuð sýning á verkum Söndru Rebekku í Mjólkurbúðinni.“ Síðan fara gjörningarnir af stað einn af öðrum. Thora Karlsdóttir sýnir gjörninginn „Saman saumaður“ fyrir utan vinnustofu sína, kínverska listakonan Bobby Pui fremur matargjörning í Deiglunni, Jónína Björg Helgadóttir gengur um bæinn, dregur með sér vagn og spjallar um listir við fólk, skoski listamaðurinn Thomas Abercromby sýnir risastórt myndverk sem strengt er á milli Listasafnsins og Ketilhússins og Viktoría Blöndal og Atli Sigþórsson hefja Ritlistasmiðju sína í sal Myndlistarfélagsins fyrir unga jafnt sem aldna, svo fátt eitt sé nefnt. Um kvöldið heldur Sniglabandið síðan tónleika á Græna hattinum.



Thora Karlsdóttir listakona sýnir skúlptúra á opnunarhátíð Listasumars.

„Á Listasumar eiga allir listviðburðir erindi og allar listgreinar. Við viljum endilega að þeir sem standa fyrir viðburðum af einhverju tagi á Akureyri á þessu tímabili skrái sig hjá okkur svo áhugasamir geti fundið allar upplýsingar á einum stað. Við verðum svo virk á samfélagsmiðlum eins og Facebook og Instagram,“ segir Guðrún og bendir á síðuna listasumar.is til skráningar og upplýsinga.

Guðrún er sjálf aðfluttur Akureyringur sem hefur búið og starfað í bænum í tólf ár. „Það var ástin sem dró mig til Akureyrar og ég náði svo líka að verða ástfangin af Akureyri. Það er svo stutt í allt að tíminn nýtist fjölskyldunni miklu betur til samvista. Svo tekur mjög stuttan tíma að komast upp á fjöll eða út í náttúruna. Hér er mjög mikið næði sem ég kann vel að meta. Og svo náttúrlega lista- og menningarlífið.“

**Allar nánari upplýsingar má finna á listasumar.is og á Facebook og Instagram undir Listasumar á Akureyri.**




**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Umsjónarmenn efnis: **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351, **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357 | Sölumenn: **Atli Bergmann,** atlib@365.is, s. 512 2447, **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434, **Jóhann Waage,** johannwaage@365.is, s. 512 5439, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429




Sími: 527-1060 | Langholtsvegi 111

Veiðiflugur

# AXARKAST OG STAURAKLIFUR Í HEIÐMÖRK



Gústaf Jarl Viðarsson, skógarvörður í Heiðmörk, lofar góðri skemmtun í dag en Skógarleikarnir 2016 hefjast klukkan 14. MYND/EYÞÓR

Skógarleikarnir 2016 fara fram í Heiðmörk í dag. Þetta er annað árið í röð sem Skógræktarfélag Reykjavíkur efnir til leikanna. Nokkrir af færustu skógarhöggsmönnum landsins munu leiða saman hesta sína í hefðbundnum skógarhöggsgreinum og verður gestum boðið til veislu.

„Okkur hafði langað til að halda skógarhátíð um nokkurn tíma þegar við létum loks verða af því á síðasta ári. Leikarnir í fyrra heppnuðust mjög vel og voru bæði fjölmennir og skemmtilegir. Ætlunin er að Skógarleikarnir verði árlegur viðburður hér í Heiðmörk,“ segir Gústaf Jarl Viðarsson, skógarvörður og stjórnandi Skógarleikanna 2016, en Skógræktarfélag Reykjavíkur blæs til leikanna í dag í Heiðmörk, milli klukkan 14 og 17.

### GRILL OG KETILKAFFI

Gústaf lofar gestum góðri skemmtun í Furulundi. Gestir geti fengið sýnikennslu í tálgun og þá verður eldsmiður að störfum í skóginum og sýnir gamalgróin handtök. Borðtennisborð og ýmis skógarleiktæki verða einnig í lundinum og þá verður öllum boðið í grillveislu. Skógarbrauð verður grillað yfir varðeldi og boðið upp á rjúkandi ketilkaffi. Gústaf segir leikana haldna að baltneskri og bandarískri fyrirmynd og munu skógarhöggsmenn af Suður- og Vesturlandi keppa sín á milli í skógarhöggsgreinum.

### AXARKAST OG STAURAKLIFUR

„Það hafa átta skógarhöggsmenn skráð sig til leiks. Þeir keppa í nokkrum greinum svo sem að

> » Skógarleikarnir hefjast í Furulundi í Heiðmörk í dag klukkan 14.

höggva boli í stundur með öxi og í að afkvista boli. Keppt verður í axarkasti og einnig í stauraklifri og að rúlla bolum með prikum. Það er misjafnt milli greina hversu margir keppa, menn hafa sínar sérgreinar. Í flestum þeirra snýst þetta um að vera sem fljótastur,“ útskýrir Gústaf.

Dómari fylgist með keppendum og dæmir eftir hraða en einnig vinnubrögðum. „Það má ekki skilja eftir stubba í kvistunum,“ segir Gústaf og ítrekar: „Það þarf að kunna dálítið fyrir sér í axarbeitingu svo engin hætta sé á ferðum.

Það mega aðeins skógarhöggsmenn keppa í þessum greinum en gestir fá svo að spreyta sig í axarkastinu. Það er ekkert hættulegt en í það eru notaðar sérstakar kastaxir.“

### KÖFLÓTT STEMMING

Gústaf segir skógarhögg á Íslandi enn sem komið er hálfgert karlasport og að einungis karlar séu skráðir til leiks á Skógarleikunum í ár. „Þetta eru allt karlar sem keppa í ár, því miður. Það hafa komið kvenkyns skógarhöggsmenn til okkar frá Danmörku en þær komast ekki í ár,“ segir Gústaf. Hann reiknar með að draga fram einkennisbúning skógarhöggsmannsins í tilefni dagsins, köflótta skyrtu, en vill þó ekki eigna íslenskum skógarhöggsmönnum hið vinsæla tískutrend, „lumberjack“ þó að það hafi ekki farið fram hjá þeim.

„Jú, maður hefur tekið eftir þessari tísku, hipsterar og forritarar sem vilja líta út eins og skógarhöggsmenn,“ segir hann hlæjandi. „Það er bara skemmtilegt ef fólk horfir til náttúrunnar varðandi tísku og finnst skógarmenningin flott,“ bætir hann við og kannast einnig við vinsældir raunveruleikaþátta á sjónvarpsstöðvunum Discovery og History channel, þar sem skógarhöggsmenn eru í aðalhlutverki.

„Okkur finnst nú ekki leiðinlegt að horfa á þessa þætti og bröllum meira að segja ýmislegt sjálfir. Það stendur jafnvel til að byggja bjálkakofa frá grunni hér í Heiðmörk einhvern daginn en það er vel hægt að byggja bjálkakofa úr íslenskum trjám.“

Skógarleikarnir hefjast í Furulundi í Heiðmörk í dag klukkan 14.

heida@365.is








Hollt og orkumikið nesti er gott að græja fyrir helgina. NORDICPHOTOS/GETTY

# Seig og sæt hindberjastykki með í gönguferðina

### HINDBERJASTYKKI MEÐ HÖFRUM

**1 msk. kókosolía, bráðin**
**½ bolli eplamauk, ósætt**
**1/3 bolli léttmjólk**
**1 msk. hunang**
**1 msk. kanill**
**2 ½ bolli grófir hafrar**
**1 bolli hindber**

Hitið ofninn í 180 gráður og smyrjið ofnskúffu. Hrærið saman olíu og eplamauki þar til mjúkt. Bætið mjólk, hunangi og kanil út í og blandið vel saman.



Hrærið hafrana út í blönduna og passið að velta þeim vel um. Blandið berjunum varlega saman við.

Pressið blönduna ofan í ofnskúffuna og bakið í 16 til 19 mínútur. Látið kólna áður en kakan er skorin í stykki í þægilegri stærð.

Vefjið hvert stykki í plast og geymið í kæli.

**amyshealthybaking.com**

augað
Gleraugnaverslun

## Afgreiðslustörf

**Óskum eftir starfsfólki í afgreiðslu í fullt starf og hlutastörf**
**Þarf að geta hafið störf fljótlega.**
**Umsókn og ferilskrá sendist á augad@augad.is**

BYGG

## Starfsmaður óskast

Óskum eftir að ráða vanan mann til starfa
á skotbómulyftara, gröfu og önnur tæki.
Framtíðarvinna.

**Upplýsingar veitir Guðjón í síma 617-3000**

www.n1.is facebook.com/enneinn




Við leitum að þjónustuliprum reynslubolta, bifvélavirkja eða viðgerðarmanni á smur- og hjólbarðaverkstæði N1 í Reykjanesbæ.

**Helstu verkefni:**
- Almennar bílaviðgerðir
- Smur- og hjólbarðaþjónusta

Hjólbarðaverkstæði N1 hafa öll hlotið vottun samkvæmt gæðakerfi Michelin en þá vottun fá eingöngu þau hjólbarðaverkstæði sem uppfylla ströngustu gæðakröfur Michelin.

**Hæfniskröfur:**
- Bifvélavirkjun, vélvirkjun eða önnur sambærileg menntun
- Reynsla af bílaviðgerðum
- Samskiptahæfni og vönduð vinnubrögð

Áhugasamir sæki um starfið á **starf.n1.is** – undir **Bílaþjónusta**.

Bæði kyn eru hvött til að sækja um laus störf hjá fyrirtækinu.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Dagur Benónýsson í síma 440 1030 eða gegnum netfangið dagur@n1.is.

Framúrskarandi fyrirtæki 2016 | JAFNLAUNAVOTTUN VR

**Hluti af atvinnulífinu** N1

# Hérna er gaman að vinna!

HEKLA

Bílaumboðið Hekla óskar eftir að ráða kraftmikla aðila til sölu- og stjórnendastarfa

## Sölustjóri bifreiða til fyrirtækja

**Starfssvið:**
- Ábyrgð á afkomu og rekstri sölu til fyrirtækja
- Sala nýrra bíla til fyrirtækja
- Áætlanagerð, framkvæmd og skipulagning söluherferða
- Árangursmælingar og sölugreiningar
- Yfirumsjón með daglegri starfsemi
- Markaðsmál í samvinnu við markaðsstjóra
- Gæðastjórnun í samræmi við gerðar kröfur

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er æskileg
- Reynsla og þekking á sölu bifreiða kostur
- Rík þjónustulund, frumkvæði og framúrskarandi söluhæfileikar
- Víðtæk reynsla af sölustjórnun og marktækur árangur í sambærilegu starfi
- Árangursmiðuð, skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð

## Sölumaður bifreiða til fyrirtækja

**Starfssvið:**
- Sala nýrra bíla til fyrirtækja
- Þátttaka í söluherferðum
- Samskipti við viðskiptavini og viðhald viðskiptatengsla
- Brennandi áhugi á nýjum og spennandi verkefnum
- Metnaður til að þróast í starfi

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Reynsla og þekking á sölu bifreiða kostur
- Rík þjónustulund, frumkvæði og framúrskarandi söluhæfileikar
- Víðtæk reynsla af sölustjórnun og framúrskarandi árangur í sambærilegu starfi
- Árangursmiðuð, skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð


lind@talent.is


bryndis@talent.is

TALENT
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF
www.talent.is | talent@talent.is

**Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um.**

**Umsókn óskast fyllt út á www.talent.is og henni þarf að fylgja starfsferilsskrá.**

**Umsjón með störfunum hefur Lind Einarsdóttir, lind@talent.is og í síma 552-1600.**

**Umsóknarfrestur er til og með 27. júlí nk.**



Rio Tinto Alcan

# Sérfræðingur í framleiðsluskipulagningu

Rio Tinto Alcan

Rio Tinto Alcan á Íslandi hf. óskar eftir að ráða sérfræðing í hóp framleiðsluskipulags í steypuskála. Í teyminu starfa fjórir sérfræðingar sem sinna fjölbreyttum og krefjandi verkefnum. Leitað er eftir traustum og ábyrgum einstaklingi til þess að verða hluti af teyminu.

Umsóknarfrestur
**27. júlí**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/3271**

### Starfssvið

- Móttaka framleiðslupantana.
- Skipulag og eftirfylgni við framleiðslu.
- Tryggja afhendingar vöru til viðskiptavina.
- Birgðatalningar, birgðastjórnun og aðfangastýring.
- Kostnaðargreining og hagkvæmniútreikningar.
- Stöðugar umbætur framleiðsluferla.
- Samskipti við söluskrifstofu Rio Tinto.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- B.Sc. í verkfræði, viðskiptafræði, vörustjórnun eða sambærilegt.
- Þekking og reynsla við framleiðslustjórnun og birgðastjórnun æskileg.
- Þekking á bókhaldi og áætlanagerð kostur.
- Þekking á straumlínustjórnun t.d. Lean og Six Sigma kostur.
- Mjög góð tölvukunnátta og þekking á upplýsingatækni.
- Samskiptahæfni, frumkvæði og ögun í vinnubrögðum.
- Góð íslensku- og enskukunnátta.

Rio Tinto Alcan á Íslandi hf. er þekkingarfyrirtæki sem rekur álver í Straumsvík. Við bjóðum upp á margbreytileg störf þar sem hugvit, þekking og kunnátta starfsmanna gegnir lykilhlutverki. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf, frammistöðuhvetjandi starfsumhverfi og gott upplýsingaflæði ásamt tækifærum til starfsþróunar

Við setjum umhverfis-, öryggis-, og heilbrigðismál í öndvegi og vinnum stöðugt að umbótum á verkferlum og vinnuaðferðum. Við leggjum áherslu á að starfa í góðri sátt við umhverfið.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

# Við leitum að tveimur öflugum starfsmönnum á skrifstofu ÁTVR

Við erum að leita að jákvæðum og þjónustuliprum einstaklingum með metnað til að veita framúrskarandi og ábyrga þjónustu.

## Móttaka

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Símsvörun og móttaka viðskiptavina
- Upplýsingagjöf og þjónusta
- Almenn skrifstofustörf
- Önnur tilfallandi verkefni

**Hæfniskröfur**

- Framkoma sem einkennist af ríkri þjónustulund og jákvæðni
- Góð hæfni í samskiptum
- Nákvæmni í vinnubrögðum, stundvísi og samviskusemi
- Reynsla af sambærilegu starfi
- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Góð almenn tölvukunnátta

**Starfshlutfall er 64%** og er vinnutími mánudaga til föstudaga 12.30-17.00.

## Mannauðssvið

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Launavinnsla
- Upplýsingagjöf varðandi laun og önnur kjaratengd mál
- Verkefni tengd fræðslu og starfsþróun
- Þjónusta við stjórnendur og starfsfólk
- Ýmis verkefni á mannauðssviði

**Hæfniskröfur**

- Reynsla af launavinnslu
- Menntun sem nýtist í starfi
- Rík þjónustulund og jákvæðni
- Góð hæfni í samskiptum
- Nákvæmni og samviskusemi í vinnubrögðum
- Góð almenn tölvukunnátta og færni í Excel mikilvæg

**Starfshlutfall er 100%.**

Gildi ÁTVR eru LIPURÐ – ÞEKKING – ÁBYRGÐ. Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu taka mið af þessum gildum.

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og SFR.
**Umsóknarfrestur er til og með 2. ágúst nk.**
Umsóknir óskast fylltar út á heimasíðu Vínbúðanna, **vinbudin.is**

**Nánari upplýsingar veita:**
Guðrún Símonardóttir og og Emma Á. Árnadóttir,
starf@vinbudin.is, 560 7700

ÁTVR rekur 50 Vínbúðir um allt land og er með skrifstofur og dreifingarmiðstöð á Stuðlahálsi 2. Stefna ÁTVR er að vera eitt af fremstu þjónustufyrirtækjum landsins og fyrirmynd á sviði samfélagsábyrgðar. Fyrirtækið vill að vinnustaðurinn sé heilsueflandi og skemmtilegur þar sem samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð.

Jafnlaunaúttekt PwC 2016

FYRIRMYNDAR STOFNUN 2016

VÍNBÚÐIN

# Lögfræðingur

**Óbyggðanefnd auglýsir laust til umsóknar starf lögfræðings á skrifstofu nefndarinnar. Um er að ræða fullt starf.**

Óbyggðanefnd er úrskurðarnefnd á stjórnsýslustigi, skipuð af forsætisráðherra, og hefur það hlutverk að skera úr um eignarréttarlega stöðu lands á grundvelli laga nr. 58/1998.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Embættis- eða meistarapróf í lögfræði.
- Færni til að geta unnið sjálfstætt á skipulagðan og agaðan hátt.
- Mjög gott vald á rituðu máli.
- Færni í mannlegum samskiptum og jákvætt viðmót.
- Hæfileikar til að vinna að fjölbreyttum verkefnum í krefjandi starfsumhverfi.
- Æskilegt er að viðkomandi búi yfir sérhæfingu á svæði eignarréttar og hafi reynslu af sambærilegum störfum. Á það sérstaklega við um sérhæfingu á sviði þjóðlendumála.

Helstu verkefni munu felast í undirbúningi að úrskurðum óbyggðanefndar auk annarra tilfallandi verkefna.

**Ráðningartími er frá 1. september 2016.**

Um launakjör fer eftir kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra og Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins.

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og starfsferil skulu sendar óbyggðanefnd, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík, eða á netfangið: postur@obyggdanefnd.is.

**Umsóknarfrestur er til 2. ágúst 2016.**

Umsóknir gilda í sex mánuði frá birtingu þessarar auglýsingar. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Þorsteinn Magnússon, framkvæmdastjóri, í síma 563 7000 eða 862 2847.

# Viltu slást í hópinn í Vínbúðunum?

Við erum að leita að jákvæðum og þjónustuliprum einstaklingum með metnað til að veita framúrskarandi og ábyrga þjónustu.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Sala og þjónusta við viðskiptavini
- Framstilling á vöru og vörumeðhöndlun
- Umhirða búðar

**Hæfniskröfur**
- Reynsla af verslunarstörfum er kostur
- Jákvæðni og rík þjónustulund
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Almenn tölvukunnátta

Um tvö störf í Vínbúðum á höfuðborgarsvæðinu er að ræða. Annars vegar **100% framtíðarstarf** með vinnutíma frá 10.00-18.30 mánudaga til fimmtudaga og 10.00-19.30 á föstudögum. Hins vegar **84% tímabundið starf** til áramóta með vinnutíma frá 13.00-18.30 mánudaga til miðvikudaga, 10.00-18.30 á fimmtudögum og 10.00-19.30 á föstudögum. Unnið er að jafnaði annan hvern laugardag.

Gildi ÁTVR eru LIPURÐ – ÞEKKING – ÁBYRGÐ. Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu taka mið af þessum gildum.

**Umsóknarfrestur er til og með 2. ágúst nk.**
- Umsækjendur þurfa að hafa náð 20 ára aldri
- Sakavottorðs er krafist

Umsóknir óskast fylltar út á heimasíðu Vínbúðanna, **vinbudin.is**

**Nánari upplýsingar veitir:** Guðrún Símonardóttir, starf@vinbudin.is, 560 7700

ÁTVR rekur 50 Vínbúðir um allt land og er með skrifstofur og dreifingarmiðstöð á Stuðlahálsi 2. Stefna ÁTVR er að vera eitt af fremstu þjónustufyrirtækjum landsins og fyrirmynd á sviði samfélagsábyrgðar. Fyrirtækið vill að vinnustaðurinn sé heilsueflandi og skemmtilegur þar sem samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð.

Jafnlaunaúttekt PwC 2016

FYRIRMYNDAR STOFNUN 2016

VÍNBÚÐIN

Ert þú

# leiðtogi?

Akraneskaupstaður

Akraneskaupstaður leitar að öflugum leiðtoga til að stýra skóla- og frístundasviði. Hlutverk sviðsins er að veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið og að vera framsækið forystuafl í skóla- og frístundastarfi. Á verksviði skóla-og frístundasviðs heyrir rekstur grunnskóla, tónlistarskóla, leikskóla, íþróttamannvirkja og frístundamiðstöðvar. Sviðsstjóri ber ábyrgð á áætlanagerð og undirbúningi stefnumótunar í málaflokknum og öðrum verkefnum sem heyra undir sviðið. Sviðsstjóri er ráðinn af bæjarstjórn og heyrir undir bæjarstjóra í skipuriti.

Umsóknarfrestur
**10. ágúst**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/3267**

**Helstu verkefni**
- Dagleg stjórnun og rekstur sviðsins, þ.m.t. umsjón og eftirlit með starfsemi og rekstri stofnana sem heyra undir skóla-og frístundasvið.
- Undirbúningur mála fyrir skóla-og frístundaráð ásamt ábyrgð og eftirfylgni með ákvörðunum ráðsins.
- Gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar í skóla,- frístunda- og íþróttamálum.
- Undirbúningur að stefnumótun í málaflokkum sem heyra undir sviðið.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er skilyrði, menntun á framhaldsstigi er æskileg.
- Stjórnunar- og rekstrarreynsla er skilyrði.
- Leiðtogahæfileikar og framúrskarandi samskiptahæfni er skilyrði.
- Reynsla af breytingastjórnun og stefnumótunarvinnu er skilyrði.
- Víðtæk þekking og reynsla á málefnum leik- og grunnskóla ásamt frístundastarfi er æskileg.
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er kostur.

Akraneskaupstaður er vaxandi sveitarfélag með sjö þúsund íbúa. Bærinn er sérstaklega barnvænn með góðu framboði af íþrótta-, tómstunda- og menningarstarfi. Í árlegum könnunum Capacent fær Akranes jafnan hæstu einkunnir í viðhorfi íbúa til grunn- og leikskóla. Öflug og góð samvinna er á milli fagaðila sem vinna með börn og unglinga á Akranesi.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

Hringrás starfrækir móttökustöðvar fyrir brotajárn, dekk og spilliefni víðsvegar um landið. Fyrirtækið hefur verið starfrækt í 66 ár og kemur málmum, brotajárni og öðrum efnum í umhverfisvænan endurvinnslufarveg.

HRINGRÁS ENDURVINNSLA

## Gæða- og verkefnastjóri óskast til starfa

Hringrás óskar eftir liðsauka í metnaðarfullt stjórnendateymi

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun í verk- eða tæknifræði æskileg
- Reynsla af stjórnun við verklegar framvæmdir
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni í samskiptum
- Tölvukunnátta

**Helstu verkefni:**
- Verkþáttastýring og gæðaeftirlit
- Innleiðing skriflegra verkferla og eftirfylgni
- Kostnaðareftirlit
- Mótun öryggisstefnu
- Áætlanagerð

Umsóknarfrestur er til og með 1.ágúst 2016. Umsóknum um starfið þarf að fylgja kynningarbréf ásamt ferilskrá, þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi í starfið. Umsóknir sendist á starf@hringras.is.

Nánari upplýsingar veita: Rut Hreinsdóttir (rut@hringras.is) og Sigurður Ágústsson (siggi@hringras.is)


lind@talent.is


bryndis@talent.is

## Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig

TALENT RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF
www.talent.is | talent@talent.is

SKJÓL HJÚKRUNARHEIMILI SKJÓL




## Hjúkrunarfræðingar óskast á Skjól hjúkrunarheimili

Lausar eru stöður hjúkrunarfræðinga á Skjóli. Stöðurnar eru lausar nú þegar eða eftir samkomulagi. Starfshlutfall og vinnutími samkomulag.

**Starfslýsing:** Starfið felst m.a. í stjórnun, ábyrgð og skipulagningu á almennum hjúkrunarstörfum í samræmi við hugmyndafræði og markmið heimilisins. Skráning í RAI-gagnagrunn.

**Hæfniskröfur:** Íslenskt hjúkrunarleyfi. Jákvætt viðhorf, frumkvæði og samskiptahæfileikar auk faglegs metnaðar og sjálfstæðis í vinnubrögðum.

Nánari upplýsingar veitir:
Guðný H. Guðmundsdóttir, Forstöðumaður hjúkrunar í síma ***522 5600***
***Umsóknir sendist á gudny@skjol.is***

Hjúkrunarheimili | Kleppsvegi 64, 104 Reykjavík | Sími. 522 5600. | www.skjol.is

# KLÁR Í SPORTIÐ?



## AÐSTOÐARVERSLUNARSTJÓRI

**Starfssvið**
- Almenn verslunarstörf
- Móttaka nýliða og þjálfun
- Gerð vaktaplana
- Dagleg verkstjórn starfsfólks
- Þátttaka í markaðsstarfi á netmiðlum
- Bera ábyrgð á deild í versluninni og panta í þá deild

**Hæfniskröfur**
- Reynsla af verslunarstörfum
- Reynsla af stjórnun starfsfólks
- Góðir samskiptahæfileikar
- Jákvætt viðmót
- Gott vinnuskipulag



## SÖLUMAÐUR Í VERSLUN

HLUTASTARF FRÁ KL. 12-18 ALLA VIRKA DAGA

**Hæfniskröfur**
- Reynsla af verslunarstörfum
- Góðir samskiptahæfileikar og þjónustulund
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- 18 ára og eldri
- Hreint sakavottorð



**Umsóknarfrestur er til 1. ágúst sótt er um störfin á www.intersport.is**

**Nánari upplýsingar um starfið gefur Hildur Pétursdóttir verslunarstjóri hildur@intersport.is**

INTERSPORT BÍLDSHÖFÐA / SÍMI 585 7220 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 11 - 17. SUN. 13 - 17.

SPORT TO THE PEOPLE

INTERSPORT®

## Rútubílstjórar óskast

**Þórsferðir óska eftir rútubílstjórum til starfa.**
**Upplýsingar í síma: 894 - 5131**




**Special Tours** er ört vaxandi fyrirtæki í ferðaþjónustu sem sérhæfir sig í siglingum út á Faxaflóa frá Gömlu Höfninni í Reykjavík allt árið um kring. Hjá fyrirtækinu starfa allt að 30 manns og er mikil áhersla lögð á fagleg vinnubrögð, persónulega þjónustu og umhverfisvernd.

Vegna aukinna umsvifa leitum við að hressum einstaklingum til að bæta við í frábært teymi okkar í bæði sumar og vetur.

**Allir starfsmenn Special Tours þurfa að uppfylla eftirfarandi:**

- Enskukunnátta (önnur tungumál mikill kostur)
- Framúrskarandi þjónustulund
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Vinna vel undir álagi
- Jákvæðni, stundvísi og sjálfstæð vinnubrögð
- Fylgja umhverfis-, öryggis- og gæðastöðlum fyrirtækisins.

**Leiðsögumenn (Guides)**

- Fullt starf / Hlutastarf
- Reynsla og/eða menntun sem nýtist í starfi er æskileg
- Þýskukunnátta kostur
- Brennandi áhugi á sjávarlífríki, náttúru og sögu svæðisins

**Bókari (Accountant)**

- Útskrift & bókun reikninga
- Afstemmingar
- Innheimta
- Almenn bókhaldsstörf
- Launaútreikningar
- Reynsla af bókhaldskerfi DK skilyrði

**Bílstjóri (Driver)**

- Sumarafleysingar
- Akstur & þjónusta við farþega
- Umsjón & umhirða bifreiða
- Aukin ökuréttindi D.

**Áhöfn (Crew)**

- Þjónusta við farþega
- Þrif & ýmis dagleg störf
- Afgreiðsla í kaffiteríu

Umsóknir berist á cv@specialtours.is
**WE GO THE EXTRA MILE!**

SPECIAL TOURS
WILDLIFE ADVENTURES

REYKJANESBÆR
reykjanesbaer.is

## SÉRFRÆÐINGAR ÓSKAST Í LAUNADEILD BÆJARINS

Reykjanesbær óskar eftir öflugum starfsmönnum til starfa í launadeild Reykjanesbæjar. Æskilegt er að viðkomandi getið hafið störf sem fyrst.

**Helstu verkefni:**

- Launaútreikningur
- Skráning og yfirferð ráðningar- og launagagna
- Upplýsingagjöf til stjórnenda og starfsmanna vegna útborgunar launa
- Úteikningur á kjörum og réttindum starfsmanna skv. kjarasamningum
- Samskipti við starfsmenn, lífeyrissjóði, stéttarfélög og opinbera aðila
- Innleiðing Vinnustundar
- Innleiðing H3 launakerfis

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af launavinnslu og launabókhaldi
- Þekking og reynsla á Navision launakerfi, á H3 launa- og mannauðskerfi og Vinnstund æskileg
- Þekking á kjarasamningum og lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna
- Góð tölvukunnátta, færni í excel áskilin
- Skipulagshæfni og samskiptahæfileikar

**Umsóknarfrestur er til og með 31. júlí 2016.**

Launakjör eru skv. kjarasamningi launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Sækja skal um starfið á vef Reykjanesbæjar, www.reykjanesbaer.is/stjornkerfi/laus-storf.
Nánari upplýsingar veitir Iðunn Kr. Grétarsdóttir deildarstjóri launadeilar, idunn.k.gretarsdottir@reykjanesbaer.is og Þórey I. Guðmundsdóttir sviðsstjóri Fjármálasviðs, thorey.i.gudmundsdottir@reykjanesbaer.is.

## Tígrisdýr óskast!




**Við leitum að hressum og duglegum einstaklingum í verslanir okkar á Laugavegi og í Smáralind.**

Starfsmenn Tiger hafa gott auga fyrir útstillingum, eru snyrtilegir til fara og með ríka þjónustulund.

Um 70-100% störf er að ræða. Reynsla af afgreiðslustörfum er æskileg. Viðkomandi þarf að geta byrjað sem fyrst.

Áhugasömum er bent á að senda inn umsókn og ferilskrá á netfangið **atvinna@tiger.is** merkt „Laugavegur“ eða „Smáralind“.

flying tiger
copenhagen

# VIÐ ERUM AÐ LEITA AÐ **ÞÉR**

## SÖLUMANNSSTARF Í RAFBÚNAÐARDEILD

**Þú ert rafvirki** sem vilt vinna við kynningu og sölu á hágæða-rafmagnsefni. Eða: **Þú ert ekki rafvirki**, hefur samt innsýn í fagið, með staðgóða menntun, vilt læra meira og sömuleiðis vinna við kynningu og sölu á hágæðarafmagnsefni.

Þú ert glaðsinna og þjónustulundaður. Þú ert karl eða kona sem langar að takast á við ný verkefni í frábæru fyrirtæki. Við erum að leita að **þér**.

Sendu okkur umsókn sem bréfpóst eða á *jonn@sminor.is*. Best er að hafa til viðmiðunar umsóknareyðublað á heimasíðu rafbúnaðardeildar, www.sminor.is/raflagnadeild/um-okkur/umsoknareydublad.

Umsóknarfrestur rennur út 26. júlí. Við sýnum fyllsta trúnað og svörum öllum umsóknum.

Sendu tölvupóst á netfangið *jonn@sminor.is* ef nánari upplýsinga er þörf.

## STARF Í TÆKNIDEILD

**Þú ert rafvirkjameistari eða/og rafiðnfræðingur** með mikla þekkingu á raflögnum og rafmagnsefni og víðtæka reynslu af störfum „úti í mörkinni“. Við erum að leita að einum slíkum til að starfa í tæknideildarteyminu okkar. Þú átt að sinna tilboðsgerð, vera í samskiptum við erlend fyrirtæki, fara í söluferðir og styðja við söludeildina okkar.

Þú ert glaðsinna og þjónustulundaður. Þú ert karl eða kona sem langar að takast á við ný verkefni í frábæru fyrirtæki. Við erum að leita að **þér**.

Sendu okkur umsókn sem bréfpóst eða á *jonn@sminor.is*. Best er að hafa til viðmiðunar umsóknareyðublað á heimasíðu rafbúnaðardeildar, www.sminor.is/raflagnadeild/um-okkur/umsoknareydublad.

Umsóknarfrestur rennur út 26. júlí. Við sýnum fyllsta trúnað og svörum öllum umsóknum.

Sendu tölvupóst á netfangið *jonn@sminor.is* ef nánari upplýsinga er þörf.

**SMITH & NORLAND**
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

# Yfirmaður Netdeildar - ICEWEAR

ICEWEAR er leiðandi fyrirtæki sem framleiðir útivistarfatnað, allt frá ullarpeysum til hátæknilegra dúnúlpna.

Við erum að leita að öflugum einstaklingi til þess að leiða lítið teymi sem ætlar sér stóra hluti, með frekari uppbyggingu á netdeild Icewear.

**Sem yfirmaður netdeildar fellur inn á þitt verksvið að:**

- Grena og sjá um sölu og auglýsingarherferðir
- Skipuleggja á núverandi og nýjum mörkuðum
- Skipuleggja innleiðingu nýrra kerfa og þróun núverandi kerfa
- Greina tækifæri til sparnaðar og aukinnar sjálfvirkni
- Sjá um samskipti við vefstofur, hýsingaraðila, hönnuði, þýðendur og aðra verktaka

**Við leitum að einstaklingi sem:**

- Hefur leiðtogahæfni, frumkvæði og drifkraft
- Hefur reynslu af netmarkaðsetningu og rekstri netverslanna
- Hefur framúrskarandi tölvukunnáttu
- Er vandvirkur og hefur öguð vinnubrögð
- Er með háskólapróf sem nýtist í starfi

**Kostur væri reynsla í:**

- Verkefnisstjórnun
- HTML, CSS & FTP
- Facebook Ads, Google Ads & Mailchimp
- Netverslunarkerfum (t.d. Magento, PrestaShop, Shopify)

**Við bjóðum upp á:**

- Spennandi og krefjandi starf á hröðum vinnustað
- Mikil tækifæri til að vaxa í starfi

Starfið er laust strax. Áhugasamir sendi ferilskrá ásamt mynd á jobs@icewear.is. Umsóknarfrestur rennur út 1. ágúst.

ICEWEAR · ICELAND ·



# Ert þú stjórnandi?

**Vegna aukinna umsvifa leitar Krónan að fleiri góðum stjórnendum í hóp öflugra verslunarstjóra**

**Starfslýsing**

- Innkaup og sala
- Stjórnun starfsfólks í versluninni
- Ábyrgð á ráðningum og tímaskráningum
- Ábyrgð og umsjón með fjármunum
- Ábyrgð og eftirlit með birgðum og rýrnun
- Ábyrgð á útliti verslunar
- Umsjón og framkvæmd vikutilboða
- Samskipti við birgja
- Samþykkt reikninga
- Þátttaka í áætlanagerð og framkvæmd áætlana

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Menntun í viðskiptafræði eða verslunarstjórnun er kostur
- Reynsla af matvörumarkaði er kostur
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Tölvukunnátta til að leysa dagleg verkefni í Outlook, Excel og Navision
- Góðir samskiptahæfileikar og þjónustulund

**Sótt er um starfið á www.kronan.is**

Frekari fyrirspurnir um starfið sendist á mannauðsstjóra: gudridur@festi.is

**Umsóknarfrestur er til 1. ágúst 2016**

Krónan er matvörukeðja í sókn sem sem telur átján lágvöruverðsverslanir.

**Markmið Krónunnar hefur ávallt verið að veita virka samkeppni í verði og vöruúrvali auk þess að leggja áherslu á ferskleika í kjöti, ávöxtum og grænmeti.**

Krónan er í eigu Festi hf. sem sérhæfir sig í rekstri verslunarfyrirtækja. Sjá nánar á: www.festi.is

KRÓNAN

Lækjarbrekka
Restaurant

## Lækjarbrekka leitar að öflugum einstaklingum

**Vaktstjóri í eldhús**

- Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Ástríða fyrir matagerð

**Vaktstjóri í veitingasal**

- Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af sambærilegu starfi

Upplýsingar gefur Jón Tryggvi Jónsson í síma ***6959588*** eða ***jon@laekjarbrekka.is***

SAMSKIP

## Óskum eftir að ráða starfsfólk í næturvinnu i vöruhús Samskipa

Samskip óska eftir dugmiklu starsfólki á næturvaktir í vöruhús okkar, um framtíðarstarf er að ræða. Starfið felst meðal annars í móttöku vöru, vörumeðferð og afgreiðslu vöru.

**Vinnutími:**
Mánudag - Fimmtudags frá 18:00 til 03:30

**Hæfnikröfur:**

- Starfsmenn verða að búa yfir lipurð í þjónustu og samskiptum
- Hafa góðan skilning á verklagsreglum og færni til að fylgja þeim
- Gerð er krafa um sterka öryggisvitund, stundvísi og samviskusemi
- Lyftararéttindi er kostur en ekki skilyrði
- Bílpróf

Umsækjendur verða að hafa náð 18 ára aldri, vera með ökuréttindi og hafa hreina sakaskrá.

Nánari upplýsingar um starfið veitir: Rúnar Már Karlsson verkstjóri í síma 858-8652

Áhugasamir, konur jafnt sem karlar eru hvattir til að sækja um sem fyrst á heimasíðu okkar www.samskip.is.
Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál.

GRUNNSKÓLI SNÆFELLSBÆJAR

## Íþróttakennari

**Grunnskóli Snæfellsbæjar óskar eftir að ráða íþróttakennara til starfa næsta skólaár.**

**Hæfniskröfur:**

- Kennaramenntun.
- Reynsla af uppeldis- og kennslustörfum.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og góðir skipulags-hæfileikar.
- Reynsla af teymisvinnu og áhugi á þróunarstarfi.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi KÍ og Launanefndar sveitarfélaga.

Í samræmi við jafnréttisstefnu Snæfellsbæjar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um.

**Umsóknir sendist fyrir 3. ágúst 2016** til skólastjóra Grunnskóla Snæfellsbæjar, Ennisbraut 11, 355 Snæfellsbæ eða á netfangið hilmara@gsnb.is. Í þeim skulu koma fram upplýsingar um menntun, réttindi og starfsreynslu.

Frekari upplýsingar veitir Hilmar Már Arason í síma 894 9903 eða hilmara@gsnb.is.

Í Snæfellsbæ er sérstaklega fallegt umhverfi þar sem Snæfellsjökul ber hæst, enda státar sveitarfélagið af svo til allri flóru landsins þegar kemur að landslagi, fugla- og dýralífi. Hér býr gott fólk sem er alltaf tilbúið til að bjóða nýja Snæfellsbæinga velkomna. Útivist og íþróttir er hægt að stunda hvenær sem er ársins, skíði og snjóbretti, gönguferðir, golf, hestamennsku, sund og margt fleira. Nýtt, glæsilegt íþróttahús er í Ólafsvík. Öflugt tónlistarlíf er í sveitarfélaginu og félagastarfsemi með miklum blóma.

ALÞINGI

Skrifstofa Alþingis auglýsir
eftir deildarstjóra í ræðuútgáfu.
Sjá nánar á starfatorg.is.

ATVINNUVEGA- OG NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

## Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið auglýsir laust til umsóknar starf verkefnastjóra

**Starf verkefnastjóra**

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið auglýsir laust til umsóknar fullt starf verkefnastjóra verkefnisins Matvælalandið Ísland. Matvælalandið Ísland er fimm ára verkefni sem rekið er í umboði verkefnisstjórnar á ábyrgð ráðherra og er tilgangur þess að auka verðmætasköpun í landinu og fjölga störfum með því að nýta þau tækifæri sem til staðar eru í íslenskri matvælaframleiðslu, veitingaþjónustu og annarri tengdri þjónustustarfsemi. Hlutverk verkefnastjóra er að leiða verkefnið á verkefnatímanum og sjá til þess að það uppfylli þau markmið sem því eru sett. Áhersla verður lögð á að efla jákvætt orðspor íslenskra matvæla og vinna að jákvæðri upplifun á íslenskri matarmenningu um allt land. Vaxandi eftirspurn eftir mat á heimsvísu og fjölgun ferðamanna skapar tækifæri til að auka neyslu innlendrar framleiðslu og um leið auka gjaldeyristekjur.

- Sjálfstæði, frumkvæði og samskiptahæfni
- Hugmyndaauðgi og lausnamiðuð nálgun

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins.

**Starfssvið og ábyrgð**

Starf verkefnastjóra felst í að vinna árlega verkefna- og framkvæmdaáætlun auk þess að vinna langtímaáætlun (sóknaráætlun). Verkefnastjóri mun sjá um kynningu verkefnisins og samskipti við hagsmunaaðila og stofnanir sem tengjast verkefninu. Verkefnastjóri starfar í umboði stjórnar Matvælalandsins og mun sinna utanumhaldi og eftirfylgni með fjölbreyttum verkefnum. Eðli verkefnisins krefst þess að starfmaður sinni starfi sínu um land allt. Starfið er auglýst án staðsetningar. Verkefnisstjóri ber ábyrgð á gerð og rekstri heimasíðu og samskiptamiðla.

**Hæfniskröfur:**

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Menntun og/eða reynsla af almannatengslum, markaðsmálum eða verkefnastjórnun (MPM)
- Reynsla og þekking á notkun samfélagsmiðla
- Góð tölvukunnátta og geta til að tjá sig í ræðu og riti
- Reynsla af íslenskri stjórnsýslu er kostur en ekki skilyrði
- Þekking á íslenskum matvælum og matvælaframleiðslu
- Gott vald á talaðri og rituðri íslensku og ensku er skilyrði
- Staðgóð þekking á norðurlandamáli er kostur

Umsóknarfrestur er til og með **4. ágúst 2016.** Umsóknum skulu fylgja ferilskrá og kynningarbréf. Umsókn ásamt gögnum sendist á netfangið **postur@anr.is,** merkt ***„Matvælalandið Ísland."*** Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um starfið.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Umsóknir gilda í sex mánuði frá lokum umsóknarfrests.

Nánari upplýsingar veitir Hanna Dóra Hólm Másdóttir, sérfræðingur á sviði byggðamála (hanna.dora.masdottir@anr.is) í síma 545-9700.



## SÖLUMAÐUR Í TIMBURVERSLUN

**STARFSSVIÐ**

Starfið felur í sér tilboðsgerð, sölu og ráðgjöf til verktaka, iðnaðarmanna og einstaklinga í framkvæmdum.

**HÆFNISKRÖFUR**

Við leitum að öflugum einstaklingi með ríka þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum. Viðkomandi þarf að búa að góðri kunnáttu um flest er varðar byggingarefni og meðhöndlun þess ásamt því að hafa metnað til að takast á við krefjandi verkefni. Viðkomandi þarf að búa yfir stundvísi, jákvæðni og heiðarleika.

## TIMBURAFGREIÐSLA

**STARFSSVIÐ**

Starfið felst í afgreiðslu, tiltekt á pöntunum til viðskiptavina og önnur almenn lagerstörf.

**HÆFNISKRÖFUR**

Starf sem hentar öllum aldurshópum frá 18 ára aldri. Lyftarapróf er kostur en ekki nauðsynlegt.

*Um er að ræða framtíðarstörf í 100% stöður. Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Nánari upplýsingar veitir Renzo Gústaf Passaro, verslunarstjóri Timburverslunar, renzo@byko.is.*

Sótt er um á www.byko.is og umsóknarfrestur er til 25. júlí.

byko.is

# SPENNANDI FRAMTÍÐARSTÖRF Í TIMBURVERSLUN BREIDD

FAGMENNSKA - DUGNAÐUR
LIPURÐ - TRAUST

BYKO

# Bókhaldsfulltrúi á fjármálasvið

Festi hf. leitar að metnaðarfullum og vandvirkum aðila í starf bókhaldsfulltrúa á fjármálasvið. Á fjármálasviði starfa um 10 manns við bókhald og uppgjör samstæðunnar, innheimtu viðskiptakrafna og önnur störf tengd fjármálum Festi hf.

**Starfssvið:**

- Færsla bókhalds og afstemmingar
- Umsjón með innheimtu viðskiptakrafna
- Önnur tilfallandi skrifstofustörf

**Hæfnikröfur:**

- Stúdentspróf, framhaldsmenntun á sviði viðskipta er kostur
- Góð þekking og reynsla af bókhaldi er skilyrði
- Reynsla af innheimtu og uppgjörsvinnu er kostur
- Góð almenn tölvufærni – sérstaklega í Excel
- Reynsla af notkun Navision eða Dynamics AX er kostur
- Hröð og nákvæm vinnubrögð
- Góð samskiptahæfni

**Sótt er um starfið á www.festi.is**

**Umsóknarfrestur er til:**
**25. júlí 2016**

**Nánari upplýsingar um starfið veita:**

Ólafía I. Þorvaldsdóttir deildarstjóri á fjármálasviði, **olafia@festi.is**

Guðríður H. Baldursdóttir mannauðsstjóri, **gudridur@festi.is**

**Festi hf. sérhæfir sig í rekstri verslunarfyrirtækja:**

Fyrirtæki Festi hf. eru; matvöruverslunarkeðjurnar Krónan, Kjarval og Nóatún og sérvöruverslanirnar ELKO og Intersport.

Þá rekur Festi hf. einnig fasteignafélög og Bakkann vöruhús.

Festi hf. | Skarfagörðum 2 | 104 Reykjavík | 559 3000 | info@festi.is

FESTI



# Sérfræðingur
## í ávöxtum- og grænmeti

**Krónan leitar að sérfræðingi til að starfa við áframhaldandi innleiðingu á straumlínustjórnun í ávaxta- og grænmetisdeildum Krónunnar.**

**Starfslýsing**

- Þjálfa starfsfólk í verkferlum
- Innleiða gátlista og úttektir
- Stuðla að réttri framsetningu og gæðum vörunnar
- Tryggja að vinnuaðstaða sé til fyrirmyndar
- Leita að tækifærum til umbóta

**Hæfniskröfur**

- Reynsla af matvörumarkaði
- Hæfileikar til að miðla til starfsfólks
- Jákvætt viðmót

**Sótt er um starfið á www.kronan.is**

Nánari upplýsingar veitir mannauðsstjóri Guðríður H. Baldursdóttir, gudridur@festi.is

**Umsóknarfrestur er til 1. ágúst 2016**

Krónan er matvörukeðja í sókn sem sem telur átján lágvöruverðsverslanir.

**Markmið Krónunnar hefur ávallt verið að veita virka samkeppni í verði og vöruúrvali auk þess að leggja áherslu á ferskleika í kjöti, ávöxtum og grænmeti.**

Krónan er í eigu Festi hf. sem sérhæfir sig í rekstri verslunarfyrirtækja. Sjá nánar á: www.festi.is

KRÓNAN

## Starfsfólk í afgreiðslu óskast

Vinnutími 10-18 eða 13-18 og eitthvað um helgar. Framtíðarstarf.

## Aðstoðabakari óskast

Vinnutími 5-13 og aðra hverja helgi. Framtíðarstarf

Áhugasamir sæki um á netfangið ***bjornsbakari@bjornsbakari.is*** merkt **ATVINNA**

BJÖRNSBAKARÍ Sími: 561 1433

# Afgreiðslustarf í ferðaþjónustu

Óskum eftir þjónustulunduðum og jákvæðum starfsmanni í fullt starf.
Um er að ræða fjölbreytt afgreiðslustarf í ferðaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu.

**Helstu verkefni:**

- Afgreiðsla og miðasala
- Samskipti við erlenda viðskiptavini
- Sala í minjagripaverslun
- Önnur tilfallandi verkefni

**Hæfniskröfur:**

- Góð íslensku- og enskukunnátta er skilyrði.
- Þriðja tungumál er kostur.
- Góð þjónustulund og dugnaður.
- Frumkvæði og jákvæðni

**Viðkomandi þarf að geta byrjað sem fyrst.**

Áhugasamir send ferilskrá á ***framtid.atvinna@gmail.com***



# Icepharma leitar að Viðskiptastjóra (Field Brand Manager) fyrir Pfizer

Pfizer

**Hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun á sviði heilbrigðis- eða náttúruvísinda (t.d. lyfjafræði, hjúkrunarfræði, líffræði)
- Reynsla af markaðsstarfi, viðskiptastjórn og sölu heilbrigðisvara eða lyfja
- Góð greiningarhæfni og eiginleiki til að túlka og leggja fram niðurstöður og tillögur
- Áhugi og vilji til að vinna í spennandi og þverfaglegu teymi bæði á Íslandi og í samstarfi við Pfizer í Danmörku
- Fagmennska og frumkvæði, jákvæðni og öguð vinnubrögð
- Góð færni í mannlegum samskiptum og tengslamyndun
- Hæfileiki til að tjá sig í ræðu og riti
- Mjög gott vald á ensku er skilyrði og kunnátta í einu Norðurlandamáli er kostur

**Starfssvið:**

- Myndun og viðhald viðskiptatengsla við heilbrigðisstarfsfólk
- Greining og undirbúningur nýrra markaðstækifæra, sem og innleiðing og eftirfylgni
- Kynning og sala á lyfjum, gerð auglýsinga og markaðsefnis
- Samstarf við heilbrigðisstarfsfólk
- Verkefnastýring og þátttaka í útboðum í samstarfi við Pfizer
- Markaðsgreining og áætlanagerð
- Þátttaka í og skipulagning funda og ráðstefna hérlendis og erlendis
- Samskipti við Pfizer í Danmörku

Nánari upplýsingar um starfið veitir Bessi H. Jóhannesson, framkvæmdastjóri Lyfjasviðs Icepharma (bessi@icepharma.is eða 821 8008).

**Umsóknir óskast sendar fyrir 5. ágúst á netfangið atvinna@icepharma.is merkt „Pfizer"** Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

**Pfizer** er stærsta lyfjafyrirtæki í heimi, stofnað árið 1849, og er leiðandi í rannsóknum og þróun lyfja. Starfsmenn fyrirtækisins um allan heim eru yfir 110.000. Markmið fyrirtækisins er að veita sjúklingum bestu meðferð sem kostur er á, í samvinnu við heilbrigðiskerfið, og tryggja þeim lengra og betra líf. Pfizer hefur markaðsleyfi fyrir u.þ.b. 80 mismunandi lyf á Íslandi og er hlutdeild fyrirtækisins í íslenskum lyfjamarkaði 8%.

**Icepharma** er eitt af stærstu fyrirtækjum landsins í sölu- og markaðssetningu á lyfjum, heilbrigðisvörum og lækningatækjum. Hjá fyrirtækinu starfa 90 manns með víðtæka menntun og þekkingu á heilbrigðisgeiranum. Icepharma leggur metnað sinn í að vera fyrirmyndarvinnustaður og leggur áherslu á jafnrétti og fjölskylduvænt umhverfi.

Icepharma • Lynghálsi 13 • 110 Reykjavík • Sími 540 8000 • icepharma.is

icepharma

## Blikksmiður / Nemi

Blikksmiðjan Vík ehf. óskar eftir að ráða blikksmið eða starfsmann vanan málmsmíði.

Einnig óskum við eftir að ráða nema til starfa.

**Umsóknir sendist á eyjolfur@blikkvik.is**
**Öllum verður svarað.**

---

**BÓKARI**

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands óskar eftir að ráða vanan bókara í fjárhags-, viðskipta- og lánadrottna bókhald. Leitað er eftir traustum starfsmanni með góðan skilning á bókhaldi. Þekking á DK bókhaldskerfinu er æskileg.

**Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.**

**Áhugasamir sendi umsókn á netfangið liney@isi.is fyrir 22. júlí 2016**

---

## Styrktarþjálfari

Íþróttafélagið Grótta óskar eftir styrktarþjálfara fyrir elstu flokka handknattleiks- og knattspyrnudeildar. Í starfinu felst umsjón og skipulagning styrktarþjálfunar fyrir drengi og stúlkur á aldrinum 14-20 ára, þ.e. 2.-4. flokkur í handbolta og 2.-3. flokkur í fótbolta auk samstarf við þjálfara félagsins um styrktarþjálfun deildanna tveggja.

**Umsóknarfrestur er til 26. júlí.**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Kári Garðarsson, íþróttastjóri Gróttu í síma 561-1133 eða á netfangið kari@grottasport.is.

---



## Matreiðslunemar

Veitingahús Perlunnar leitar að hæfileikaríkum matreiðslunemum.

**Sendið umsóknir til perlan@perlan.is.**

---

## Spennandi störf hjá Kópavogsbæ

**Smáraskóli**
- Skólaliði
- Starfsmenn í dægradvöl
- Umsjónarkennari á elsta stig

**Hörðuvallaskóli**
- Heimilisfræðikennari
- Umsjónarkennari í 3. Bekk
- Umsjónarkennari í 6. Bekk

**Álfhólsskóli**
- Sérkennari í sérdeild fyrir einhverfa
- Námsráðgjafi
- Skólaliði

**Salaskóli**
- Stærðfræðikennari

**Kópavogsskóli**
- Skólaliði í dægradvöl

**Kársnesskóli**
- Matráður starfsmanna í Skólagerði
- Skólaliðar í dægradvöl

**Leikskólinn Urðarhóll**
- Leikskólakennari í sérkennslu

**Leikskólinn Núpur**
- Deildarstjóri

**Sundlaug Kópavogs**
- Baðvörður
- Laugarvarsla

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á heimasíðu Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is, þar sem jafnframt má finna fleiri störf og nánari upplýsingar.

Kópavogsbær
kopavogur.is

---

LANDSPÍTALI

# LANDSPÍTALI ... VERTU MEÐ!

**Menntadeild**

*Menntadeild Landspítala heyrir undir framkvæmdastjóra hjúkrunar og lækninga og kemur að skipulagi klínísks náms, símenntun fagfólks og styður við kennsluhlutverk starfsfólks á Landspítala. Á deildinni starfa um 13 manns.*

## VERKEFNASTJÓRI

*Menntadeild vill ráða sjálfstæðan, töluglöggan og metnaðarfullan einstakling sem er jákvæður og lausnamiðaður og á auðvelt með að vinna í teymi. Í starfinu felst m.a. utanumhald og skipulag námskeiða sem haldin eru á vegum menntadeildar, samskipti við birgja, innkaupadeild sem og aðrar deildir LSH ásamt öðrum verkefnum í samvinnu við deildarstjóra.*

## NEMENDUR Í HEILBRIGÐISVÍSINDUM / AÐSTOÐARFÓLK Í HERMIÞJÁLFUN

*Menntadeild auglýsir eftir 3-5 nemendum sem stunda nám á sviði heilbrigðisvísinda í 10% aðstoðarstarf við hermiþjálfun í klínísku kennslusetri LSH. Starfið felst í teymisvinnu og náinni vinnu með fjölbreyttum hópi leiðbeinenda í tengslum við flest svið spítalans. Viðkomandi kemur til með að öðlast góða reynslu og innsýn inn í nýja og vaxandi kennsluaðferð sem notuð er við menntun heilbrigðisstarfsfólks. Veitt er ítarleg leiðsögn undir handleiðslu sérfræðinga í hermiþjálfun.*

**Þvottadeild**

## STARFSMAÐUR Í ÞVOTTAHÚS

*Landspítali vill ráða jákvæðan liðsmann með góða samskiptahæfileika í tímabundið starf til eins árs.*

*Þvottahús Landspítala á rekstrarsviði er staðsett á Tunguhálsi 2. Á einingunni starfa um 40 manns. Þvottahúsið sér um þvott, afgreiðslu og endurnýjun á líni fyrir Landspítala. Það rekur saumastofu sem sér um viðgerðir á öllu líni og nýsaum á hluta af nýju líni, ásamt því að merkja lín í eigu þvottahússins.*

**NÁNARI UPPLÝSINGAR Á HEIMASÍÐU LANDSPÍTALA; WWW.LANDSPITALI.IS/MANNAUDUR OG STARFATORGI; WWW.STARFATORG.IS**

*Landspítali er lifandi og fjölmennur vinnustaður með um 5.100 starfsmenn. Hann er aðalsjúkrahús landsins og miðstöð menntunar og rannsókna í heil- brigðisvísindum. Á Landspítala er lögð áhersla á öryggi, jafnrétti, ábyrgan rekstur, góðan starfsanda og bættan húsakost.*

# Störf í vöruhúsi

## Ölgerðin leitar að öflugu fólki í vöruhús

Ölgerðin rekur stórt og tæknilegt vöruhús með u.þ.b. 100 starfsmönnum sem sjá um móttöku og afgreiðslu pantana til viðskiptavina.

Unnið er á dag-, kvöld og næturvöktum. Um framtíðarstarf er að ræða. Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst.

**HLUTVERK OG ÁBYRGÐ:**

- Tiltekt og afgreiðsla pantana
- Móttaka á vörum
- Tilfallandi störf sem tilheyra í stóru vöruhúsi

**HÆFNISKRÖFUR**

- Aldur 20+
- Hreint sakavottorð
- Þjónustulund, stundvísi og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð samskiptahæfni, samviskusemi og jákvæðni
- Bílpróf er skilyrði, lyftarapróf er kostur

**Umsóknarfrestur er til og með 31. júlí nk.**

VW Polo 1,4 comfortline. 2010, tveir eigendur, ekin 51. þús km. 5 gíra, ný vetradekk fylgja, ný skoðaður, dekurbíll. verð. 1.580.000,- Uppl. í s. 8223322



M.Benz, 1985, húsbíll. Verð 850þús uppl. í s. 8930399.

Dodge Durango 5,9 árg. 2000. Skoðaður út 2017. Fer illa í bakkgír. Lítur vel út. Verð 130þ. Uppl. í s. 8928825

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Fellihýsi






10 feta Starcraft 10 RT "Off road" fellihýsi. Vel með farið árgerð 2007, tilbúið í ferðalagið. Tvöfalt rafkerfi og 240v), tveir gaskútar, ísskápur, Truma miðstöð, vifta í lofttúðu, rúm king size, queen size og hægt að breyta borðinu í rúm fyrir krakka, góðir skápar, markísa og fortjald sem rennt er á markísuna(flugnanet í gluggum). Uppl. í síma 8426500 eða í email oskar@advance.is

## Húsbílar




## Hjólhýsi



Til sölu nýtt Hobby Prestige 650KFU hjólhýsi. ALDE, 3 kojur, bakaraofn o.m.fl. Tilbúið í ferðalagið. Frábært fjölskylduhús Skoða skipti á ferðavagni eða bíl Verð 5.990 þkr. Uppl. í s. 862-5180 og ottobiering@gmail.com

## Hjólbarðar




**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.




**TECHKING VINNUVÉLADEKK**
Vorum að fá nýja sendingu af hinum frábæru vinnuvéladekkjum frá Techking Búkolludekk-hjólaskófludekk Ofl. Ýmsar algengar stærðir. O.K.Varahlutir S: 6961050 okspares@simnet.is

## Lyftarar




## Varahlutir




Vantar þig VARAHLUTI HRATT að utan? SKOÐAÐU ÞÁ!! ATH BÍLL KEMUR 1 ÁGÚST... VANTAR ÞIÐ VÉL EÐA ANNAÐ STÓRT AÐ UTAN HRINGDU NÚNA Í SÍMA 788-8897 Útvegum varahluti að utan á 2-10 dögum, stórir eða litlir hlutir ekkert mál. Vélar, skiptingar, gírkassar, spíssar, mælaborð, loftpúðar, öryggisbelti, túrbínu, tölvuheilar eða bara bremsuklossar. Orginal eða aftermarket varahlutir, notaðir eða nýjir við getum reddað því. Endilega sendið fyrirspurnir á pantanir@fastparts.is eða hringið í síma 788-8897 (Íslenska) 784-2042 (Enska)

## Bátar




**HEIMAVÍK**
Silunganet, flotnet, sökknet. Silunganet, flotnet, sökknet. Nýju sjóbleikjunetin komin. Heimavík Höfðabakka 1, S. 555 6090 www.heimavik.is

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 699 6069 & 663 5315.

## Garðyrkja




Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

**GARÐAUMSJÓN**
Sláttur fyrir húsfélög og einstaklinga. Almenn garðvinna. Halldór garðyrkjumaður. S: 6981215

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**REGNBOGALITIR**
Þakmálun, útimálun, múrviðgerðir. Innimálun, spörtlun, viðhaldsþjónusta. Vönduð vinnubrögð og snyrtimennska. S.891 9890 malarar@simnet.is

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald




**Parket Útlit ehf**
Við sjáum um viðhald á gólfum. Gerum staðbundnar viðgerðir, slípum upp gamalt, leggjum niður nýtt. Tökum einnig að okkur sólpalla.
Erum á Facebook, hafðu samband í s: 692-7131 (stefan@parketutlit.is )
Þitt val, okkar þekking.




Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

**SMIÐIR**
**NÝSMÍÐI OG VIÐHALD.**
Getum bætt við okkur verkefnum gipsvinna, parketlagnir og allt almennt viðhald. Erum farnir að taka niður tímapantanir f. sólpallasmíði f. sumarið 2016.
**Uppl. í s. 663 3944 Ingi og 663 3955 Ragnar**

**TRÖPPUVIÐGERÐIR**
Múrviðgerðir, málun og tröppuviðgerðir (hitastrengur). Hinrik, s. 892 9499.

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 695 9434, Zanna.

## Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Stjörnuljós- Heilun og Spá. Símaspá og tímapantanir í s. 844 1596

## til sölu




Gamli glugginn úr, nýi gluggin í ...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástandið.

Súðarvogur 5 • Sími 566-6630 • gluggagerdin@gluggagerdin.is

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407



















**Alla fimmtudaga og laugardaga**

arnarut@365.is sigrunh@365.is




KÆLDU ÞIG UPP & NIÐUR

Jóker er seiðandi og ljúffengur jarðarberjapinni frá Kjörís, með salmíakfyllingu og hjúpaður sterkri lakkrísdýfu.

Kjörís

# FROSTPINNI Í FREYÐIVÍNI

Á góðum sumardögum er hressandi að fá sér heimagerðan frostpinna sem dýft er í prosecco eða annan freyðandi drykk. Uppskriftin miðast við 8 pinna.

### FROSTPINNI MEÐ HINDBERJUM

150 g sykur
1 dl vatn
500 g hindber
1 msk. sítrónusafi

Sjóðið saman vatn og sykur. Látið sykurblönduna malla í 5 mínútur. Kælið. Setjið hindber, sítrónusafa og sykurlöginn í matvinnsluvél. Látið vökvann í gegnum síu ef þið viljið losna við fræin. Setjið í íspinnaform og síðan í frysti.

### FROSTPINNI MEÐ MANGÓ

200 g sykur
3 dl vatn
2 þroskaðir mango
2 límónur
4 ástríðuávextir

Sjóðið saman vatn og sykur og látið malla áfram í 5 mínútur. Kælið. Hreinsið mangó og setjið í matvinnsluvél ásamt límónusafa og sykurlegi. Þá er ástríðuávexti bætt saman við og allt hrært í smástund. Fræin í ástríðuávextinum eiga ekki að kremjast. Setjið í íspinnaform og síðan í frysti. Berið pinnana fram í glösum með freyðivíni.





## AFGANGSNAMMI KOMIÐ Í NOT

Afgangssælgæti gæti hljómað fjarstæðukennt en þó getur komið upp sú staða að inni í skáp safnist upp haugur af nammi. Þá gæti verið gaman að gera tilraunir. Afhverju ekki að brytja afgangssúkkulaði út í pönnukökudeigið í bland við bláberin á laugardagsmorgni til dæmis?



### DJÚPSTEIKTAR BEIKON/ SÚKKULAÐIRÚLLUR

Kaupið tilbúið smjördeig, fletjið ú tog skerið í heppilega ferninga. Leggið beikonsneið í miðjuna og svo slatta af súkkulaði, til dæmis snickers eða mars en í raun ætti hvaða súkkulaði sem er að duga. Vefjið svo deiginu saman í rúllu og steikið í olíu í djúpri pönnu eða í djúpsteikingarpotti.



### BETRUMBÆTT BRÚNHILDUR

Einhverjum gæti þótt svardökk og seig brownie alveg nóg af því góða en hana má þó bæta, með nammi. Súkkulaði, lakkrís, og karamellur er hægt að skera niður og bæta út í deigið. Og ef sætutönnin hefur ekki fengið nóg er hægt að strá sykurpúðum yfir áður en kakan fer í ofninn.



### BRJÓSTSYKURSSNÚÐAR

Dísætir kanilsnúðar eru yfirleitt fylltir með kanilsykri og smjöri. Það má vel nýta hverskonar brjóstsykurmola og sleikjóa annaðhvort í staðinn fyrir kanilsykurinn eða með. Setjið molana og sleikjóana í plastpoka, vefjið viskustykki utan um og myljið með buffhamri. Stráið svo yfir deigið áður en því er rúllað upp og skorið niður og bakað. Piparbrjóstsykur gæti verið áhugaverð tilraun.



# LANDMARK

FASTEIGNASALA

**Sími 512 4900**
**landmark.is**



Magnús Einarsson, Löggiltur fasteignasali, Sími 897 8266
Sigurður Samúelsson, Löggiltur fasteignasali, Sími 896 2312
Sveinn Eyland, Löggiltur fasteignasali, Sími 690 0820
Kristján Ólafsson, Hrl. Löggiltur fasteignasali
Þórarinn Thorarensen, Sölustjóri, Sími 770 0309
Eggert Maríuson, Aðstoðarmaður fasteignasala, Sími 690 1472
Guðrún Diljá Lúðvíksdóttir, skjalagerð
Benedikt Ólafsson, Aðstoðarmaður fasteignasala, Sími 661 7788
Nadia Katrín, Sölufulltrúi, Sími 692 5002
Helga Snorradóttir, Skjalavinnsla

# Landmark leiðir þig heim!




## SKIPHOLT - 105 RVK
**LAUSAR TIL AFHENDINGAR.**
- Glæsilegar 3 - 4 herb., nýjar útsýnisíbúðir á 4.hæð.
- Íbúðir eru 120 – 130 fm / gengið inn af svölum.
- Rúmgóðar 30 – 70 fm suður-svalir með íbúðum.
- Lyfta er í húsi og sérmerkt bílastæði.
- Vandaðar innréttingar frá PARKA / steinn í borðpl[illegible]
- **Verð: 67,9 – 69.9 millj.**

Hafðu samband
**SVEINN EYLAND**
Löggiltur fasteignasali. Sími 690 0820






## LAUGARVEGUR – 105 RVK
**LAUS TIL AFHENDINGAR**
- Endurnýjuð 3ja herb.íbúð á jarðhæð
- Íbúð er 74.7 fm auk sérgeymslu í kjallara
- Tvær stofur / 1 svefnherb., mögulegt að breyta
- Innréttingar, gólfefni, raflagnir, ofnar og ofnalagnir - NÝTT
- Verið er að klára að endurnýja hús að utan
- **V. 35.9 millj.**

Hafðu samband
**SVEINN EYLAND**
Löggiltur fasteignasali. Sími 690 0820






## SNÆFOKSSTAÐIR VIÐ HVÍTÁ
**SÖLUSÝNING LAU. & SUN. KL.14:00-15:00 EIGENDUR Á STAÐNUM**
- Sumarhús með verönd og útihúsi
- Staðsett við Hvítárbakka innst í götu
- Gróin 12.200 fm lóð, frábært útsýni
- Möguleikar á byggja stærra hús
- **V. 34.9 millj.**

Hafðu samband
**SVEINN EYLAND**
Löggiltur fasteignasali. Sími 690 0820






## VINDAKÓR – 203 KÓP
**BÓKIÐ SKOÐUN**
- Falleg 129 fm 4ra herb., íbúð á 5.hæð í lyftufjölbýli
- Gluggar á 3 vegu og ægifagurt útsýni
- Tvö rúmgóð svefnherb. og tvær stofur. • Rúmgott baðherb., baðkar & sturta
- Stæði í lokaðri bílgeymslu
- Viðhaldsfrítt hús að utan
- **V. 44.5 millj.**

Hafðu samband
**SVEINN EYLAND**
Löggiltur fasteignasali. Sími 690 0820






## KLAPPARHLÍÐ 28
**OPIÐ HÚS MÁN. 18. JÚLÍ FRÁ KL 17:30 TIL 18:00. ENDAÍBÚÐ 201.**

4ra herb. falleg vel skipulögð 112.6 fm. íbúð með stórbrotnu útsýni yfir fjallagarðanna og höfuðborgina.Rúmgóð herbergi og björt stofa.Vandað hús sem engin ætti að láta framhjá sér fara.Stutt í alla þjónustu. Sjón er sögu ríkari.
**V. 38,9 milljónir.**

Hafðu samband
**BENEDIKT ÓLAFSSON**
Aðstoðarmaður fasteignasala. Sími 661 7788





## BRENNUBYGGÐ – 311 BORGARBYGGÐ
Um er að ræða 79,4 fm sumarhús ásamt steyptum skriðkjallara þar sem inntök hússins eru. 4 svefnherbergi og rúmgóð stofa með stórri verönd. Frábær staðsetning innst í hverfinu. Vandaðar innréttingar og gólfefni. Hitaveita.
**V. 17,9 millj.**

Hafðu samband
**ÞÓRARINN THORARENSEN**
sölustjóri. Sími 770 0309





## KALDALIND 9 – 201 KÓP
Afar vandað og glæsilegt 223 fm. einbýlishús á tveimur hæðum með 26,6 fm. innbyggðum bílskúr. Mikil lofthæð á efrihæð með innfelldri lýsingu. Afar vandaðar innréttingar og gólfefni, allt parket er gegnheilt. Eignin stendur á góðum útsýnisstað ofarlega í Lindahverfinu. Afar glæsileg lóð.
**V. 85 millj.**

Hafðu samband
**ÞÓRARINN THORARENSEN**
sölustjóri. Sími 770 0309





## STÓRAGERÐI 22 – 108 RVK.
Afar vel skipulagða 95,2 fm. 4ra herbergja íbúð á 3. hæð. 3 svefnherbergi og suðursvalir. Eldhús og baðherbergi eru að mestu upprunaleg. Eignin er nýlega standsett að utan og sameign afar snyrtileg. Eignin er laus við kaupsamning.
**V. 34,9 millj.**

Hafðu samband
**ÞÓRARINN THORARENSEN**
sölustjóri. Sími 770 0309



# INNI FASTEIGNASALA

Kaupvangi 2, 700 Egilsstöðum
Sími 580 7905 • Fax 5807901



Hjördís Hilmarsdóttir
löggiltur
fasteignasali



Hilmar Gunnlaugsson
hæstaréttarlögmaður og
löggiltur fasteignasali



Sigurður Magnússon
löggiltur
fasteignasali

www.inni.is | Austurland er land tækifæranna!

## Nátthagi, Fljótsdalshéraði.



1,25 hektara landspilda í 15 km. fjarlægð frá Egilsstöðum. 173,5 fm. einbýlishús í góðu ástandi með fjórum svefnherbergjum. Stór og mikil útihús fylgja eigninni (eru yfir 1.000 fm.), sem eru hesthús ásamt hlöðu, refahús, geymsla og vélageymsla (verkstæði). Falleg staðsetning og frábært útsýni (m.a. hin einstöku Dyrfjöll).

**Ásett verð: 42,9 milljónir.**

## Hrafnabjörg, Fljótsdalshéraði.



Höfum í einkasölu jörðina Hrafnabjörg 4, sem er í um 25 km. fjarlægð frá Egilsstöðum. Stórt íbúðarhús með tveimur íbúðum (162,1 fm. hvor íbúð), vélageymsla, fjárhús fyrir 300 kindur, fjós fyrir 12 kýr og hlaða. Góðar veiðilendur, bæði fyrir gæsa- og rjúpnaveiði. Jörðinni tilheyrir hlutdeild í tveimur laxveiðiám, þ.e. Jöklu og Laxá. Nýlega hefur verið gengið frá landskiptum Hrafnabjarga 1, 2, 3 og 4 og réttarstaða því skýr. Hlutur Hrafnabjargar 4 er 33,3% í óskiptu landi, sem eftir upplýsingum nytjalands er 3.800 hektarar. **Tilboð óskast.** Nánari upplýsingar á skrifstofu

## Grænahlíð, Reyðarfirði.



Höfum í einkasölu jörð (líklega um 65 ha) á skemmtilegum stað innarlega í Reyðarfirði á Austurlandi.

Húsakostur er mjög slakur, en staðsetning jarðarinnar býður upp á mikla möguleika, nokkra kílómetra frá þéttbýlinu á Reyðarfirði.

**Verðhugmynd: 14 milljónir.**

## Austurvegur, Seyðisfirði.







Höfum fengið í sölumeðferð mjög spennandi atvinnutækifæri og íbúð í hjarta hins rómaða bæjar á Seyðisfirði. Um er að ræða gistiheimili með 6 stúdíóíbúðum, standsettum fyrr á þessu ári, allar með sér inngangi, verslunarrými í langtímaleigu (leigutaki er Lyfja hf.) og glæsileg 5 herbergja íbúð með miklum möguleikum. Húseigninni (samtals 522,4 fm.), er er skipt í tvær aðskildar fasteignir í veðmálabókum. Þriðja eignin fylgir einni r ríflega 1.000 fm. eignarlóð við hliðina, á frábærum stað og með mikla möguleika til atvinnusköpunar.

**Verðhugmynd fyrir allan pakkann: 137 milljónir.**

## Vínland, Egilsstöðum.





Höfum í sölumeðferð gistiheimili ásamt deiliskipulögðu landi í einungis 2 km. fjarlægð frá alþjóðaflugvellinum á Egilsstöðum, nálægt gólfvelli og í jaðri þéttbýlisins. Um er að ræða gistiheimili með sex tveggja manna herbergjum (öll með baðherbergi og sér inngangi), 41,4 fm. sumarhúsi og tveimur smáhýsum. Þá er búið að deiliskipuleggja land fyrir 15 sumarhús, þrjú stærri hús og þjónustuhús. Sérstaklega vel staðsett miðað við hugmyndir um uppbyggingu á afþreyingartengdri ferðaþjónustu.
**Ásett verð: 74,9 milljónir.**

Möguleiki á forkaupsrétti að auknu landi og íbúðarhúsi.





# MIÐBÆR

Fasteignasala & Leigumiðlun
Kristbjörn Sigurðsson lögg. fasteignasali & leigumiðlari



**Kristbjörn Sigurðsson**
*Löggiltur fasteignasali*



**Ingólfur Ingvarsson**
*Löggiltur fasteignasali*



**Magnús Magnússon**
*Aðstoðarmaður fasteignasala*



**Sigfús Aðalsteinsson**
*Framkvæmdastjóri*

**Hjá Miðbæ er kappkostað við að vanda til allra þátta er koma að kaupum og sölu fasteigna.**

**S: 588 3300**








## Grensásvegur 10 - 108 Reykjavík

Til sölu 1779 fm skrifstofuhúsnæði á þremur hæðum. Möguleiki er að skipta húsnæðinu í minni einingar. Næg bílastæði fyrir aftan húsið. Góð staðsetning.

Nánari lýsing: Húsnæðið sem er á fjórum hæðum er á tveimur fastanúmerum og er skráð samtals 1.779 fm. að stærð.

1. hæð með fastanr. 229-2794 er skráð 219,7 fm. verslunarhúsnæði. Verslunarhæðin sem er á jarðhæð. Steinteppi er á gólfi og kerfisloft með innfelldri lýsingu. Lagerrými er bakatil og þar eru til staðar vörudyr á hlið hússins. Innangengt er úr verslun inn í stigahús upp á efri hæðir.

2.3. og 4. hæð eru á einu fastanr. skráðar samtals 1.558,9 fm.

2. hæð er mest opið rými, móttaka, nokkur fundarherbergi/lokuð vinnurými, salerni og geymsla/tæknirými.

3. hæð er einnig mest opin rými og nokkrar lokaðar skrifstofur/vinnurými og salerni.

4. hæð er rishæð og er þar til staðar mötuneyti, tveir fundarsalir, salernisaðstaða og geymslur. Tvennar svalir eru á rishæð.

Dúkur er á 2. og 3. hæð hússins sem og stigagangi. Parket er á 4 hæð. Lyfta er í húsinu. Malbikað bílaplan er við húsið.

**Þróun Grensásvegar er í þá átt að þar verði blönduð byggð, íbúðir, hótel og verslunar/skrifstofuhúsnæði.**

*Nánari upplýsingar veitir:*

**Ingólfur Ingvarsson**
*Löggiltur fasteignasali*
*ingolfur@midbaer.is*
*893-7806*



Vegmúli 2 | 108 Reykjavik | sími: 588 3300 | midbaer@midbaer.is — Nánari upplýsingar um eignir á **www.midbaer.is**

# LIND FASTEIGNASALA

# 510 7900

Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is


**Þórunn Gísladóttir** – LÖGGILTUR FASTEIGNASALI


**Sveinn Gíslason hdl.** – LÖGGILTUR FASTEIGNASALI


**Hannes Steindórsson** – LÖGGILTUR FASTEIGNASALI


**Bjarni Blöndal** – LÖGGILTUR FASTEIGNASALI


**Ólafur Gísli Sveinbjörnsson** – LÖGGILTUR FASTEIGNASALI


**Kristján Þórir Hauksson** – LÖGGILTUR FASTEIGNASALI


**Stefán Jarl Martin** – LÖGGILTUR LEIGUMIÐLARI


**Lára Þyri Eggertsdóttir** – LÖGGILTUR FASTEIGNASALI


**Kristín Skjaldardóttir** – LÖGGILTUR FASTEIGNASALI


**Vernharð Þorleifsson** – AÐSTOÐARMAÐUR FASTEIGNASALA


**Gunnar Þór Valsson** – AÐSTOÐARMAÐUR FASTEIGNASALA


**Harpa Mjöll Grétarsdóttir** – AÐSTOÐARMAÐUR FASTEIGNASALA


**Magnús Már Lúðvíksson** – AÐSTOÐARMAÐUR FASTEIGNASALA


**Arna Rut Þorleifsdóttir** – AÐSTOÐARMAÐUR FASTEIGNASALA

**OPIÐ HÚS › 18. júlí 18:00 – 18:30**







## Mánatún 7-17

105 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 111-183 fm | FJÖLBÝLI | HERB: 3-4

LIND Fasteignasala kynnir:

NÝJAR ÍBÚÐIR. Glæsilegar, vel skipulagðar og bjartar 3-4 ja herbergja íbúðir í fallegu húsi við Mánatún 7-17 í Reykjavík. Öllum íbúðum fylgir stæði í bílageymslu. Sérlega vandaður frágangur og fallegar innréttingar, tvennar svalir í flestum íbúðum.

*Heyrumst*
**Gunnar ›** 699 3702 **52,5 - 82,9 M.KR.**
Sölufulltrúi/Í námi til lögg.fasteignasala

**OPIÐ HÚS › 18. júlí 17:30 – 18:00**







## Stuðlaberg 82

220 HAFNARFJÖRÐUR

STÆRÐ: 160,2 fm | RAÐHÚS | HERB: 4-5

Fallegt raðhús á 2 hæðum með sérstæðum bílskúr. 3 góð svefnherbergi, stórt baðherbergi og gestasalerni, stofa og sólstofa, skjólgóður pallaklæddur garður. Falleg eign á góðum stað.

*Heyrumst*
**Ólafur ›** 822 8283 **51.900.000 KR.**
Löggiltur fasteignasali

**OPIÐ HÚS › 18. júlí 18:15 – 18:45**







## Drápuhlíð 26

105 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 151 fm | FJÖLBÝLI | HERB: 4

Góð 112 fm íbúð ásamt 39,2 fm bílskúrs, samtals 151,2 fm. Sameiginlegur inngangur með einni íbúð en fjórar íbúðir eru í húsinu.

*Heyrumst*
**Stefán ›** 892 9966 **49.900.000 KR.**
Löggiltur leigumiðlari







## Lyngás 1a

210 GARÐABÆR

STÆRÐ: 83 fm | FJÖLBÝLI | HERB: 3

Falleg og björt ný útsýnis íbúð á fjórðu og efstu hæð. Góð staðsetning í hverfinu, húsið fjær Hafnarfjarðarvegi, snýr að Stórás. Mikið útsýni. Sér bílastæði í bílakjallara.

*Heyrumst*
**Hannes ›** 699 5008 **39.900.000 KR.**
Löggiltur fasteignasali

**BÓKIÐ SKOÐUN**







## Gilsbúð 5

210 GARÐABÆR

STÆRÐ: 723,6 fm | FJÖLDI HERBERGJA: 0

MIKIÐ ENDURNÝJAÐ ATVINNUHÚSNÆÐI MEÐ MIKLA MÖGULEIKA Á FRÁBÆRUM STAÐ VIÐ GILSBÚÐ 5 Í GARÐABÆ. HÁTT TIL LOFTS, TVENNAR INNKEYRSLUDYR.

Eignin skiptist í lagerhúsnæði, móttöku, skriftofu og sýningarrými. Möguleiki er að setja milliloft yfir hluta eða allan lagerinn til að stækkunar.

*Heyrumst*
**Gunnar ›** 699 3702 **165.00.000 KR.**
Sölufulltrúi/Í námi til lögg.fasteignasala







## Laugavegur 42

101 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 87 fm | FJÖLBÝLI | HERB: 3

Einstök penthouse íbúð með mikilli lofthæð í fallegu steinhúsi byggðu árið 1912.
Eignin er mikið endurnýjuð. Stórar útsýnissvali. Gengið inn frá Frakkastíg. Er í airbnb útleigu.

*Heyrumst*
**Hannes ›** 699 5008 **41.900.000 KR.**
Löggiltur fasteignasali

**Uppspretta ánægjulegra viðskipta**

FRÉTTABLAÐIÐ

# TÍMAMÓT



Elskuleg móðursystir okkar og mágkona,

**Dagmar Lind Jónsdóttir**

Sléttuvegi 7,

lést á Landspítalanum miðvikudaginn 15. júní. Útför hennar hefur farið fram í kyrrþey.

**Svanlaug Ida Þráinsdóttir** **Berglind Þráinsdóttir**
**Fjalar Þráinsson** **Sigurlaug Einarsdóttir**
**og Þráinn Þorsteinsson**



Ástkær eiginmaður minn, sonur, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Gunnar Árnmarsson**

skipstjóri,
Krummahólum 6, Reykjavík,

lést þriðjudaginn 12. júlí. Útför hans fer fram frá Garðakirkju á Álftanesi, föstudaginn 22. júlí, klukkan 13.00.

**Guðbjörg Friðriksdóttir**
**Una Sigríður Gunnarsdóttir**
**Sigmar Helgi Gunnarsson**
**Sigurður Gunnarsson** **Iðunn Saga Björnsdóttir**
**Jóna Sigríður Gunnarsdóttir** **Kristján Vattnes Jónass.**
**María Björk Gunnarsdóttir** **Óskar Long Einarsson**
**og aðrir aðstandendur.**



Yndislega móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sigrún Laxdal**

málvísindamaður,

lést á Dvalarheimilinu Grund mánudaginn 5. júlí síðastliðinn. Jarðsungið verður frá Dómkirkjunni í Reykjavík, mánudaginn 18. júlí 2016, kl. 11.00.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Vegamótadeildar á Grund fyrir frábæra umönnun síðastliðið ár.

**Sigrún Ása Sturludóttir** **Þór Gunnarsson**
**Embla Þórsdóttir** **Klaus Andreasson**
**Sturla Þórsson**
**Guðlaug Ýr Þórsdóttir**
**Askur, Ísabella Ýr og Baldur Klausbörn**






**Ísleifur Jónsson** Útfararstjóri Farsími 821 5353
**Steinunn Magnúsdóttir** Útfararþjónusta Farsími 861 3441

ÚTFARARSTOFA REYKJAVÍKUR
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn

*Við andlát ástvinar Nærgætni, hlýja og virðing*

Áratuga reynsla við útfararþjónustu




*Útfarar- og lögfræðiþjónusta*

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

**Útfararstofa kirkjugarðanna**

Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**




Ástkær bróðir okkar,

**Eyjólfur Þórðarson**

frá Goddastöðum,
Hraunbæ 128, Reykjavík,

lést af slysförum laugardaginn 2. júlí. Útförin fór fram í kyrrþey að ósk hins látna. Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug.

**Gísli S. Þórðarson**
**Ársæll Þórðarson**
**Erla Þórðardóttir**
**og fjölskyldur.**



Ástkæra eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

**Lilja Erla Jónsdóttir**

ljósmóðir,
Árskógum 6, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ mánudaginn 11. júlí. Útför hennar fer fram þriðjudaginn 19. júlí kl. 13.00 frá Bænhúsi hjá Fossvogskirkju.

**Aðalsteinn Kjartansson**
**Ingibjörg Aðalsteinsdóttir** **Unnar Þorleifsson**
**Lilja Erla Jónsdóttir**
**Aðalsteinn Unnarsson**
**Bryndís Ósk Unnarsdóttir**



Útför eiginmanns míns, ástvinar og föður okkar,

**Friðriks Kristjánssonar**

fv. framkvæmdastjóra,
Sunnuvegi 29, Reykjavík,

verður gerð frá Áskirkju fimmtudaginn 21. júlí, kl. 15.00.

Minningargreinar vinsamlegast afþakkaðar, sem og blóm og kransar, að ósk hins látna. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Íslands eða önnur líknarfélög.

**Bergljót Ingólfsdóttir**
**Vala Friðriksdóttir, Friðrik Friðriksson,**
**Kristján Friðriksson, Kolbrún Friðriksdóttir,**
**Bergljót Friðriksdóttir**



Elskulegur fósturfaðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og bróðir,

**Þórir Atli Guðmundsson**

Akri, Eyrarbakka,

sem lést 9. júlí, verður jarðsunginn frá Eyrarbakkakirkju miðvikudaginn 20. júlí kl. 14.00.

**Aðalsteinn Brynjólfsson** **Ágústa Sigurðardóttir**
**Anna Día Brynjólfsdóttir** **Gísli Sæmundsson**
**Agnar Bent Brynjólfsson** **Kolbrún Markúsdóttir**
**Sigríður Guðmundsdóttir McLean**
**afabörn og langafabörn.**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna fráfalls elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Gróu Svanheiðar Árnadóttur**

sem lést 19. júní síðastliðinn. Sérstakar þakkir til starfsfólks á Báruhrauni, Hrafnistu Hafnarfirði, fyrir hlýhug og góða umönnun.

**Ingibjörg Pálsdóttir** **Kjartan Kjartansson**
**Árni Pálsson** **Þuríður Ingvarsdóttir**
**barnabörn og langömmubörn.**



Elsku besti eiginmaður minn, sonur, pabbi okkar, tengdapabbi, afi og tengdasonur,

**Gísli Benediktsson**

viðskiptafræðingur,
Tjarnarmýri 11, Seltjarnarnesi,

lést í faðmi ástvina á Landspítalanum síðastliðinn þriðjudag. Útförin verður í Hallgrímskirkju, föstudaginn 22. júlí, klukkan 15.

Þeim sem vilja minnast hans er bent á SPES barnahjálp, reiknnr. 342-26-2200, kt. 471100-2930.

**Eva María Gunnarsdóttir**
**Benedikt Antonsson**
**Davíð B. Gíslason** **Brynhildur Þorgeirsdóttir**
**María Gísladóttir** **Einar Kristinn Hjaltested**
**Eva Björk, Þorgeir Bjarki, Anna Lára, Benedikt Arnar**
**Hrefna María, Hrafnhildur, Karólína**
**Katrín Eva og Ari Gísli**
**Margrét Magnúsdóttir**



Sambýliskona mín, móðir og amma,

**Elísabet Halldórsdóttir**

bókasafnsfræðingur,

lést miðvikudaginn 13. júlí 2016.

**Páll Eiríksson**
**Ragnar Guðmundsson**
**Skorri Þór Ragnarsson**



Faðir okkar, tengdafaðir, sonur, afi og bróðir,

**Hinrik Þór Valgeirsson**

Gónhól 7, Njarðvík,

lést á heimili sínu, þriðjudaginn 12. júlí. Útförin fer fram frá Ytri-Njarðvíkurkirkju, fimmtudaginn 21. júlí kl. 13.00.

**Guðný Rós Hinriksdóttir** **Harry Kahari**
**Valgeir Örn Hinriksson** **Birgitta Rán Óskarsdóttir**
**Magdalena Olsen** **Valgeir J. Þorláksson**
**barnabörn og Ásmundur Örn Valgeirsson**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Aðalheiður Ísleifsdóttir**

Miklubraut 64, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut miðvikudaginn 13. júlí. Útförin verður auglýst síðar.

**Sigríður Káradóttir** **Guðjón Guðmundsson**
**Tryggvi Kárason** **Guðrún R. Rafnsdóttir**
**Trausti Kárason** **Selma Rut Magnúsdóttir**
**Albert Sigtryggsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Bróðir okkar,

**Hörður Einarsson**

(Kastró)

er látinn.
Jarðsett verður frá Fossvogskirkju á afmælisdaginn hans, 18. júlí, kl. 13.00.

**Björn Einarsson**
**Hafsteinn Einarsson**
**Einar Guðbjartsson**


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

# GLAMOUR

## ÍSLENSKT TÍSKUTÍMARIT

KOMIÐ Í ALLAR HELSTU VERSLANIR



# KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**

**1** Fá pilt úr sveitinni sem er sannkallaður sólargeisli (11)
**11** Vibbi hefur drepið það sem hvimleitt er (9)
**12** Ræddu við rithöfundinn, heiðursins vegna (11)
**13** Smásálir leita minnstu afbrigða (10)
**14** Fokflogið er eins og skyndivindurinn mikli (9)
**15** Leita skjóls í byrgi brota er demba dynur yfir (9)
**16** Skynja velgju ákveðinna hitaleiðandi radíusa (11)
**17** Segir seinkun á bjór trufla aflraun fornkappa (10)
**23** Finn laka aspasa meðal trjáa í óreglu (10)
**29** Sauðir söngs í sköpun verða fyrir áhrifum hóps (11)
**30** Rek slóð kjaftaska og króks til fylgsnis þeirra (10)
**31** Sveif að hjarta með geislavirkri skutlu (11)
**32** Leita að órugluðum sumarmanni vegna lausnar sem sæst var á (10)
**33** Hrifning félaga og elskhuga (7)
**37** Þau yrðu einfaldlega pressuð ef þú myndir pressa þau (9)
**44** Gagnrýnið söng um sardínurnar í dósinni (8)
**45** Hringsóla um stafla þegar ástandið er svona (13)
**46** Sé mynd af græjunni á festingunni (8)
**47** Gullloft, stafir, eftirlæti og lífrænar linsur! (11)
**48** Óstýrilátur fugl verður enn baldnari (10)

**LÓÐRÉTT**

**1** Sé skinn renna er forkur tekur á (9)
**2** Út af fyrir sig mun hún vefja, en aðeins einn snúning (9)
**3** Tætingur við bein úr sjó gefur herramannsmat (9)
**4** Seint mun dagur deyja án myrkra miðnæturstunda (9)
5 Greiðan gengur vel í sperrtan rugludall (7)
**6** Eldfimt loft í uppnámi brennir Nasaskóg (8)
**7** Sár, ærsl og afneitun veraldlegra gæða (8)
**8** Upp fyrir karl jafnt sem kaftein (8)
**9** Báruboði brýtur brim á þurru (Suðaustur)landi? (8)
**10** Flandur á fjölskyldu sem á sér engan uppruna (8)
**18** Óvild og rógur skal það heita (7)
**19** Áður óþekktar klíkur greina áður óþekkta kvilla í hópnum (7)
**20** Finna ekki marga seka og enn færri sérstaka (7)
**21** Gleyptir bæði íslenska rannsóknastofnun og útlendinga (7)
**22** Smíða falskar fyrir ringlaðan tógmann (7)
**24** Kroppar einnig auman blett (7)
**25** Naut þess sem okkur fór á milli svona í heildina (7)
**26** Hvað er til átu í öngviti? (7)
**27** Hér eru merki eftir son sem rétt er að þið berjist gegn (7)
**28** Segi mig frá lista sem þarf að koma úr umferð (6)
**34** Þarf fjörugan fugl til að taka höggið (7)
**35** Kaupa róbót til klækja (7)
**36** Fílarðu ekki hörðu gaurana? (7)
**37** Himnabytta, takk, segir hún (6)
**38** Ert þú konung til ófriðar (6)
**39** Þetta dregst en þú náðir tveim í dönsku (6)
**40** Rækta snafs fyrir eyðimerkurref (6)
**41** Sætta sig við blóm fyrir kvenskepnuna (6)
**42** Halló! Kominn desember og engin sáta? (6)
**43** Ofjarl Gunnars lögregluþjóns snuðrar uppi lausnina (6)





Lausnarorð síðustu viku var

**HAUSTKOSNINGAR**

FORLAGIÐ

**VEGLEG VERÐLAUN**

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af **Einn af okkur eftir Åsne Seierstad** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Hanna S. Antoníusdóttir, Reykjavík.**




**LAUSNARORÐ**

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist þjóðarblóm, þó ekki Íslands (12). Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 14. júlí næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „9. júlí“.

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.






# Þrautir

## Bridge Ísak Örn Sigurðsson

### Hvernig er best að spila vörnina

Mörg áhugaverð spil litu dagsins ljós á Evrópumótinu í Búdapest á dögunum. Mörg þeirra rötuðu á síður mótsblaðanna – en ekki öll. Spil dagsins er áhugavert þó að það hafi ekki ratað í mótsblöðin. Hinn þekkti bridgespilari Jón Þorvarðarson benti á spilið - sem er aðallega áhugavert í vörn. Margir AV-spilararnir spiluðu 4♥ á spilin – og eðli málsins samkvæmt var vestur oftast sagnhafi. Austur gjafari og NS á hættu:

**Norður**
♠ Á10753
♥ 5
♦ ÁK6
♣ D1065

**Vestur**
♠ D4
♥ ÁKDG96
♦ 73
♣ Á74

**Austur**
♠ KG962
♥ 32
♦ 1092
♣ KG9

**Suður**
♠ 8
♥ 10874
♦ DG854
♣ 832

Fæstum tókst að hnekkja 4♥. Ísland tapaði illa á þessu spili í leik sínum gegn Ungverjum. Á öðru borðanna voru Íslendingar í 4♠ á AV hendurnar. Sá samningur var ekki vinnanlegur í þessari legu. Ungverjarnir spiluðu 4♥ á hinu borðinu á AV hendurnar og vörninni mistókst að hnekkja þeim samningi. Fjögur hjörtu voru spiluð á 8 borðum – en aðeins 2 pörum í NS tókst að hnekkja þeim. Spilið er áhugavert í vörn. Norður spilar væntanlega út tígulás og hvað setur suður? Drottning eðlileg til að sýna gosann? Og hvað þá? Jú, hví ekki að taka millileik og spila spaðaásnum (veist ekki hvor á einspil makker eða sagnhafi) og líklega kemur drottningin undir frá sagnhafa til að reyna að plata. Þá sennilega best að taka tígulkónginn og fá frávísun til að fá spaðastungu. Aðrar tillögur eru t.d. að undanspila tígul, makker inn á gosann spilar þá spaða ef hann vill fá stungu, annars bara meiri tígul. Allavega virðast fáir hafa fundið að gefa makker stungu í spaða.

## Skák Gunnar Björnsson

**Svartur á leik**



Magnus Carlsen (2.855) átti leik gegn Wei Yi (2.696) á ofurmótinu í Bilbaó sem nú er í gangi.

**52...c2!** (52...Hxb4 53. Rxb4 Kc4 54. Rc2 er jafntefli). **53. Re7+ Kc5! 54. Hxb3 c1D** og heimsmeistarinn innbyrti vinningin skömmu síðar.
**www.skak.is:** Tónleikar í Hörpu í dag.

## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 9 | | | 3 | | 7 |
| | 2 | 4 | 7 | | | | | 6 |
| | 7 | | 4 | | | | 1 | |
| | | 6 | | | 7 | 2 | | |
| | 9 | 7 | | | 2 | | 6 | |
| | 3 | 8 | 1 | 6 | | | | |
| | | | | 5 | | 4 | 2 | |
| 3 | 6 | 1 | | 4 | | 5 | | |
| | 5 | | 3 | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 4 | | 8 | | | | |
| | | | | | 2 | 4 | | |
| | | | | | | | 5 | 9 |
| 3 | 8 | | 7 | 5 | | 2 | | |
| | | | 9 | | 1 | 5 | | 8 |
| 6 | | | | 2 | | | | |
| | 3 | | 6 | | | | 4 | |
| 7 | 2 | | 1 | | 9 | | | |
| 5 | | | | | | | 1 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | 9 | | | | 8 | | 5 |
| | | 6 | | | | | 4 | |
| | 5 | 7 | | | | | 1 | 3 |
| | | | | 4 | 6 | | | 9 |
| | 3 | | 9 | | | | | 1 |
| | | 2 | | 5 | | | | |
| 8 | | | | 7 | 2 | | | |
| | 1 | | | | | | | |
| | 9 | 3 | | | | 2 | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 4 | 3 | 1 | 2 | 8 | 6 | 7 | 5 |
| 6 | 8 | 1 | 4 | 5 | 7 | 3 | 9 | 2 |
| 5 | 7 | 2 | 3 | 9 | 6 | 8 | 4 | 1 |
| 2 | 1 | 7 | 9 | 3 | 4 | 5 | 6 | 8 |
| 8 | 3 | 6 | 2 | 7 | 5 | 9 | 1 | 4 |
| 4 | 9 | 5 | 6 | 8 | 1 | 7 | 2 | 3 |
| 7 | 5 | 9 | 8 | 4 | 2 | 1 | 3 | 6 |
| 3 | 6 | 4 | 5 | 1 | 9 | 2 | 8 | 7 |
| 1 | 2 | 8 | 7 | 6 | 3 | 4 | 5 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 7 | 3 | 6 | 8 | 4 | 2 | 1 | 5 |
| 1 | 6 | 8 | 2 | 9 | 5 | 3 | 4 | 7 |
| 2 | 4 | 5 | 1 | 3 | 7 | 6 | 8 | 9 |
| 7 | 5 | 1 | 3 | 2 | 9 | 4 | 6 | 8 |
| 6 | 8 | 9 | 4 | 7 | 1 | 5 | 2 | 3 |
| 3 | 2 | 4 | 5 | 6 | 8 | 7 | 9 | 1 |
| 4 | 1 | 2 | 8 | 5 | 3 | 9 | 7 | 6 |
| 5 | 9 | 6 | 7 | 1 | 2 | 8 | 3 | 4 |
| 8 | 3 | 7 | 9 | 4 | 6 | 1 | 5 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 9 | 1 | 2 | 7 | 4 | 8 | 6 | 5 |
| 6 | 7 | 8 | 5 | 1 | 3 | 9 | 4 | 2 |
| 2 | 4 | 5 | 6 | 8 | 9 | 3 | 7 | 1 |
| 4 | 8 | 7 | 3 | 5 | 1 | 2 | 9 | 6 |
| 5 | 1 | 2 | 7 | 9 | 6 | 4 | 8 | 3 |
| 9 | 3 | 6 | 4 | 2 | 8 | 1 | 5 | 7 |
| 7 | 6 | 9 | 8 | 3 | 2 | 5 | 1 | 4 |
| 1 | 5 | 3 | 9 | 4 | 7 | 6 | 2 | 8 |
| 8 | 2 | 4 | 1 | 6 | 5 | 7 | 3 | 9 |




**www.netto.is**

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Iðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

## Konráð og félagar á ferð og flugi 208

Bragi Halldórsson

Á grasflöt sem þau félagarnir gengu fram á voru víða hvítar breiður af einhverjum litlum blómum. „Forvitnilegt væri að vita hvaða blóm þetta er,“ sagði Konráð. „Til hvers?“ spurði Kata. „Þarftu alltaf að vita hvað allt heitir, má þetta ekki bara vera þarna?“ Kata var bersýnilega ekki í sínu besta skapi í dag. „Ég er kannski bara svona fróðleiksfús,“ sagði Konráð.



Getur þú hjálpað Konráði? Veist þú hvað þetta blóm heitir? Er þetta:

**A. Hvítsmári**

**B. Smjörblóm**

**D. Vallhumall**



### Leikur vikunnar

## Inn og út um gluggan

Allir leiðast í hring og standa kyrrir nema einn sem er utan við hringinn og stillir sér upp á bak við einn (hér Siggu). Þegar komið er að „Inn og út um gluggann“ í vísunni leggur Sigga af stað inn í hringinn, gengur til vinstri og fer undir armana á krökkunum í hringnum sem nú halda höndunum uppi, en leiðast áfram og fara undir hendurnar á þeim sem standa í hringnum. Þegar komið er að þeim síðasta tekur sá næsti við:

**Lagið sem sungið er með:**
Nem ég staðar bak við hana Siggu,
nem ég staðar bak við hana Siggu.
Nem ég staðar bak við hana Siggu
svo fer hún sína leið:
Inn og út um gluggann,
inn og út um gluggann,
inn og út um gluggann
og alltaf sömu leið.
(fengið af leikjavefurinn.is)





HELGARFJÖR FYRIR **FLOTTASTA FÓLKIÐ**

Afinn sem allir elska og fjörugu vinkonurnar Skoppa og Skrítla skemmta börnum og foreldrum á laugardags- og sunnudagsmorgnum á **Stöð 2**.

365.is | Sími 1817 365




Ívar dýrkar kettina Kára og Stellu. FRÉTTABLAÐIÐ/ÚR EINKASAFNI

# Með gula og hvíta beltið

**Ívar Kolbeinsson** er sjö ára gamall og býr í Kópavogi. Hann æfir karate eins og pabbi hans. Uppáhaldsdýrin hans eru kettirnir Kári og Stella.

**Í hvaða skóla ertu?** Ég er í Kársnesskóla í Kópavogi.

**Hvað finnst þér skemmtilegast að gera?** Mér finnst skemmtilegast að leika mér með stóra Star Wars karla og setja þá saman.

**Hvað ætlar þú að gera í sumarfríinu?** Ég er búinn að fara á skáknámskeið, hjólabrettanámskeið og á tennis- og leikjanámskeið. Núna er ég í heimsókn hjá ömmu minni í húsinu hennar á Hofsósi. Svo fer ég til Svíþjóðar og Noregs.

**Hver eru áhugamál þín?** Áhugamál mitt eru tölvuleikir.

**Hvað er uppáhaldsdýrið þitt?** Uppáhaldsdýrið mitt eru kettir, sérstaklega Kári, kötturinn minn og Stella, kisan hennar Kötlu systur minnar.

**Ertu að æfa eitthvað?** Já, ég er að æfa karate eins og pabbi minn og er kominn með gult og hvítt belti.

## Lestrarhestur vikunnar Ólafur Kári Bjarnason

**Hvað er skemmtilegast við bækur?** Mér finnst svo skemmtilegt að lesa!

**Hvaða bók lastu síðast og um hvað var hún?** Síðast las ég bók í seríunni Óvættaför. Hún er um strák sem heitir Tom og er að reyna að sigra óvættina sex og er vinkona hans Elena að hjálpa honum.

**Manstu eftir fyrstu bókinni sem var í uppáhaldi hjá þér?** Hún heitir Dregið að landi eftir Árna Árnason og er um tvær stelpur sem voru svo matvandar og þurfti pabbi þeirra að draga þær að landi og borða matinn þeirra og varð rosalega feitur.

**Hvers lags bækur þykir þér skemmtilegastar?** Mér finnst svona spennusögur og fantasíur skemmtilegastar eins og Óvættaför.

**Í hvaða skóla gengur þú?** Ég er í Hlíðaskóla.

**Ferðu oft á bókasafnið?** Ég fer í Sólheimasafn og í Hlíðaskóla er bókasafn og ég fer mikið þangað og svo fer ég líka í Bókabílinn.



Ólafi Kára finnst spennusögur og fantasíur skemmtilegastar.

**Hver eru þín helstu áhugamál?** Helstu áhugamál mín eru fótbolti og lestur.

**Ef þú skrifaðir bók, um hvað væri hún og hvað ætti hún að heita?** Bókin væri annaðhvort um fótbolta eða eitthvað í stíl við Óvættaför. Þegar ég væri búinn að skrifa bókina myndi ég finna titil á hana.

Að venju efna Borgarbókasafnið, Bókmenntaborgin og Forlagið til sumarlesturs á meðal barna. Fyrir hverja lesna bók skrá lesendur nafn sitt og titil bókarinnar á þar til gerða miða og setja í pott sem dregið er úr vikulega. Lestrarhestur vikunnar hlýtur bók að launum.

# ÚTSÖLULOK

## ÚTSÖLUNNI LÝKUR UM HELGINA

30% AFSLÁTTUR

50% AFSLÁTTUR

70% AFSLÁTTUR

**INTERSPORT AKUREYRI** / SÍMI 460 4891 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.
**INTERSPORT BÍLDSHÖFÐA** / SÍMI 585 7220 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 11 - 17. SUN. 13 - 17.
**INTERSPORT SELFOSSI** / SÍMI 480 4611 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.

SPORT TO THE PEOPLE

INTERSPORT®

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur




Hæg austlæg eða breytileg átt í dag og skúrir á víð og dreif, en þokuloft eða súld fyrir austan. Fremur hlýtt veður, einkum vestan til.

## Heimurinn

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannah. 16° | Oslo 23° | Stokkhólmur 23° | Gautaborg 16° | Helsinki 22° | Þórshöfn 13° | Nuuk 10° |
| London 22° | Amsterdam 22° | Paris 21° | Berlin 21° | Madrid 30° | Brussel 21° | Róm 26° |
| Boston 24° | New York 24° | Orlando 27° | Moskva 28° | Singapúr 26° | Tókýó 23° | Sydney 14° |




BYLGJAN 30 ÁRA 989

## Flóð & fjara

| Flóð | Fjara |
|---|---|
| **Reykjavík** | |
| **03.47** | **10.04** |
| 2,89m | 0,99m |
| **16.22** | **22.41** |
| 3,18m | 0,95m |
| **Akureyri** | |
| **07.56** | **01.59** |
| 1,11m | 0,58m |
| **20.20** | **13.54** |
| 1,30m | 0,56m |
| **Ísafjörður** | |
| **05.39** | **12.05** |
| 1,61m | 0,58m |
| **18.32** | **12.44** |
| 1,82m | 0,58m |

### Tunglstaða

Vaxandi

81%

Sólarupprás:

03.44

Sólarlag:

23.19

### Reykjavík

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 12° ↖7 | 14° ←5 | 14° ←3 | 12° ↑5 | 13° ↑5 |

### Ísafjörður

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 12° ↗7 | 13° ↙5 | 9° ↙6 | 12° ←4 | 12° ↗4 |

### Akureyri

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 14° →3 | 16° ↙5 | 14° ←4 | 13° ←3 | 14° ↘3 |

### Egilsstaðir

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 13° ↑6 | 12° ↖6 | 9° ↓5 | 8° ↓5 | 15° ↓3 |

### Kirkjubæjarklaustur

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 11° ←3 | 12° ←9 | 11° ←7 | 12° ↑2 | 16° ↑2 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




NJÓTUM
SUMARSINS
ALLAR BEYGLUR Á 399 KR. STK.
Rjómaostur
Sulta og rjómaostur
Kalkúnabringa
Lax og rjómaostur
Beikon, egg og ostur
Naut, skinka og BBQ
Kjúklingur og beikon
Hráskinka
Caprese-salat
Byrjaðu daginn á Dunkin' Donuts. Opið frá kl. 07–22 á Laugavegi og í Hagasmára. Opnunartíma í Kringlunni má finna á dunkindonuts.is.
Laugavegur 3
Kringlan
Hagasmári 9
DUNKIN' DONUTS



Bjarni Thor segir að saga óperunnar á Íslandi sé stutt en viðburðarík og margt skemmtilegt hafi á daga drifið.

## Vinsæl tónlist í 300 ár

**Bjarni Thor Kristinsson hefur sett saman söngdagskrá undir yfirskriftinni Óperugala þar sem áhorfendur kynnast perlum óperutónlistarinnar og sögu óperunnar á Íslandi í senn.**

Hvað eiga fuglaveiðimaður, ungversk greifynja, dauðadæmdur listmálari og vergjörn verkakona sameiginlegt? Jú, allt eru þetta persónur sem koma við sögu í óperugalasýningu í Hörpu á sunnudaginn. Bjarni Thor Kristinsson bassasöngvari hefur veg og vanda af dagskránni og hann segir að áætlaðir séu nokkrir slíkir tónleikar í sumar undir yfirskriftinni óperugala. „Þetta eru fjórir söngvarar og einn píanisti sem skauta í gegnum sögu óperuflutnings á Íslandi. Þetta eru fjórir einsöngvarar af yngri kynslóðinni, þau Lilja Guðmundsdóttir, Sigríður Ósk Kristjánsdóttir, Egill Árni Pálsson og Kristján Jóhannesson en Matthildur Anna Gísladóttir er við píanóið.

Söngvararnir syngja vel valda tónlist úr óperum, ekki síst svona nokkuð vel þekkta hittara ef svo má segja, en á sama tíma erum við að segja frá sögu óperunnar í Íslandi í máli og myndum. Þessi saga er reyndar ákaflega stutt á Íslandi, því þó svo að ópera hafi verið til í 500 ár þá nær þessi saga ekki hundrað árum hérlendis. Við vorum einfaldlega lengi vel bæði fátækt og fámennt samfélag sem hafði eðli málsins samkvæmt ekki kost á því að sinna slíkri listgrein. En ég ákvað samt að setja svona dagskrá saman vegna þess að það hefur engu að síður margt afar skemmtilegt gerst á þessum sjötíu til áttatíu árum eða svo.

Til þess að draga þessa sögu fram í dagsljósið þá sýnum við líka myndir og myndskeið úr sjónvarpsþáttum og við gætum þess að þetta sé aðgengilegt og aldrei langt í skemmtilegheitin. Þetta er eiginlega svona ópera 101 í leiðinni og því miklu meira en tilvalið fyrir þá sem vilja kynna sér óperulistina. Á sama tíma og þau eru að segja þessa sögu þá eru þau líka að spá í margt er varðar óperur eins og hvort útlitið skipti máli, hvernig söngvarar líta út, á hvaða tungumáli sé rétt að syngja, hvort ópera geti ekki allt eins gerst á Kópaskeri eins og á Spáni og þannig mætti áfram telja.“

Spurður hvort saga óperunnar á Íslandi sé raunasaga þá lætur Bjarni Thor sé nú lítið bregða. „Nei, ég mundi nú ekki segja það en það hefur gengið á ýmsu. En það sem hefur í raun alltaf verið erfiðast að eiga við á Íslandi varðandi óperu eru einkum fordómar. Það eru miklir fordómar hér gagnvart óperutónlist. En ef maður spáir í það þá eru vinsælustu óperurnar, eins og sumar þeirra sem við erum að syngja úr, uppfullar af tónlist sem er búin að vera vinsæl í þrjú hundruð ár og er flutt á hverjum einasta degi einhvers staðar úti í heimi. En samt virðist erfitt að telja landanum trú um hvað þetta er skemmtilegt og það þrátt fyrir það hvað við erum söngelsk þjóð og það er ákveðin mótsögn í því. Ég held að þetta sé bara fyrst og fremst það að við höfum ekki haft mikið af þessu í okkar umhverfi því við erum í raun mjög móttækileg. Við þurfum bara að byrja fyrr og láta það eftir okkur að njóta þessarar fallegu tónlistar.“ Tónleikarnir eru í Kaldalóni Hörpu á sunnudaginn kl. 16 og svo í þrjú skipti síðar í sumar eftir það. **– mg**

## Saga þjóðar eru sögur af lífsbaráttu venjulegs fólks

**BÆKUR**

**Þar sem fjórir vegir mætast**
★★★★☆

Tommi Kinnunen
**Þýðing:** Erla E. Völudóttir
**Útgefandi:** Bjartur
**Prentun:** Oddi
**Síðufjöldi:** 290
**Kápa:** Erlend Askhov/Askhov Design




„Þessar sögur áttu sér hvorki upphaf né endi og voru því eiginlega ekki almennilegar sögur. Til þess hefði hún þurft að segja þær oft áður, gleyma smám saman einhverjum smáatriðum úr þeim og finna önnur atriði úr öðrum sögum í staðinn, svo að þær mynduðu sem besta heild.“ Þetta litla brot úr finnsku skáldsögunni Þar sem fjórir vegir mætast eftir Tommi Kinnunen er í sjálfu sér ágætis lýsing á verkinu. Sögur Tommi Kinnunen eru þó almennilegar sögur af fólki og vel það og þær fléttast haganlega saman en þær eiga sér ekki endilega upphaf og endi umfram líf og dauða þeirra sem sagt er frá.

Þar sem fjórir vegir mætast er ákaflega sterk og áhrifarík ættarsaga en á sama tíma saga fólksins í Norður-Finnlandi á liðinni öld. Saga þjóðar eru ótal sögur af venjulegu fólki. Upphaf sögunnar í hinni sjálfstæðu og hugrökku ljósmóður Maríu er einkar fallegt og táknrænt fyrir erfiða fæðingu þjóðar sem segja má að hafi vaxið úr grasi og náð miklum þroska á liðinni öld. Þetta er þjóð sem María kom í heiminn. Sumir lifðu fæðinguna af en aðrir ekki en áfram hélt þjóðin að mótast og verða að því sem hún er með kostum sínum og göllum.

María er upphafspunktur ættarsögunnar og Kinnunen vinnur með afkomendur hennar og þá sem þeim tengjast fram eftir öldinni á áreynslulausan en í senn áhrifaríkan máta. Þó svo persónur séu að sumu leyti holdgervingar ákveðinna jaðarsettra eiginleika í finnsku samfélagi á hverjum tíma fyrir sig þá nær Kinnunen að skapa heildstæðar og sterkar persónur. Kannski ekki síst vegna breyskleika þeirra og ágalla sem gera þær svo óendanlega mannleg í heildrænni sögu af fólki sem ætlar sér stóra hluti en ekkert verður nokkurn tíma eins og það á að vera heldur eitthvað allt annað.

